



Stjórn frjálsíþróttaráðs HSK 2015.

frjálsíþróttamótum nema bikarkeppni fullorðinna innanhúss. Bikarkeppni fullorðinna utanhúss fór ekki fram vegna þess að of fá lið skráðu sig til keppni. Starfshópur er nú að störfum á vegum FRÍ við að endurskipuleggja Bikarkeppnina og á HSK einn fulltrúa í þeim starfshópi. Mjög góður árangur náðist hjá yngri flokkum á árinu. Við náðum að verja Íslandsmeistaratitil okkar innanhúss í flokki 11–14 ára og sömu sögu er að segja af MÍ utanhúss 11–14 ára þar sem við unnum glæsilegan sigur á heimavelli. Mesta spennan var þó án efa í Bikarkeppni 15 ára og yngri þar sem lið HSK endaði í öðru sæti með jafn mörg stig og sigurliðið. Í þessum yngri aldursflokkum er mikil breidd og fjölmargir þátttakendur en það er okkar verkefni að halda þessum efnilegu krökkum við efnið og eiga vonandi öflugan meistaraflokk eftir nokkur ár. Lið HSK/Selfoss vann einnig sigur á Meistaramóti öldunga utanhúss en okkar fólk vann hvorki meira né minna en 19 gullverðlaun á því móti. Það er gaman að sjá grósku í hópi eldri iðkenda enda er hægt að stunda frjálsar íþróttir ævina á enda ef heilsan leyfir.

Hér eru úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

MÍ unglunga innanhúss

7. sæti 4 Íslandsmeistaratitlar

MÍ fullorðinna innanhúss

7. sæti enginn Íslandsmeistarar.

MÍ 11–14 ára innanhúss

1. sæti 9 Íslandsmeistaratitlar

MÍ öldunga inni

7. sæti 3 Íslandsmeistaratitlar

Bikarkeppni yngri inni

4. sæti 1 bikarmeistaratitill

MÍ fullorðinna úti

5. sæti 2 Íslandsmeistaratitlar

MÍ öldunga úti

1. sæti 22 Íslandsmeistaratitlar

MÍ unglunga úti

4. sæti 10 Íslandsmeistaratitlar

MÍ 11–14 ára úti

1. sæti 19 Íslandsmeistaratitlar

Bikarkeppni yngri úti

2. sæti 3 bikarmeistaratitlar

Samtals voru 159 HSK met sett á síðasta

ári og eru það fleiri met en árið 2014. Fatlaðir settu 12 met, keppendur á aldrinum 11–22 ára settu 81 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu 6 met og keppendur í öldungaflokkum settu 60 met.

Ólafur Guðmundsson, Umf. Selfoss, setti flest HSK met á árinu. Samtals setti hann 24 met í flokki 45–49 ára karla og var hluti þeirra einnig Íslandsmet í hans aldursflokki. Næst kom Hákon Birkir Grétarsson, Umf. Selfoss, 13 ára, en hann setti samtals 16 met, þar af voru fimm boðhlaupsmet sem hann setti með félögum sínum. Hákon Setti jafnframt Íslandsmet í flokki pilta 13 ára í 100m grindahlaupi. Ástþór Jón Tryggvason, Umf. Selfoss, sem keppti í 16–17 ára flokki, setti 14 met og fjögur þeirra voru í boðhlaupum. Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, setti flest HSK met fatlaðra á árinu, eða 11 talsins, mörg þeirra voru einnig Íslandsmet. Thelma Björk Einarsdóttir, Umf. Selfoss, og keppandi í 18–19 ára flokki setti flest met í kvenna- og stúlknaflokkum, en hún setti átta HSK met. Kristinn Þór Kristinsson, Umf. Samhygd, setti flest HSK met í fullorðinsflokki, eða samtals fimm met. Í lok árs voru gerð drög að metaskrá fatlaðra í frjálsum íþróttum og það verður góð viðbót við núverandi metaskrá.

FRÍ tilkynnti um nýjan landsliðshóp á árinu og átti HSK tvo einstaklinga í hópnum, þau Kristinn Þór Kristinsson, Umf. Samhygd, og Agnes Erlingsdóttir, Umf. Laugdælum. Þau voru í keppnisliði Íslands á Smáþjóðaleikunum sem fóru fram á Laugardalsvelli í júní. Auk þeirra áttu Fjöla Signý Hannesdóttir, Umf. Selfoss, og Styrmir Dan Steinunnarson, Umf. Þór sæti, í liði Íslands. Kristinn Þór keppti í 800m og 1500m hlaupum á mótinu og náði verðlaunasæti í báðum hlaupum. Í 800m hlaupinu náði hann 3. sæti á tímanum 1:58,94 mín en í 1500m hlaupinu varð hann í 2. sæti á tímanum 3:52,91 mín sem var persónulegt met. Styrmir Dan stökk 1,95m í hástökki og endaði í 7. sæti. Fjöla Signý keppti í 100m grindahlaupi og hljóp á tímanum 15,25 sek sem gaf henni 5. sæti. Agnes varð 4. í 400m grindahlaupi á tímanum 65,01sek. Flottur árangur hjá okkar



Kristinn Þór Kristinsson keppti á Smáþjóðaleikunum.

keppendum á þessu móti sem var stærsta verkefni FRÍ á árinu.

Kristinn Þór var auk þess í liði Íslands í Evrópukeppni landsliða sem fram fór í Zagora í Búlgariu. Hann keppti þar í 800m og 1500m hlaupum. Í 800m hlaupinu náði Kristinn 5. sæti á tímanum 1:51,91 mín og í 1500m hlaupinu náði hann 6. sæti á 3:55,71 mín. Kristinn keppti einnig ásamt þremur öðrum einstaklingum úr landsliðshópi FRÍ á Áskorendamóti Norðurlandanna í Bærum í Noregi þann 14. febrúar. Aðeins þeir sem náð höfðu tilteknu árangursviðmiði fengu tækifæri til að keppa á mótinu en ekki var um eiginlega landsliðsferð að ræða þrátt fyrir að FRÍ hafi skipulagt þátttökuna. Kristinn keppti í 800m hlaupi og náði tímanum 1:51,74 mín.

Styrmi Dan var einnig boðið að taka þátt á Ólympíumóti æskunnar sem fram fór í Georgíu í ágúst. Ferðin var samstarfsverkefni ÍSÍ og FRÍ og var 6 íslenskum ungmennum boðið að keppa í frjálsum íþróttum. Styrmir keppti í hástökki á mótinu og stökk 1,84 m, en náði sér ekki á strik í spjótkastinu og kastaði 46,24 m. Þessi ferð Styrmis fer beint í reynslubankann en mjög dýrmætt er að fá tækifæri til að keppa við framandi aðstæður á erlendum vettvangi. Okkar fólk tók þátt í fleiri stórum mótum á erlendri grundu á eigin vegum en þeim verður ekki gerð skil hér í þessari skýrslu.

Frjálsíþróttamaður ársins 2015 var valinn af Frjálsíþróttaráði og er það Kristinn Þór Kristinsson. Kristinn Þór, Ungmennafélaginu Samhygd, hefur á undanföllum árum lagt markvisst stund á æfingar og keppni sem



Keppnislið HSK/Selfoss á MÍ 15-22 ára utanhúss.

miða að því að bæta árangur hans í 400m, 800m og 1500m hlaupum, en 800m eru hans aðalgrein. Kristinn hefur bætti árangur sinn á hverju ári og er í dag einn besti millivegalengda hlaupari landsins. Kristinn Þór hefur unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga á árinu 2015. Kristinn Þór er mjög samviskusamur, æfir vel og leggur mikinn metnað í að ná árangri í sinni íþrótt og verður forvitnilegt að fylgjast með honum á komandi árum.

Mót á vegum HSK 2014

Á árinu voru haldin 11 mót á vegum frjálsíþróttaráðs HSK. Stærsta mót ársins var MÍ 11–14 ára sem haldið var á Selfossi. Mótahaldið krefst mikillar vinnu og það er hryggjarstykkið í starfsemi ráðsins ár hvert. Hér að neðan verður farið yfir þessi mót:

Aldursflokkamót HSK 11–14 ára innanhúss

Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika laugardaginn 10. janúar. Lið frá 11 félögum mættu til leiks og voru keppendur 100 talsins á mótinu. Nýja frjálsíþróttahöllin iðaði því bókstaflega af lífi á meðan Sunnlendingar öttu kappi í hinum ýmsu keppnisgreinum frjálsra íþrótta. Stigakeppni félaga fór þannig að Umf. Selfoss sigraði á mótinu með 344 stig. Í öðru sæti varð Umf. Hrunamanna með 175,5 stig og í þriðja sæti varð Umf. Þór með 85,5 stig. Aðstæður í Kaplakrika voru hinar bestu á mótinu og er Frjálsíþróttadeild FH færðar góðar þakkir fyrir alla þeirra hjálpu.

Unglingamót HSK innanhúss

Unglingamót HSK fór fram samhliða Aldursflokkamóti HSK í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika 10. janúar. Níu lið sendu keppendur til leiks og voru 45 keppendur skráðir á mótið sem er lítillæg fjölgun frá síðasta ári. Umf. Selfoss náði að endurheimta efsta sæti stigakeppninnar að nýju eftir að hafa misst titilinn til Umf. Þórs árið 2013. Selfoss fékk 256 stig að þessu sinni en í öðru sæti varð íþróttafélagið Garpur með 123 stig.

Umf. Þór náði svo þriðja sætinu með 69 stig. Skemmtilegt mót en gaman hefði verið að sjá fleiri þátttakendur í elstu aldursflokkinum.

Héraðsmót fullorðinna innanhúss

Héraðsmót HSK var haldið mánudagskvöldin 12. og 19. janúar í Kaplakrika. Umf. Selfoss vann stigakeppnina með 187 stig en Umf. Þór varð í öðru sæti með 89 stig. Í þriðja sæti varð lið Dimonar með 49 stig. Aðeins 27 keppendur voru á mótinu og hefðu gjarnan mátt vera fleiri. Það sem fréttæmast var af mótinu var að Ólafur Guðmundsson setti met í að setja met en á fyrri keppnisdegi tókst honum að setja 11 HSK met í sínum aldursflokki og það verður að teljast vel að verki staðið.

Héraðsleikar HSK innanhúss

Um 150 krakkar, 10 ára og yngri, tóku þátt í Héraðsleikum HSK í frjálsíþróttum, sem haldnir voru í íþróttahúsinu á Hvolsvelli 7. mars. Keppt var í svokallaðri þrautabraut hjá 8 ára og yngri og 9 og 10 ára kepptu í hefðbundnum greinum. Móthaldið gekk vel, þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda og allir skemmtu sér hið besta. Allir fengu jafna viðurkenningu fyrir þátttökuna. Foreldrar fjölmenntu og aðstoðuðu við framkvæmd mótsins.

Vormót HSK

Margir af sterkustu frjálsíþróttamönnum landsins voru saman komnir á Vormóti HSK sem fram fór á Selfossvelli 16. maí í þurru en köldu veðri. Okkar fólk í HSK stóð sig vel á mótinu og fimm gullverðlaun enduðu heima í héraði. Styrmir Dan Steinunnarson, Umf. Þór, sigraði í hástökki karla með stökk upp á 1,85 m. Hann fékk einnig gullverðlaun í 110 m grindahlaupi þar sem hann var eini keppandinn. Þrátt fyrir að hlaupa einn bætti hann sinn besta árangur í greininni og hljóp á 18,31 sek. Kristinn Þór Kristinsson, Umf. Samhyggð, sigraði í 400 m hlaupi karla á 52,05 sek. Í sleggjukasti karla keppti Þorbergur Magnússon, Umf. Þór, einn og sigraði með kast upp á 27,06 m. Fjöla Signý Hannesdóttir,



Stigahæstu keppendur héraðsmóts fullorðinna.

Umf. Selfoss, sigraði í 100 m grindahlaupi kvenna á 15,36 sek.

Samhliða vormótinu fór fram MÍ í 5 km hlaupi kvenna og 10 km hlaupi karla á braut. Keppnin í karlahlaupinu féll niður þar sem enginn keppandi tók þátt en þrjár konur hlupu 5000 m hlaupið. Anna Berglind Pálmadóttir úr UFA sigraði í hlaupinu á 18:57,43 mín.

Héraðsleikar HSK utanhúss

Alls mættu 66 krakkar á aldrinum 5 til 10 ára til leiks á Héraðsleika HSK í frjálsum íþróttum sem fóru fram í Þorlákshöfn sunnudaginn 14. júní. Mótið var hluti af Íþróttahátíð HSK, sem nú var haldin í 30. sinn. Veðrið lék við keppendur sem sýndu öll góða takta. Að móti loknu fengu allir þátttakendur verðlaunapening fyrir þátttökuna í anda stefnu ÍSÍ.

Aldursflokkamót HSK

Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í Þorlákshöfn 14. júní. Til leiks voru skráðir rúmlega 70 einstaklingar frá 9 félögum en keppendur voru á aldrinum 11–14 ára. Aðstæður í Þorlákshöfn voru eins og best verður á kosið og góður árangur náðist. Í heildarstigakeppni mótsins sigraði Umf. Selfoss örugglega með 430 stig. Í öðru sæti var Umf. Þór með 135 stig og í þriðja sæti varð Umf. Hrunamanna með 111 stig.

Héraðsmót HSK utanhúss

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram dagana 22. og 23. júní. Til leiks voru skráðir 60 keppendur frá 8 félögum af HSK svæðinu. Einnig tóku þátt gestir frá Ármanni og Breiðablik. Umf. Selfoss sigraði með yfirburðum á mótinu og fengu 215 stig. Jöfn að stigum í öðru og þriðja sæti urðu Umf. Þór í Þorlákshöfn og Garpur en hvort lið fékk 86 stig. Á mótinu voru einnig veitt sérverðlaun fyrir stigahæsta karl og stigahæstu konu mótsins. Stigahæsta konan varð landsliðskonan Fjöla Signý Hannesdóttir, Umf. Selfoss, með 36 stig og stigahæsti karl varð nýliðinn Sverrir Heiðar Davíðsson, Umf.



12 ára stelpur með bikarinn fyrir flest stig á MÍ 11-14 ára á Selfossi.

Selfoss, sem var að keppa á sínu fyrsta móti og uppskar 29 stig. Þrír keppendur hlupu hið fræga Jónshlaup og Ástþór Jón Tryggvason, Umf. Selfoss, hafði sigur á tímanum 18:50,63 mín.

Héraðsmót fatlaðra

Samhliða héraðsmótið fór fram Héraðsmót fatlaðra í frjálsum íþróttum en þar mættu fimm keppendur til leiks, allir í kvennaflokki. Keppnisgreinar á mótinu voru kúluvarp, kringlukast, langstökk og 200 m hlaup.

Unglingamót HSK utanhúss

Unglingamótið fór fram á Selfossvelli 21. júlí. Um 50 keppendur voru skráðir til leiks, helmingi fleiri en í fyrra, og komu keppendur frá 7 félögum innan HSK. Selfyssingar unnu stigakeppnina með nokkrum yfirburðum en þeir hlutu samtals 261 stig. Í öðru sæti var lið Garps með 191,5 stig og Dímon varð í þriðja sæti með 94 stig. Góður árangur náðist í nokkrum greinum og einhverjir keppendur voru að bæta sinn besta árangur.

Meistaramót Íslands 11–14 ára

Stærsta verkefni frjálsíþróttaráðs á árinu var án efa að halda MÍ 11–22 ára á Selfossvelli dagana 27.–28. júní. Á Haustfundi Frjálsíþróttaráðs HSK árið 2014 var sett saman sérstök meistaramótsnefnd sem átti að halda utan um undirbúning mótsins. Í nefndinni sátu auk formanns frjálsíþróttaráðs, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, Helgi Haraldsson, Umf. Selfoss, Silja Dögg Jensdóttir, Umf. Þór og Þuríður Ingvarsdóttir, Umf. Selfoss. Þeim er hér með þakkað fyrir frábært starf í aðdraganda mótsins og mótsdagana. Undirbúningsnefndin fundaði sjö sinnum og skipti með sér þeim fjölmörgu verkefnum sem þurfti að vinna.

Snemma var ákveðið að gera aðildarfélögum Frjálsíþróttaráðs kleift að nýta mótið sem fjáröflun á sama hátt og gert var á síðustu Landsmótum UMFÍ sem haldin hafa

verið á svæðinu. Hagnaður mótsins skildi skiptast niður á félögin eftir unnum vinnustundum sjálfbóðaliða frá félögunum. Þetta fyrirkomulag auðveldaði öflun sjálfbóðaliða til muna en sjálfbóðaliðar á mótinu voru 82 talsins. Þeir unnu samanlagt 840,9 klst. og gaf hver klukkustund af sér 838,92 kr. Upphaflega ætlaði Frjálsíþróttaráð að taka til sín 80% af hagnaði mótsins en þar sem keppendur voru færri en gert var ráð fyrir í upphafi og hagnaðurinn minni var ákveðið að ráðið tæki aðeins til sín pening fyrir þær unnu vinnustundir sem voru ánaðnar því sérstaklega.

Undirbúningur mótsins fól ekki aðeins í sér undirbúning frjálsíþróttakeppninnar heldur var ákveðið að bjóða keppendum og fararstjórum upp á veglegan gistipakka á mótinu. Keppendur fengu að gista í Vallaskóla og innifalið í gistingunni var morgunverður og heitur kvöldverður á laugardagskvöldinu. Í samvinnu við

Sveitarfélagið Árborg var svo keppendum boðið í sundlaugapartí í Sundhöll Selfoss á laugardagskvöldinu til þess að gera félagslífinu hátt undir höfði á mótinu. Þeir sem nýttu sér þennan pakka voru mjög ánægðir með hvernig til tókst og gaman hefði verið ef fleiri keppendur hefðu valið þennan möguleika í stað þess að keyra til síns heima milli keppnisdaga. Öll umsjón þessa þátta var í höndum sjálfbóðaliðanna okkar s.s. eldamennska, gæsla í skólanum og upphvottur. Einnig var sjoppa á íþróttavellinum á vegum ráðsins og þar var hagnaðurinn ágætur.

Keppnin sjálf fór mjög vel fram og 244 keppendur voru skráðir til leiks. HSK/Selfoss sigraði heildarstigakeppnina með yfirburðum og hlaut 1169,5 stig. Í öðru sæti var lið UFA með 492 stig og í þriðja sæti FH með 405 stig. Glæsilegur árangur náðist og keppendur náðu 277 persónulegum bætingum auk þess sem þrjú Íslandsmet voru slegin. Það má með sanni segja að mótið hafi verið enn ein rósín í hnappagatið hjá HSK, bæði hvað varðar framgang krakkana okkar og sjálfbóðaliðanna. Þess má geta að frjálsíþróttaráð lét útbúa boli á allt keppnisliðið og fékk til þess styrk frá Orkusölnunni, Vélsmiðju Ingvars Guðna, Laugarvatni Fontana og Rafhönnun og ráðgjöf.

Öll frekari úrslit móta má sjá á síðunni www.fri.is. Á öllum þessum mótum hjálpuðust félögin innan ráðsins að við að útvega starfsmenn, enda er það allra hagur að mótin gangi sem best fyrir sig, hvort sem um er að ræða mót í yngri flokkum eða fullorðinna. Starfsmannamál gengu mun betur nú heldur en árið áður og það er óskandi að vöntun á starfsmönnum heyri til undantekninga árið 2016. Fyrir hönd frjálsíþróttaráðs HSK vil ég þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað okkur á einn eða annan hátt á árinu kærlega fyrir stuðninginn.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður



Sigurlið Selfoss á héraðsmóti innanhúss.



Glimuráð HSK

Stjórn glímuráðs HSK skipuðu: Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Samhygð. Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi. Ritari/varaform.: Guðrún Inga Helgadóttir, Umf. Vöku. Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi, Smári Þorsteinsson, Umf. Biskupstungna.

Glíman átti vissan sess í starfi HSK árið 2015 eins og hún hefur gert allt frá stofnun Skarphéðins. Glimuráð HSK hélt þrjú mót á héraðsvísu ásamt því að senda keppendur til leiks á mót Glimusambandsins. Glimufólk úr röðum HSK hélt einnig sínu striki hvað varðar iðkun kelteskra þjóðlegra fangbragða og hélt í nokkrar utanferðir í þeim erindum.

Alls iðkuðu 179 glímu á HSK svæðinu samkvæmt starfsskýrslum ÍSí árið 2015. Af þeim hóp tóku 118 þátt í keppni og þar af tóku 35 þátt í keppni á mótum Glimusambandsins.

Aðalfundur glímuráðs HSK fór fram í Selinu á Selfossi 11. mars. Þrjú félög sendu alls níu fulltrúa á fundinn þar sem farið var yfir starf ráðsins árið 2014 og línur lagðar með mótahald og annað starf. Hagnaður var af rekstri ráðsins og er lausafjárstaða þess góð. Í stjórn voru kosin Stefán Geirsson formaður, Guðni Sighvatsson gjaldkeri, Guðrún Inga Helgadóttir ritari og varaformaður og varamenn voru kosnir þau Jana Lind Ellertsdóttir og Smári Þorsteinsson. Meðal þess sem bar á góma á fundinum var að Glimuráðið tæki að sér glímukynningar í skólum á svæðinu, búninga- og beltakaup og styrkveitingar til utanlandsferða.

Ólafur Oddur Sigurðsson Umf. Laugdælum var endurkjörin formaður Glimusambandsins á ársþingi GLÍ auk þess sem hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri GLÍ síðan 1. janúar 2009. Kjartan Lárusson var endurkjörin formaður Glimudómarafélags Íslands á ársfundi þess.

Glimusýningar

Fimmtudagskvöldið 30. apríl 2015 sýndi þau Guðrún Inga Helgadóttir, Hanna Kristín Ólafsdóttir, Guðni Elvar Björnsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson glímu fyrir rúmlega 70 manna hóp skandinavískra eldri borgara á Hótel Örk í Hveragerði. Stefán Geirsson stýrði sýningunni og Gunnar Þorláksson flutti erindi um glímuíþróttina á dönsku auk þess að skýra atburðarás sýningarinnar fyrir áhorfendum.

Glimuþjálfaranámskeið

Glimusamband Íslands stóð fyrir glímuþjálfaranámskeiði í Reykjavík 13.-14. nóvember 2015. Á námskeiðinu fór bæði fram bókleg og verkleg kennsla undir handleiðslu Ólafs Odds Sigurðssonar og Guðmundar Stefáns Gunnarssonar. Alls luku 13 manns námskeiðinu og þar af fjórar glímukonur úr HSK: Guðrún Inga Helgadóttir, Hanna Kristín Ólafsdóttir, Jana Lind Ellertsdóttir og Marín Laufey Davíðsdóttir.



Sigurlið HSK á MÍ í glímu 15 ára og yngri.

Erlend samskipti

Glimusambandið stóð fyrir þremur keppnisferðum til Frakklands, Skotlands og Englands árið 2015. HSK sendi liðsmenn sína í tvær þessara ferða en ferðir þessar eru skipulagðar af utanríkis- og landsliðsnefnd GLÍ undir forystu og fararstjórn Ólafs Odds Sigurðssonar.

30. júlí til 3. ágúst hélt 14 manna hópur í keppnis- og æfingaferð til Skotlands. Þar af voru fjögur ungmenni úr röðum HSK, þau Guðni Elvar Björnsson, Guðrún Inga Helgadóttir, Hanna Kristín Ólafsdóttir og Jana Lind Ellertsdóttir. Hópurinn æfði backhold og gouren ásamt innfæddum og Bretónum auk þess að kenna þeim glímu. Einnig var keppt á hálendaleikunum Bridge of Allan þar sem okkar fólk hafnaði í verðlaunasætum í backhold og m.a. sigraði Guðrún Inga Helgadóttir í -52 kg flokki kvenna.

25.-30. ágúst hélt síðan sjö manna hópur á vegum GLÍ til Skotlands og Englands í stranga keppnisferð í backhold þar sem keppt var á sex mótum á jafnmörgum dögum. Marín Laufey Davíðsdóttir var meðal þátttakenda og stóð sig með mikilli þrýði, hafnaði í verðlaunasæti nánast á öllum mótunum og vakti það sérstaka athygli að hún náði inn í undanúrslit í -85 kg flokki karla á stærstu hálendaleikum Skotlands ár hvert, The Cowal Gathering.

Mót á vegum HSK

Grunnskólámót HSK 2015

Grunskólámót HSK 2015 fór fram miðvikudaginn 4. febrúar í íþróttahúsinu á Hvolsvelli. Keppni hófst kl. 11:00 og til leiks mættu 72 þátttakendur frá fjórum grunnskólum á sambandsvæði HSK. Glimt var á fjórum dýnlögðum völlum samtímis. Mótsstjóri var Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og dómara og annað starfsfólk mótsins komu úr röðum HSK.

5. bekkur stelpna

1. María Indriðadóttir, Hvolsskóla

5. bekkur stráka

1. Sindri Sigurjónsson, Hvolsskóla

6. bekkur stelpna

1. Sunna Lind Sigurjónsdóttir, Hvolsskóla

6. bekkur stráka

1. Ólafur Magni Jónsson, Bláskógaskóla

7. bekkur stúlkna

1. Svala Valborg Fannarsdóttir, Hvolsskóla

7. bekkur stráka

1. Karl Jóhann Einarsson, Bláskógaskóla

8. bekkur stúlkna

1. Rósa Kristín Jóhannesdóttir, Bláskógaskóla

8. bekkur drengja

1. Sindri Ingvarsson, Hvolsskóla

9. bekkur stúlkna

1.-3. Jana Lind Ellertsdóttir, Laugalandsskóla

1.-3. Laufey Ósk Jónsdóttir, Bláskógaskóla

1.-3. Sigríður M. Kjartansdóttir, Bláskógask.

9. bekkur drengja

1. Gústaf Sæland, Bláskógaskóla

10. bekkur stúlkna

1. Annika Rut Arnarsdóttir, Laugalandsskóla

10. bekkur drengja

1. Eiður Helgi Benediktsson, Laugalandssk.

Stigakeppni skóla

Stigakeppni skóla er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

5.-7. bekkur stráka

stig

1. Hvolsskóli

20

2. Bláskógaskóli

18,5

3. Laugalandsskóli

8

4. Flóaskóli

1,5

5. - 7. bekkur stelpna

stig

1. Hvolsskóli

23

2. Laugalandsskóli

9,5

3. Bláskógaskóli

4

8.-10. bekkur drengja

stig

1. Hvolsskóli

19

2. Laugalandsskóli

15

3. Bláskógaskóli

11



8.-10. bekkur stúlkna	stig
1. Laugalandsskóli	19,5
2. Bláskógaskóli	19
3. Hvolsskóli	12,5

Héraðsglíma HSK 2015

Héraðsglíma HSK fór fram í íþróttahúsinu í Reykholti í Biskupstungum fimmtudaginn 26. febrúar. Keppni hófst kl 17:00 í flokkum fullorðinna og unglunga en síðan hófst keppni í barnaflokkum. Alls komu 42 keppendur til leiks frá fimm félögum á HSK svæðinu. Dómarar og ritarar komu úr röðum Skarphéðinsmanna og eru þeim þökkúð góð störf.

Nú var glímt um Skarphéðinsskjöldinn í 91. sinn og Bergþórusskjöldinn í 14. sinn. Í Skjaldarglímu Skarphéðins sigraði Stefán Geirsson Þjótanda í 11. skipti en enginn hefur unnið skjöldinn oftar frá því að fyrst var keppt um hann 1910. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir Umf. Biskupstungna sigraði í Skjaldarglímu Bergþóru en þetta var í fyrsta skipti sem hún hampaði Bergþóruskildinum.

Skjaldarglíma Skarphéðins

1. Stefán Geirsson, Þjótanda

Skjaldarglíma Bergþóru

1. Brynhildur H. Sigurjónsdóttir, Umf. Bisk.

Unglingar 17-20 ára

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þjótanda

16 ára strákar

1. Marínó Rafn Pálsson, Dímon

15 ára strákar

1. Guðstaf Sæland, Umf. Bisk.

15 ára stelpur

1. Sigríður M. Kristjánsdóttir, Umf. Bisk.

14 ára strákar

1. Sölvi Freyr Jónasson, Umf. Bisk.

14 ára stelpur

1. Rósa Kristín Jóhannesdóttir, Umf. Bisk.

13 ára strákar

1. Kristján Bjarni Indriðason, Dímon

13 ára stelpur

1. Svala Valborg Fannarsdóttir, Dímon

12 ára strákar

1. Ólafur Magni Jónsson, Umf. Bisk.

12 ára stelpur

1. Sunna Lind Sigurjónsdóttir, Dímon

11 ára og yngri strákar

1. Christian Dagur Kristinsson, Garpi

11 ára og yngri stelpur

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Garpi

Stigakeppnin:

Stigakeppni félaga er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

Karlar 20 ára og eldri:

1.	Þjótandi	11 stig
2.	Umf. Bisk.	4

Konur 17 ára og eldri:

1.	Umf. Bisk.	15 stig
----	------------	---------



Stefán Geirsson við upphaf Íslandsglímu 2015.

Drengir 19 ára og yngri:

1.	Dímon	61 stig
2.	Umf. Bisk.	35 -
3.	Garpur	10 -
4.	Þjótandi	6 -

Stúlkur 16 ára og yngri:

1.	Dímon	50 stig
2.	Umf. Bisk.	17 -
3.	Garpur	11 -
4.	Umf. Laugdæla	4 -

Fjórðungsglíma Suðurlands 2015

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram á Hvolsvelli laugardaginn 21. nóvember. Keppt var á tveimur dýnlögðum völlum í flokkum 10 ára og yngri, 11, 12, 13, 14 og 15 ára en fullorðinsflokkar 16 ára og eldri kepptu á gólfi. Keppni í barna- og unglingaflokkum hófst kl. 10:30 og keppni fullorðinna að lokinni keppni í yngri flokkum. Keppni í kvennaflokki féll niður vegna forfalla. Alls sendu fjögur félög 27 keppendur til leiks en rétt til þátttöku eiga allir félagar íþrótt- og ungmennafélaga á svæðinu frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni að Reykjavík undanskilinni. Á mótinu var vígður til notkunar nýr dýnuvöllur til glímuíðkunar sem Íþf. Dímon festi nýverið kaup á.

Karlar 16 ára og eldri

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þjótanda

Stúlkur 15 ára

1. Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi

Piltar 14-15 ára

1. Halldór Matthías Ingvarsson, Njarðvík

Stúlkur 13 ára

1.-2. Birgitta Jónsdóttir, Dímon

1.-2. Kolbrá Lóa Ágústsdóttir, Dímon

Stúlkur 12 ára

1. Sunna Sigurjónsdóttir, Dímon

Strákar 12 ára

1. Sigurður S. Ásberg Sigurjónsson, Bisk.

Stelpur 11 ára

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Garpi

Strákar 11 ára og yngri

1.-2. Christian Dagur Kristinsson, Garpi

1.-2. Sindri Sigurjónsson, Dímon

Stúlkur 10 ára og yngri

1. Þóra Guðrún Tómasdóttir, Dímon

Árangur Skarphéðinsmanna á mótum GLÍ

Bikarglíma Íslands 2015

43. Bikarglíma Íslands fór fram 17. janúar í Íþróttahúsi Kennaraháskólans í Reykjavík. Góð þátttaka var í mótinu og mikið um skemmtilegar glímur.

Unglingaflokkur -80 kg

6. Guðni Elvar Björnsson

Unglingaflokkur +80 kg

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson

2. Guðni Elvar Björnsson

Konur -65 kg

1. Guðrún Inga Helgadóttir

2. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur +65 kg

2. Marín Laufey Davíðsdóttir

4. Hanna Kristín Ólafsdóttir

Karlar +90 kg

3. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

4.-5. Guðrún Inga Helgadóttir

4.-5. Hanna Kristín Ólafsdóttir

Íslandsmót í backhold

Íslandsmótið í backhold fór fram 17. janúar í sal Júdódeildar Umf. Njarðvíkur.

Unglingaflokkur -80 kg

7.-8. Valdimar Sveinsson

Unglingaflokkur +80 kg

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Konur -65 kg

2. Guðrún Inga Helgadóttir

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

4. Hanna Kristín Ólafsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

3. umferð í meistaramótaröð GLÍ 2014-2015

Mótið fór fram 7. mars í íþróttahúsi Kennaraháskólans í Reykjavík.

Unglingaflokkur -80 kg

4. Guðni Elvar Björnsson

Unglingaflokkur +80 kg

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson

2. Guðni Elvar Björnsson

Konur -65 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

2. Guðrún Inga Helgadóttir

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Karlar +90 kg

3. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Konur opinn flokkur

2. Marín Laufey Davíðsdóttir

3. Guðrún Inga Helgadóttir

**Úrslit í Meistaramóti Íslands 2014–2015**

Unglingaflokkur -80 kg	Stig	Samtals
4. Guðni Elvar Björnsson	1+3	4

Unglingaflokkur +80 kg

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson	6+6	12
2. Guðni Elvar Björnsson	5+5	10

Konur -65 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir	6+5+6	17
2. Guðrún Inga Helgadóttir	5+6+5	16

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir	6+5+6	17
4. Hanna Kristín Ólafsdóttir	3+3	6

Karlar +90 kg

4. Jón Gunnþór Þorsteinsson	4+4	8
-----------------------------	-----	---

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir	6+6+5	17
3. Guðrún Inga Helgadóttir	2,5+2,5+4	9
5. Hanna Kristín Ólafsdóttir	2,5+2,5	5

Stigakeppni félaga

Unglingar	Stig
1. HSK	26

Konur

1. HSK	87
--------	----

Karlar

6. HSK	8
--------	---

Heildarstigakeppni félaga

1. HSK	121
--------	-----

Grunnskólámót GLÍ 2015

Grunnskólámót GLÍ fór fram í íþróttahúsinu á Reyðarfirði 11. apríl í 5.-6. bekk stráka og stúlkna flokkum. Seinni hluti mótsins fór fram í Njarðvík 23. apríl og þá var keppt í 7.-10. bekk stráka. Grunnskólameistarar úr röðum HSK urðu:

5. bekkur stúlkur

1. Aldís F. Kristjánsdóttir, Laugalandsskóla
--

5. bekkur stráka

1.-2. Sindri Sigurjónsson, Hvolsskóla
1.-2. Christian D. Kristinsson, Laugalandssk.

6. bekkur stúlkur

1. Sunna Lind Sigurjónsdóttir, Hvolsskóla

6. bekkur stráka, stærri.

1. Ólafur Magni Jónsson, Bláskógaskóla
--

7. bekkur stráka

1. Kristján Bjarni Indriðason, Hvolsskóla

9. bekkur stráka

1. Smári Valur Guðmarsson, Laugalandsskóla
--

Sveitaglíma Íslands 16 ára og yngri

Sveitaglíma Íslands 16 ára og yngri fór fram í íþróttahúsinu á Reyðarfirði 11. apríl í flokkum stráka 10-11 ára og stúlknaflokkum 10-11 ára og 12-13 ára. Seinni hluti mótsins fór fram í Njarðvík 23. apríl og þá var keppt í flokki 15-16 ára stráka. Árangur sveita HSK varð eftirfarandi:

Stelpur 10–11 ára

1. HSK

Strákar 10–11 ára

1. HSK-A
2. HSK-B

Stelpur 12–13 ára

2. HSK

Strákar -16 ára

1. HSK



Sigurlið Hvolsskóla í 5. - 7. bekk stúlkna á Grunnskólámóti HSK.

Íslandsglíman 2015

Hundraðasta og fimmta Íslandsglíman fór fram í íþróttahúsinu á Reyðarfirði 11. apríl. Keppnin var jöfn og skemmtileg og fylgdust margir áhorfendur með. Í glímunni um Grettisbeltið sigraði Sindri Freyr Jónsson KR og í glímunni um Freyjumenið sigraði Eva Dögg Jóhannsdóttir UÍA. HSK átti tvo keppendur í Íslandsglímunni að þessu sinni og varð árangur þeirra eftirfarandi:

Glíman um Grettisbeltið

5. Stefán Geirsson, HSK

Glíman um Freyjumenið

4. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir, HSK
--

1. umferð í meistaramótaröð GLÍ 2015-2016

Fór fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans 10. október.

Konur -65 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir
2. Guðrún Inga Helgadóttir

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir
5. Guðrún Inga Helgadóttir

2. umferð í meistaramótaröð GLÍ 2015-2016

Fór fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans 14. nóvember.

Unglingar +80 kg

1. Guðni Elvar Björnsson

Konur -65 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir
2. Guðrún Inga Helgadóttir

Konur +65 kg

2. Marín Laufey Davíðsdóttir

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri

Fór fram í Njarðvík 24. október 2015.

Íslandsmeistarar úr röðum HSK urðu eftirfarandi:

Stelpur 10 ára

1. Svanhvit Stella Þorvaldsdóttir, HSK
--

Strákar 10 ára

1. Ísak Guðnason, HSK

Stelpur 11 ára

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, HSK

Strákar 11 ára, minni

1.-2. Christian Dagur Kristinsson, HSK
--

1.-2. Sindri Sigurjónsson, HSK

Stúlkur 12 ára

1.-2. Katrín Dilljá Vignisdóttir, HSK
1.-2. Mónica Margrét Pétursdóttir, HSK

Strákar 12 ára, minni

1. Sigurður Sævar Ásberg Sigurjónss., HSK

Strákar 12 ára, stærri

1. Ólafur Magni Jónsson, HSK

Stúlkur 13 ára

1. Kolbrá Lóa Ágústsdóttir, HSK

Stúlkur 15 ára

1. Jana Lind Ellertsdóttir, HSK

Stigakeppni félaga

1. HSK	101,5 stig.
--------	-------------

Unglingalandsmót UMFÍ 2015

Glimukeppni Unglingalandsmót UMFÍ var haldin á Akureyri 1. ágúst á gervigrasi í knattspyrnuhöllinni Boganum. Alls tóku 38 keppendur þátt og þar af 16 úr Skarphéðismenn. Unglingalandsmótsmeistarar úr röðum HSK urðu eftirfarandi:

Strákar 12 ára

1. Ólafur Magni Jónsson, HSK

Strákar 13 ára

1.-2. Finnur Þór Guðmundsson, HSK

Strákar 15 ára

1. Gústaf Sæland, HSK

Stelpur 15 ára

1. Sigríður Magnea Kjartansdóttir, HSK
--

Stelpur 16 ára

1. Rakel Ósk Jóhannsdóttir, HSK



Keppendur HSK á meistaramótsröðinni í glímu.

Staða HSK fólks á styrkleikalista GLÍ 31. desember 2015

Karlar

9. Stefán Geirsson
11.-12. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Konur

2. Marín Laufey Davíðsdóttir
3. Jana Lind Ellertsdóttir
6. Guðrún Inga Helgadóttir
8. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir
11. Hanna Kristín Ólafsdóttir

Unglingar

2. Guðni Elvar Björnsson
3. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Efnilegasta glímufólkið 2015

Stjórn Glímusambands Íslands ákvað þann 6. desember að útnefna Jón Gunnþór Þorsteinsson Umf. Samhygð og Jönu Lind Ellertsdóttur Íþf. Garpi, efnilegasta glímufólkið fyrir árið 2015. Í umsögn stjórnar sem fylgir útnefningunni segir eftirfarandi:

Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Samhygð
Jón Gunnþór er 17 ára og hefur verið duglegur að keppa á mótum Glímusambandsins undanfarin ár. Jón Gunnþór er jafnvígur á sókn og vörn í glímu og hefur gengið vel í keppni á undanförunum árum. Jón Gunnþór er mikill keppnismaður sem virðir gildi glímunnar og er til fyrirmyndar jafnt innan vallar sem utan.

Jana Lind Ellertsdóttir, Íþf. Garpi
Jana Lind hefur tekið þátt í flestöllum glímumótum sem GLÍ hefur staðið fyrir undanfarin ár og staðið sig með sóma. Jana Lind stundar glímuna samviskusamlega og hefur æft vel undanfarin ár og veit að það er vænlegast til árangurs. Jana Lind er til fyrirmyndar jafnt innan vallar sem utan.

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glímuráðs HSK árið 2015. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ, www.glima.is og í árbók Glímusambandsins.

Fyrir hönd Glímuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Stefán Geirsson, formaður.

Golfnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Gylfi Birgir Sigurjónsson, Golfklúbbi Selfoss, formaður, Ingvar Jónsson, Golfklúbbi Þorlákshafnar, Sigríður Gunnarsdóttir, Golfklúbbi Selfoss. Varamaður: Helgi Guðmundsson, Golfklúbbum Flúðum.

Nefndin sá um að velja golfþróttamann HSK en engin héraðsmót voru haldin þetta árið vegna þátttökuleysis.

Gylfi Birgir Sigurjónsson

Handknatt-leiksnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Örn Guðnason, Umf. Selfoss, formaður, Atli Kristinnsson, ÍF Milan og Örn Þrastarson, ÍF Milan. Varamaður: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss.

Handknattleiksnefnd HSK hélt einn fund á tímabilinu. Á fundinum var ákveðið að stefna að því að halda grunnskólamót HSK í softball fyrir krakka í 5. bekk á árinu 2016. Samþykkt var að senda erindi til skólanna þar sem mótið er kynnt og fá hugmyndir um hvenær skólaársins sé best að halda mótið. Einnig var ákveðið að halda HSK-mót í softball í fullorðinsflokki í nóvember 2016. Ákveðið að leita til Íþróttafélagsins Milunnar um framkvæmd mótsins. Stefnt er að halda mótið í lok nóvember.

Nefndin valdi Hrafnhildi Hönnu Þrastardóttur sem handknattleiksmann HSK fyrir árið 2015.

Hestaíþróttanefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Sigmar Ólafsson, Sleipni, formaður, Halldóra S. Jónsdóttir, Sleipni, Lovísa H. Ragnarsdóttir, Geysi. Varamaður: Ísleifur Jónasson, Geysi.

Nefndin sá um að velja hestaíþróttamann HSK, en engin héraðsmót voru haldin á árinu.

Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss, formaður, Markús Ívarsson, Umf. Samhygð, Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímon. Varamaður: Ásberg Lárenzínusson, Umf. Þór.

Nefndin hélt einn fundi á árinu og var aðalefni fundarins Landsmót UMFÍ 50+, sem haldið var á Blönduósi.

Þátttaka HSK á 5. Landsmóti UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Blönduósi helgina 26. – 28. júní 2015. Mótið tókst í alla staði vel og ánægjulegt var að sjá hve margir af sambandssvæðinu mættu. HSK keppendur tóku þátt í fjölmörgum greinum og hér er getið um þátttöku okkar fólks og verðlaunahöfum í einstökum greinum. Heildarúrslit má sjá á www.umfi.is.



Tómas Jónsson formaður nefndarinnar vann þrjár greinar á mótinu í frjálsum og sundi.



Yfirlit um þátttöku HSK fólks á Landsmóti 50+:

Boccia

Bjarney Össurardóttir, Guðjón Loftsson, Lilja Halldórsdóttir og Páll Vilhjálmsson skipuðu sveit úr Hveragerði. Álfheiður Einarisdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Hörður Stefánsson voru í boccia-sveit Selfoss. Sveitirnar unnu ekki til verðlauna.

Bridds

Sveitin Rangæingar varð í 6. sæti í sveitakeppni í bridds. Í sveitinni voru Brynjólfur Gestsson, Helgi Hermannsson, Sigurður Skagfjörð og Sigurjón Harðarson.

Frjálsíþróttir

Keppendur HSK unnu til fjölda verðlauna. Fimm HSK met voru sett í öldungaflokkum á mótinu. Aðeins ein kona keppti í frjálsum.

Margrét Þórðardóttir í flokki 70–75 ára hún var í fyrsta sæti í tveimur greinum 100 m hlaupi á 28,7 sek og í kringlukast með 5,70m. Árangur hennar í kringlunni er bæði landsmet og HSK met í flokki 75–79 ára flokki kvenna.

Guðmundur Nikulásson keppti í flokknum 50–54. Hann sigraði þrjár greinar, hljóp 100m hlaupi á 13,9 sek., kastaði kringlu 33,60 m og lóðakasti 9,7 m hann var annar í kúluvarpi með 8,94 m, svo þriðji í spjóti 28,54 m.

Guðni Guðmundsson keppti í flokknum 80–84 ára. Hann vann þrjár greinar og setti eitt landsmet. Hann hljóp 800 metra hlaup á 5:15,9 mín. sem er landsmet og HSK met í hans flokki. Hann hljóp svo 100 metrana á 22,7 sek. Vindur var of mikill til að þetta yrði skráð sem met. Hann stökk líka langstökk og kastaði kringlu.

Árni Einarsson og Tómas Jónsson unnu einnig til verðlauna í þessum flokki. Árni var annar í spjóti með 14,34 m, í lóðakasti með 8,25 m og í kringlukasti með 17,07 m. Einnig keppti hann í kúluvarpi.

Tómas sigraði í kúluvarpi með kast upp á 7,98, hann keppti líka í lóðakasti og spjótakasti.

Í flokki 60–64 setti Kjartan Lárusson tvö HSK met og bætti met Markúsar Ívarssonar. Hann kastaði spjóti 17,88 m. Hann setti einnig met í lóðakasti, kastaði 9,72 m og varð þriðji. Hann varð svo í 3. sæti í kringlukasti með 23,75 m einnig keppti hann í langstökki og kúluvarpi. Jón Smári Lárusson vann til tveggja verðlauna í þessum flokki, varð annar í kúluvarpi 8,84 m og í kringlukasti með 28,90 m en einnig keppti hann í lóðakasti.

Markús Ívarsson bætti eigið HSK met í lóðakasti í flokki 65–69 ára karla, en hann kastaði 7,18 m hann keppti einnig í 100m hlaupi, kastaði kringlu og kúlu

Línudans

Flækjufótur frá Selfossi varð í öðru sæti. Í liðinu voru G. Magnea Magnúsdóttir, Guðrún Guðnadóttir, Helga Guðmundsdóttir, Hjördis Þorsteinsdóttir, Hörður Stefánsson, Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigrún Stefánsdóttir.



Helga Guðmundsdóttir varð landsmótsmeistari í pönnukökubakstri.



Öflugir kastarar frá HSK á Landsmóti 50+.

Þútt

Fjórir keppendur tóku þátt frá HSK Lilja Halldórsdóttir varð í þriðja sæti í flokki 65 ára og eldri, en Bjarney Össurardóttir, Guðjón Loftsson og Páll Vilhjálmsson náðu ekki verðlaunasætum.

Pönnukökubakstur

Helga Guðmundsdóttir varð landsmótsmeistari í pönnukökubakstri.

Ringó

Lið HSK varð í þriðja sæti í ringó. Í liðinu voru Ásta Laufey Sigurðardóttir, Guðmundur Nikulásson, Kjartan Lárusson, Markús Ívarsson, Ólafur Elí Magnússon og Örn Guðnason.

Sund

Tómas Jónsson varð tvöfaldur landsmótsmeistari í flokki 80–84 ára karla í sundi. Hann synti 100 metra bringusund á 2:27,77 mín. og 50 metra bringusund á 1:02,43 mín. Helga Guðmundsdóttir keppti í flokki 80–84 í 100 metra bringusundi á 3:34,12 og varð landsmótsmeistari.

Íþróttanefnd fatlaðra

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Þorbjörg Vilhjálmisdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, formaður, Guðrún Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný. Varamaður: Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra.

Héraðsmót fatlaðra í frjálsum íþróttum var haldið samhliða héraðsmóti fullorðinna, 23. júní. Þar tóku fimm keppendur þátt í fjórum greinum. Einn keppandi keppti með ófötlugu íþróttafólki á mótinu. Á árinu ber hæst árangur Huldu Sigurjónsdóttur sem fjórbætti Íslandsmet sitt í kúluvarpi í flokki F20.



Guðrún Hulda tekur á því í sleggjukasti á héraðsmóti HSK.



Hamar varð HSK meistari í 10. flokki drengja.

Knattspyrnunefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Aldís Sigfúsdóttir, Umf. Selfoss, formaður, Guðmundur Garðar Sigfússon, Knattspyrnufélagi Árborgar, Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja. Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþf. Hamri.

Engin HSK-mót voru haldin á árinu.

Körfuknattleiksnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Lárus Ingi Friðfinnsson, Íþróttafélaginu Hamri, formaður, Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna, Þorsteinn Darri Sigurgeisson, Umf. Heklu. Varamaður: Víðir Óskarsson, Körfuknattleiksfélagi FSu.

HSK mót í míkrobolta

Laugardaginn 21. mars 2015 var haldið fyrsta míkrobolta mót HSK veturinn 2014–2015. Mótið var haldið í Hamarshöllinni í Hveragerði og voru mættu rétt tæplega 100 krakkar á mótið. Mót í þessum aldurshópi (1.–4. Bekkur) eru fyrst og fremst til gamans þar sem engin stig eru talin og allir eru sigurvegarar, mótið hófst um kl 10.00 og var lokið kl 14.00 sem er hæfilegur tími fyrir þennan aldurshóp. Næsta míkroboltamót HSK var svo haldið að Flúðum í byrjun maí.

Héraðsmót í 8. flokki stúlkna og drengja

Héraðsmót í 8. flokki stúlkna og drengja í körfuknattleik var haldið í íþróttahúsinu í Hveragerði 6. maí 2015. Hrunastelpur unnu stúlknaflokkinn, Hamar A varð í 2. sæti og Hamar 3 í 3. sæti. Þór vann strákaflokkinn, Hrunamenn urðu í 2. sæti, svo Hamarsliðin tvö á eftir og FSu í 5. sæti.

Héraðsmót í 10. flokki stúlkna og drengja

Hrunamenn og Hamar sigruðu á héraðsmóti stráka og stelpna í 10. flokki í körfuknattleik sem haldið var í Hveragerði 30. apríl 2015. Hamar, Hrunamenn, Hamar B og Þór Þorlákshöfn tóku þátt í þessum mótum en Hamar B er sameiginlegt lið stúlkna frá Hamri og Hrunamönnum. Þetta var síðasta körfuboltamót vetrarins í þessum flokki þannig ekki vantaði keppnina þó svo að mótið sjálft sé fyrst og fremst upp á gamanið gert. Hrunamenn urðu HSK meistarar í 10. flokki stúlkna eftir að hafa unnið leik sinn á móti Hamri nokkuð þægilega. Hinsvegar var mun meiri spennan í leik Hrunamanna og Hamars B þar sem lokastaðan var 30–24 Hrunamönnum í vil. Hamar varð HSK meistari 10. flokks drengja eftir að sigra Hrunamenn og síðan Þór Þorlákshöfn í algjörum úrslitaleik sem endaði með 61–57 sigri Hamars í tvíframlengdum leik þar sem spennan var mikil og leikmenn sýndu glæsilega takta undir mikilli pressu. Þór tryggði sér silfrið með sigri á Hrunamönnum. Mótið endaði síðan á því að grillaðar voru pylsur í sumarveðrinu og fóru allir heim með bros á vör eftir skemmtilegt mót og skemmtilegan körfuboltavetur.

Skáknefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss, formaður, Guðni Ragnarsson, Umf. Dagsbrún, Skeggi Gunnarsson, Umf. Baldri. Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Baldri.

Héraðsmót HSK í skák 16 ára og yngri

Laugardaginn 7. febrúar 2015 stóð Umf. Hekla fyrir héraðsmóti HSK í skák 16 ára og yngri í Grunnskólanum á Hellu, þar sem fjögur félög mættu með keppendur til leiks. Mótið var skemmtilegt og sést glögg að miklar framfarir eiga sér stað í skákinni á

Suðurlandi og er það gleðilegt að sjá þar sem lögð er talsverð rækt við hana hjá einhverjum félögum. Tæplega 20 keppendur mættu til leiks og tefldar voru sex umferðir. Keppnisfyrirkomulagið var þannig að allir keppendur tefldu í einu móti en fundin var síðan út röð keppenda í hverjum flokki fyrir sig eftir stöðu þeirra í mótinu að því loknu. Engir keppendur mættu til leiks í elsta flokknum 14–16 ára. Umf. Hekla vann stigabikar HSK og er þ.a.l. héraðsmeistari HSK, fékk félagið 32 stig. Í öðru sæti varð Þjótandi með 9 stig, í þriðja sæti varð Dímon með 1 stig og í fjórða sæti Umf. Selfoss án stiga. Heildarúrslit og myndir eru á www.hsk.is.

Sveitakeppni HSK í skák

Héraðsmót HSK í sveitakeppni í skák 2015 var haldið í Selinu á Selfossi 27. janúar 2016 og mættu fimm lið til leiks. Tefldar voru atskákir og skipuðu fjórir einstaklingar hverja sveit, óháð aldri eða kyni.

Lokastaðan:

1. Umf. Gnúpverja	11 vinningar
2. Umf. Þjótandi	10 vinningar
3. Umf. Þór	8,5 vinningar
4. Umf. Hekla	7 vinningar
5. Íþf.f. Dímon	3,5 vinningar

Starfsíþróttanefnd

Lítið var um að vera hjá starfsíþróttanefnd á árinu 2015 en ekki var haldið héraðsmót að þessu sinni. Áætlað er að halda héraðsmót sumarið 2016 þar sem vonandi verður keppt í nokkrum greinum. Þá er líklegt að nefndin muni koma að framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ og Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldin verða á sambandsvæðinu á komandi árum.

Fanney Ólafsdóttir, formaður



Sundnefnd

Nefndina skipuðu: Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir, Umf. Selfoss, formaður, Íris Judith Svavarsdóttir Íþróttafélaginu Hamri, Ingibjörg Erlingsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon. Varamaður: Sigríður Runólfssdóttir, Umf. Selfoss.

Störf sundnefndarinnar voru mjög hefðbundin á árinu 2015. Þrjú sundmót fóru fram á vegum Héraðssambandsins: Aldursflokkamót, Héraðsmót og Unglingamót.

Aldursflokkamót

Aldursflokkamót 30. maí, haldið í 25m útilaug á Hvolsvelli.

Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

- | | |
|------------|-----------|
| 1. Selfoss | 149 stig. |
| 2. Dímon | 95 stig. |
| 3. Hamar | 57 stig. |
| 4. Hekla | 13 stig. |

Stigahæsta sund mótsins, 407 FINA stig, Kári Valgeirsson, sunddeild Umf. Selfoss fyrir 100m skriðsund.

Héraðsmót

Héraðsmót 12. maí, haldið í 50m útilaug í Hveragerði.

Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

- | | |
|------------|----------|
| 1. Selfoss | 98 stig. |
| 2. Hamar | 65 stig. |
| 3. Dímon | 46 stig. |
| 4. Þór | 4 stig. |



Kári Valgeirsson vann besta afrekið á aldursflokkamóti HSK og á héraðsmóti.



Sigurlið Selfoss á unglingamóti HSK í sundi.

Stigahæsti sundmaðurinn var Kári Valgeirsson Umf. Selfoss sem vann sínar þrjár greinar og hlaut 18 stig. Stigahæsta sund skv. stigatöflu FINA: Kári Valgeirsson Umf. Selfoss fyrir 100m skriðsund, 489 stig.

Unglingamót

Unglingamót 1. nóvember, haldið í 16m innlaug á Selfossi.

Úrslit mótsins urðu sem hér segir

- | | |
|------------|----------|
| 1. Selfoss | 84 stig. |
| 2. Dímon | 32 stig. |
| 3. Hamar | 13 stig. |

Bætingabikarinn hlaut Bergþór Óli Unnarsson, Umf. Selfoss en hann bætti sig um 37.03 sek milli ára í 50m skriðsundi.

Sundmaður HSK 2015

Almennt verður að segjast að árið 2015 var sundmönnum á HSK svæðinu gott. Þessi árin er mikil uppbygging í hópi yngstu iðkendanna hjá öllum félögum á svæðinu og eiga þeir iðkendur eftir að skila sér inn á sundmót HSK sem og annars staðar á landinu í framtíðinni.

Sundnefnd HSK tilnefnið Dagbjart Kristjánsson, Hamri, sundmann HSK árið 2015.

Að lokum þakkar nefndin fyrir allan þann stuðning sem sundíþróttin hefur fengið á sambandssvæðinu, sérstaklega starfsmönnum móta, þjálfurum, starfsmönnum sundlauga og síðast en ekki síst sundfólkinu sjálfu.

Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir, formaður

Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa: Jóhannes Sigmundsson, Umf. Hrunamanna, formaður, Lís Thomsen, Umf. Hvöt, Þorgeir Vigfússon, Umf. Skeiðamanna. Varamaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttaf. Dímon.



Unnið er að gerð heimildarmyndar um landsmót sem haldin hafa verið á sambandssvæðinu. Myndin er frá landsmóti á Laugarvatni 1965.

Á starfsárinu kom nefndin þrisvar saman á bókaða fundi. Að venju gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Nefndin gerði það að tillögu sinni að Guðmundur Kr. Jónsson, Umf. Selfoss, yrði útnefndur öðlingur ársins 2015. Guðmundur hefur frá unga aldri stundað íþróttir og var mikill afreksmaður á því sviði. Þá hefur hann alla tíð verið mikill félagsmálagarður og er núverandi formaður Umf. Selfoss. Hann var um átta ára skeið formaður HSK og átti sæti í stjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands um skeið, svo eitthvað sé nefnt.

Á fundi nefndarinnar hafa mætt Marteinn Sigurgeirsson og Kristinn Bárðarson vegna undirbúnings að gerð kvikmyndar um þátt Skarphéðins í landsmótum UMFÍ, þegar þau hafa verið haldin á sambandssvæði HSK. Hefur því verki miðað allvel áfram og hafa styrkir fengist til þess verkefnis.

Jóhannes Sigmundsson, formaður



Skýrslur aðildarfélagas HSK:



Andri Þórarinnsson #330.

Akstursíþróttafélag Hreppakappa

Árið 2015 hófst af alvöru í maí 2015. Þá var fyrsta mótið í enduro haldið sem var jafnframt fyrsta keppni ársins. Það var umferð í Íslandsmótinu í enduro sem haldið var á Hellu og þangað mættu Sigurjón Snær Jónsson og Ágúst Scheving Jónsson til leiks. Fram að þessu hafði undirbúningur aðallega legið í líkamsrækt þar sem upphaf ársins var kalt og blautt til skiptis. Það dróg úr möguleikanum á að stunda íþróttina á hjólnum sjálfum þar sem jörð var ekki tilbúin fyrir slíkt og jarðvegur var viðkvæmur. Í framhaldi af Hellukeppninni kom stærsta keppni ársins. En það er 6 klukkutíma þolakstursmót sem haldið er árlega við Kirkjubæjarklaustur. Þangað mættu Sigurjón og Ágúst ásamt Axel Arndal og kepptu þar í þrimenningi. Niðurstaðan var 8. sæti í þrimenningi af 21 liði sem verður að teljast nokkuð gott miðað við lítinn undirbúning. Heilt yfir kepptu um 300 keppendur í þessu móti í hinum ýmsu flokkum.

Ekki varð meira af enduro-keppnum hjá Hreppaköppum. Sigurjón og Ágúst voru mættir norður á land um miðjan júlí til þess að keppa í umferð í enduro sem átti að fara fram þar og þá. Sumarið fyrir norðan reyndist litlu skárna en vorið fyrir sunnan og var keppnin blásin af vegna mjög blautra aðstæðna á Akureyri.

Andri Þórarinnsson, sem er á myndinni, keppti í öllum umferðum sumarsins í motocrossi. Hann keppti í B-flokki og náði 4. sæti í þremur keppnum en komst á pall á 2. sæti í hinum tveimur. Ari Jóhannsson mætti með honum til leiks í fyrstu umferðinni sem

haldin var á Selfossi. Þar náði Andri 4. sæti en Ari fór bara alla leið og vann sinn flokk. Því miður mætti Ari ekki meira til leiks á árinu, en vonandi sjáum við meira af honum á árinu 2016. Þess má þó geta að Andri átti mjög góðan akstur þennan dag á Selfossi og þrátt fyrir lélegt start vann hann sig jafnt og þétt upp flokkinn. En rétt undir lokin féll hann í brautinni sem varð til þess að hann náði ekki að klára í samræmi við það. Hann hefði náð á pall ef ekki hefði verið fyrir það. En svona er motocross-ið fljótt að breytast.

Aðalfundur félagsins var svo haldinn 29. desember 2015 þar sem engar breytingar urðu á stjórn félagsins.

Golfklúbbur Ásatúns

Á aðalfundi sem haldinn var í golfskalanum Snússu í Ásatúni 6. desember 2014 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Formaður: Sigurjón

Harðarson. Aðrir í stjórn: Eiríkur

Stefánsson, Guðbjörg Jóhannsdóttir, Árni Sófusson og Gylfi Jóhannesson. Varamenn: Grímur Guðmundsson og Sigurður Kristinsson.



Sumarstarfið hófst með vinnudegi 18. maí og var farið yfir brautir og merkingar. Einnig var borið í stíga, settar nýjar holur og fánar og opnunarmót sumarsins síðan haldið í framhaldinu.

Toppmótið var haldið um verslunarmannahelgina og tókst það mjög vel. Mótið var með sama sniði og 2014. Spilað var 18 holu punktamót og ræst út á öllum teigum samtímis. Byrjað var með morgunverði kl. 8.00 og síðan ræst út á öllum brautum kl. 9.00. Veitt voru verðlaun í bæði karla og kvennaflokki og einnig fyrir besta skorið. Það var bifreiðaverkstæðið Toppur ehf. sem sá um verðlaunin ásamt Ölgerðinni og Stillingu í Kópavogi og færur við þeim þeir bestu þakkir fyrir.

Léleg aðsókn var á völinn í sumar og er þetta annað árið í röð sem veðrið og aðsókn fer illa með okkur.

Engar framkvæmdir voru á vellinum í sumar, aðrar en nauðsynlegt viðhald, sláttur og fleira í þeim dúr.

Félagsgjald var 8.200 kr. fyrir árið 2015 og innifalinn einn hringur á vellinum til félaga.

Ákveðið var að 600.000 kr. af félaggjöldum gengu sem styrkur til golfvallarins.

F.h. stjórnar

Sigurjón Harðarson, formaður.



Verðlaunahafar á Toppmóti Golfklúbbs Ásatúns um verslunarmannahelgina.



Gosbrunnur og ný brú rétt við klúbbhúsið.

Golfklúbburinn Dalbúi

Stjórn Dalbúa 2015 var skipuð sem hér segir: Páll Þórir Ólafsson, formaður, Hafsteinn Danielsson, varaformaður, Ómar Þórðarson, gjaldkeri, Halldór Snæland, ritari, Bragi Dór Hafþórsson, meðstjórnandi (hætti), Örn Ólafsson, meðstjórnandi (hætti), Guðmundur Gunnarsson, meðstjórnandi, Guðmundur H. Sigmundsson, varamaður, Hörður Bergsteinson, varamaður, Páll Þórir Ólafsson.



Það fækkaði nokkuð félögum í klúbbnum þetta árið og er það mjög mikilvægt fyrir næstu stjórn að gera átak í því að fjölga nýjum félögum með einhvers konar kynningarátaki eða auglýsingaherferð. Þetta er fallega staðsettur golfvöllur með veitingaskála þar sem alltaf ríkir góður andi og hlýlega er tekið á móti öllum þeim sem þangað koma, hvort heldur er að spila golf eða njóta veitinga. Með samstilltu átaki ætti það ekki að vera erfitt að sækja nýja félaga á komandi árum.

Eins og flestir hafa orðið varir við þá kom völlurinn okkar og þá sérstaklega flatirnar afar illa undan vetri og mótaðist sumarið svolítið af því. Flatirnar voru illa útleiknar með miklum kalblettum og þrátt fyrir viðtækar björgunaraðgerðir þá gekk illa að koma þeim í gang. Þetta markaðist af ýmsum þáttum eins og gölluðum fræjum o.fl. Þó voru þær flatir sem einna erfðast hefur verið að rækta skástar þetta sumarið samanber 2. og 4. flöt. Ákveðið var að gata allar flatir með haustinu.

Ráðist var í framkvæmdir við tjörnina og er hún nú nánast frágengin. Gengið var frá tengibrunni, byggð vegleg brú og hlaðinn fallegur steinveggur. Þessar framkvæmdir má að mestum hluta þakka þeim Guðmundi H. Sigmundssyni, Haraldi Ólafssyni og Ómari Þórðarsyni ásamt fleiri góðum félögum. Einnig voru gróðursettar um 300 trjáplöntur sem okkur áskotnaðist í vor. Með dyggri aðstoð frá félögum okkar í RSÍ (Guðmundi og Ragnari með vélna góðu) var borað fyrir trjánunum og klúbbfélagar settu niður trén, vellinum til mikillar þýði. Ýmsar aðrar

framkvæmdir fóru fram á vellinum svo sem skreytingar á kvennateigum og nærumhverfi, þökk sé Bryndisi Scheving. Sumarið var ágætt og það er alltaf gott að koma í Miðdal.

Í skýrslunni má finna skýrslu rekstraraðila, skýrslur helstu nefnda, rekstrar- og efnahagsreikning ásamt áætlun fyrir árið 2015. Skýrsla mótanefndar lá reyndar ekki fyrir þegar þetta fór í prentun en hægt er að sjá öll úrslit úr mótum á heimasíðunni eða golf.is. Félagar í klúbbnum eru 94, þar af eru 8 heiðursfélagar. 22 hættu á árinu og 8 gengu nýir í klúbbinn.

Ég vil þakka stjórninni og nefndarmönnum og félagsmönnum öllum kærlega fyrir gott samstarf á árinu. Rekstraraðilum vil ég þakka fyrir gott og farsælt starf. Fyrir hönd klúbbsins vil ég koma á framfæri þakklæti til okkar helstu samstarfsaðila eins og Félagi bókagerðarmanna, Rafiðnaðarsambandinu og VM félagi Vélstjóra og málmtæknimanna, Eddu hótélum, FONTANA, Bláskógabyggð og þeirra fjölmörgu einstaklinga sem lagt hafa klúbbnum lið við uppbyggingu vallarins. Starf þeirra er ómetanlegt fyrir starfsemi okkar og verður seint þakkað almennilega. Framlög allra þessara aðila veita okkur mikilvægan stuðning við að halda úti þessum skemmtilega velli í Miðdal.

Golfklúbburinn Flúðir

Aðalfundur GF var haldinn þann 27. febrúar 2015 í golfskálanum á Efra-Seli. Breytingar urðu



í stjórn GF, þar sem Ragnar Pálsson, fyrrv. formaður og Kristján Geir Guðmundsson, fyrrv. meðstjórnandi gáfu ekki kost á sér áfram. Ný stjórn GF er því þannig skipuð: Árni Tómasson formaður, Edda Svavarsdóttir, varaformaður, Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir, gjaldkeri, Unnsteinn Eggertsson, ritari og Herdís Sveinsdóttir, meðstjórnandi.

Selsvöllur var opnaður um mánaðarmótin apríl – maí. Veðurfarið um sumarið var gott, mun betra en verið hafði árin á undan, þ.e.

2013 og 2014. Almenn aðsókn var því góð og ástand vallarins einnig.

Ráðist var í umfangsmiklar framkvæmdir við að þurrka upp svæði á vellinum sem áður voru mjög blaut. Um var að ræða svæðin á 4. 10. og 18. braut. Framkvæmdirnar heppnuðustu mjög vel og hafa kylfingar lýst yfir mikilli ánægju með framfarirnar. Einnig var 16. braut vallarins þöklögð að hluta á svæði sem seint ætlaði að gróa. Teigar voru lagfærðir á 1. braut, sem og öll aðkoma að teigunum þar. Verkefnið „Braut í föstur“ hóf göngu sína um vorið. Þannig tóku félagar tiltekna braut í „föstur“ og myndaðist skemmtileg samkeppni milli þeirra í því hver stæði sig nú best við að halda öllu snyrtilegu og gróskumiklu.

Í tilefni af 30 ára afmæli klúbbsins var ráðist í að kaupa stuðlabergssteina á völlinn og voru félagar duglegir að kaupa sér stein, svo mjög að verkefnið gekk upp á stuttum tíma. Steinunum var komið fyrir við teigana á vallahvæðinu og setja þeir mjög einkennandi svip á völlinn. Þessa dagana er svo verið að vinna í nýjum merkingum sem komið verður fyrir á steinunum.

Við þessar framkvæmdir, eins og aðrar á undanförunum árum, skilaði mikið og öflugt sjálfbæðiðastarf félaga GF okkur miklum ávinningi og fyrir það ber að þakka. Einnig hefur klúbburinn notið mikils stuðnings bakhjarla, sem hafa gert þetta kleift.

Haldin voru 14 golfmót á vegum GF, innanfélagsmót og opin mót, auk þess sem sveitakeppni GSÍ hjá stúlkum 15 ára og yngri og 18 ára og yngri var haldið á Selsvelli 14. til 16. ágúst. Þátttaka í mótum var lakari en verið hefur, þrátt fyrir að veðurfar hafi verið hagstæðara en undanfarin ár. Í þessu sambandi má geta þess að héraðsmóti HSK var frestað og síðan aflýst vegna þátttökuleysis. Ljóst er að endurskoða þarf fyrirkomulag þess móts á nýju ári.

GF varð 30 ára á árinu og var blásið til afmælisskemmtunar í tilefni þess, laugardaginn 25. júlí, en GF var stofnað þann 29. júlí árið 1985. Góð þátttaka var í mótinu og tókst dagurinn allur mjög vel. Um kvöldið var síðan boðið upp á fordrykk undir berum himni og hátíðarkvöldverð í golfskálanum.



Sveitakeppni GSÍ í stúlknaflökki fór fram á Selsvelli.



Haukadalsvöllur.

Fjölmörg fyrirtæki gáfu afmælisbarninu vinninga sem nýttir voru í verðlaun í golfmótinu. Er þeim innilega þakkað fyrir framlagið.

Fjöldi félaga í GF 2015 taldi ríflega 260 manns. Fjöldinn er því svipaður og á árinu á undan. Hluti félaganna eru með aukaaðild að GF, enda margir sumarhúseigendur í klúbbnum sem einnig eru félagar í klúbbum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu.

Í sumar, líkt og undanfarin ár, var boðið upp á golfæfingar fyrir börn og unglinga, 2svar í viku og voru leiðbeinendur þeir Árni Þór Hilmarsson, Einar Valberg og Karl Gunnlaugsson. Krakkarnir á svæðinu voru duglegir að mæta á æfingar og oft var mikið fjór í hópnum! Gert er ráð fyrir að boðið verði áfram upp á æfingar fyrir yngstu aldurshópina.

Golfklúbburinn Geysir

Á aðalfundi sem haldinn var 30. nóvember var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2015–2016. Pálmi Hlökkversson var endurkjörinn formaður til eins árs. Aðrir í stjórn eru þeir Gunnar Skúlason, Frimann Baldursson, Einar Tryggvason og Hermann Maggýjarson og er stjórnin því óbreytt frá fyrra ári.

Meistaramót GEY var haldið dagana 24. og 25. júlí. Keppt var í fjórum flokkum og varð Magnús Bjarnason klúbbmeistari karla og Þórhildur Þorleifsdóttir klúbbmeistari kvenna. Sigurvegari í unglingaflokki varð Stefán Orri Hákonarson.

Starfssemi klúbbsins fór seint af stað og opnaði Haukadalsvöllur ekki fyrr en undir lok maí mánaðar. Sérlega kaldur vetur setti strík í reikninginn og kom völlurinn ekki nógu vel undan vetri. Eigendur Haukadalsvallar hafa undanfarin þrjú sumur unnið að breytingum á völlum og var opnað á nýjar breyttar brautir nú í sumar. Almenn ánægja er með breytingarnar. Helstar eru breytingar á gömlu 9. braut og gömlu 1. braut. Með tilkomu á nýju klúbbhúsi breyttist röð brauta og varð gamla 3. braut því nr. 1 o.s.frv. Ekki verður lengur slegið yfir Beiná.

Lítið var um mótahald á vegum GEY þetta

árið eins og árið í fyrra. Helgast það einna helst af því að klúbburinn er frekar fámennur. Þó var reynt að halda mót sem stóð yfir hásumarið á virkum dögum undir merkjum Norðurlugs. Ætlunin var að reyna fá fólk til að koma og nýta völlinn í miðri viku en þessi tilraun reyndist ekki eins vel og menn héldu. Haukadalsvöllur er nokkuð vinsæll meðal fyrirtækja og félagasamtaka og færast það í auka að haldin séu lokuð „einkamót“ enda völlurinn og aðstaðan frábær til slíks.

Þrátt fyrir að hafa lent í næstsíðasta sæti í 4. deild Sveitakeppni GSÍ í fyrra og þar af leiðandi átt að keppa í 5. deild í ár spilaði sveit GEY aftur í 4. deildinni í sumar þar sem eitt liðið mætti ekki til leiks. Sveitinni gekk mun betur nú en í fyrra og endaði um miðju deildarinnar og spilar því enn og aftur að ári í 4. deildinni.

Þá átti sveitin fulltrúa í Sveitakeppni unglinga í flokki drengja 15 ára og yngri en GEY og GF sendu sameiginlega sveit í þá keppni. Fulltrúi GEY var Karl Jóhann Einarsson. Keppnin var haldið á Strandavelli við Helli og er vilji hjá klúbbnum að halda þessu samstarfi áfram.

Hagnaður varð á rekstri klúbbsins á liðnu ári alls kr. 64.913 og er klúbburinn er þokkalega vel stæður miðað við stærð hans. Ekki er fyrirsjáanlegar neinar stórbreytingar á starfsemi golfklúbbsins á næsta ári og bendir allt til að starfsemin verði með hefðbundnu sniði. Golfklúbburinn Geysir mun á næsta ári fagna 10 ára afmæli sínu en hann var stofnaður 15. júní 2006.

Golfklúbbur Helli

Aðalfundur GHR var haldinn mánudaginn 9. Nóvember. Alls mættu 22 á fundinn. Fundarstjóri var Þorsteinn Ragnarsson. Óskar Pálsson var endurkjörinn formaður, verður þetta 16 árið hans sem formaður GHR. Stjórnin gaf öll kost á sér áfram og var hún endurkjörin.

Allar nefndir eru óbreyttar nema að Þorsteinn Ragnarsson gaf ekki kost á sér í

áframhaldandi setu sem formaður kappleikjanefndar en við því tók Svavar Hauksson.

Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem gerst hafði á árinu, þakkaði starfsfólki, stjórn og nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á árinu.

Stjórnina skipa: Formaður: Óskar Pálsson. Varaformaður: Einar Long. Gjaldkeri: Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir. Ritari: Bjarni Jóhannsson. Meðstjórnandi: Gísli Jafetsson. 1. varamaður: Guðný Rósa Tómasdóttir. 2. varamaður: Loftur Þór Pétursson.

Félagar í klúbbnum eru 111 sem er fjölgun um 10 frá sl. ári. 11 félagar gengu úr klúbbnum og 21 nýir komu inn þar af voru 3 í fjaraðild.

Eins og undanfarin ár voru veitt framfaraverðlaun, það var Fannar Aron Hafsteinnsson sem hlaut þau að þessu sinni.

Háttvísibikarinn hlaut Sveinn Sigurðsson Á aðalfundi GHR 2014 hlaut Sigríður Hannesdóttir háttvísibikarinn, en hún hefur unnið óeigingjarnt starf í fjölda ára í sjálfböðavinnu fyrir klúbbinn verið ötul við gróðursetningar ofl á völlum t.d. með græðlingum sem hún hefur sjálf komið til, við þökkum Sigríði fyrir gott starf.

Óskum við þessum 3 félögum innilega til hamingju og góðs gengis á komandi árum.

Óskar Pálsson spilaði með landsliði öldunga í sumar sem fór í til Luxemborgar í Evrópumót þar sem þeir enduðu í 11 sæti.

Startað var með Vorkomu þann 23. apríl, komu svo mótin hvert af öðru bæði innanfélags- og opin mót. Innanfélagsmótin voru 47 Meistaramótið var með lélegasta móti í ár en aðeins 21 tóku þátt. Klúbbmeistarar 2015 voru mæðginin Andri Már Óskarsson og Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir óskum við þeim innilega til hamingju.

Opin mót voru 7, að venju var 1. maí mótið stærst með 208 keppendur styrktaraðili þar var Grillbúðin og Lancome kvennamótið var svo 3. maí en þar voru 86 konur sem luku keppni. Við höldum 2 GSÍ mót, Íslandsmót unglinga í holukeppni sem fram fór dagana 5 til 7 júní með 114 keppendum og síðar sveitakeppni drengja dagana 14 til 16 ágúst keppendur þar voru 83. Þetta voru stærstu mótin.

GHR tók þátt í sveitakeppni GSÍ eins og undanfarin ár við vorum í 3. deild sem var haldin á Grundarfirði þetta árið en duttum niður um deild og keppum því í 4 deild næsta ár. Í sveitinni voru Aðalbjörn Páll Óskarsson,



Stjórn GHR, ásamt fundarstjóra á aðalfundi.



Andri Már Óskarsson, Árni Sæmundsson, Óskar Pálsson og Þórir Bragason liðstjóri var Katrín B. Aðalbjörnsdóttir.

Golfkennslu fyrir börn og unglinga sá Gylfi Birgir Sigurjónsson eins og sl.ár, var ágætlega mætt í sumar. Hvolsskóli hefur komið í haust með um 10–12 unglinga úr 8 til 10 bekk á æfingar. Um þessar æfingar sá Helgi Jens Hliðdal íþróttakennari og golfari með meiru.

Eldri borgarar eru áfram að pútta á þriðjudögum og hafa verið milli 30 og 40 manns þegar mest er.

Aftek á Strandarvelli í sumar; föstudaginn 10. júlí fór Árni Sæmundsson holu í höggi á 8 braut. Það vildi svo skemmtilega til að Árni gekk í klúbbinn 2 dögum áður eftir nokkurra ára hlé, tók þátt í meistaramótinu og fór holu í höggi.

Sonur Árna, Sæmundur gekk einnig í klúbbinn og tók þátt í sínu 1. meistaramóti. Þeir voru 2 strákarnir sem tóku þátt í 12 ára og yngri hinn var Jón Bragi Þórisson og voru svo feður þeirra að keppa í 1. flokk

Framkvæmdir voru nánast engar í sumar dyttað var að gervigrasinu á göngustígnum og einhverju gervigrasi bætt við, lagaðir teigar o.fl. smávæglegt.

Steini og Sigga komu með plöntur og gróðursettu austan við 3 braut eða við Soffiulund og aftan við 14 teig, þökkum við þeim innilega vel fyrir framtakið.

F.h. stjórnar, Óskar Pálsson

Golfklúbbur Hveragerðis

Aðalfundur fyrir árið 2014 var haldinn 17. desember 2014. Stjórn skipti með sér verkum og deildi með sér formennsku í nefndum þannig: Auðunn Guðjónsson, formaður og formaður barna- og unglinganefndar, Óssur Friðgeirsson, gjaldkeri og formaður útbreiðslunefndar, Erlingur Arthursson, varaformaður og formaður vallarnefndar, Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir, ritari og formaður kvennanefndar, Alfreð Mariusson, meðstjórnandi og formaður skemmtinefndar, forgjafar- og laganeftar, Morten Geir Ottesen, meðstjórnandi og formaður húsneftar, Ólafur Ragnarsson, meðstjórnandi og formaður mótanefndar, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, varamaður, Hjörtur Árnason, varamaður, Steingrímur Ingason, varamaður og formaður afreksneftar.



Gerð var sú breyting frá fyrra ári að skipuð var þriggja manna framkvæmdastjórn sem í sátu formaður, varaformaður og gjaldkeri. Framkvæmdastjórn fundaði vikulega frá



Verðlaunahafar á meistaramóti klúbbsins.

áramótum fram á vor en stopulla eftir það. Stjórnarfundum fækkaði nokkuð vegna þessa fyrirkomulags og þeir urðu jafnvel styttri og markvissari. Haldnir voru sex bókaðir fundir stjórnar á starfsárinu.

Eitt af fyrstu verkunum var að fullskipa nefndir. Það gekk vel, enda erum við svo heppin að eiga marga félagsmenn sem eru tilbúnir til starfa. Unnu nefndir starfsáætlun fyrir starfsárið þar sem hlutverk þeirra var skilgreint, helstu markmið sett, verkefni o.s.frv. Sumarstarfið var svo kynnt í upphafi sumars á félagsfundi þann 5. maí.

Í byrjun árs var gengið frá endurnýjun á þjónustusamningi við Hveragerðisbæ. Samningurinn er til fjögurra ára. Stuðningur sveitarfélagsins og skilningur stjórnenda þess er mjög mikilvægur starfsemi klúbbsins.

Starfsemi klúbbsins hefur alltaf byggt á sjálfbodastarfi stjórnarmanna og annarra félagsmanna. Umfang sjálfbodastarfs á síðastliðnu starfsári jókst mikið frá því sem það hafði verið undanfarin ár og fleiri störf voru unnin í sjálfbodavinnu nú en áður, störf sem áður voru unnin af framkvæmdastjóra eða öðrum launuðum starfsmönnum klúbbsins.

Rekstur klúbbsins gekk mikið betur en undanfarin ár, afkoman var jákvæð og skuldir lækkuðu frá síðasta uppgjöri um 1,3 millj. kr. Þrátt fyrir fjárfestingu í nýjum vélum fyrir 5,8 millj. kr. Rekstrartekjur lækkuðu frá fyrra ári um 1,5 millj. kr. en launakostnaður lækkaði um 4,4 millj. kr. og hagnaður nam 3,6 millj. kr.

Hafsteinn Hafsteinsson starfaði sem vallarstjóri í sumar eins og tíu sumar þar á undan. Með honum á vellinum störfuðu tveir drengir, en Hafsteinn sagði upp störfum hjá okkur síðla sumars og hætti hjá klúbbum í lok september. Hafsteinn hefur reynst klúbbum á ákaflega vel og hefur hann sinnt umhirdu vallarins vel. Umsögn vallargesta um völinn er besti dómurinn um störf vallarstjórans og hans samverkamanna.

Sumarið kom frekar seint þetta árið. Vinnudagur félaga við upphaf sumars var 9. maí og völlurinn opnaði 10. maí eða um hálfum mánuði síðar en vorið 2014.

Vinnudagurinn var vel heppnaður og 29 félagsmenn tóku rösklega til hendinni og mörgu komið í verk. Helstu framkvæmdir á vellinum í sumar voru breytingar á göngustíg og tyrfing við 1. flöt og dremskurður var gerður á æfingasvæði. Auk þess var þökulagt og völlurinn hirtur með hefðbundnum hætti.

Talsverð vinna var unnin á vegum húsneftar einkum við endurnýjun á hitalögn milli golfskálans og vélageymslu við að standsetja golfbílageymslu.

Eins og áður var talsvert umfangsmikið mótahald á vegum klúbbsins og bar mótanefnd hitann og þungan af þeim hluta starfsins. Á síðastliðnu golfári voru yfir 40 mót sem mótanefndin kom að, m.a. puttmtót, innanfélagsmót og opin mót. Puttmótin, sem var ein mótaráð var haldin innandyr yfir vetrarmánuðina, nokkuð góð mæting var í mótin en að meðaltali mættu um 20 manns í hvert mót.

Holukeppni GHG fór fram fyrri hluta sumars og hver umferð fór fram á föstum leikdögum:

Sigurveggar í holukeppni GHG 2015:

• Karlaflokkur: Auðunn Sigurðsson

• Kvænnaflokkur: Þórdís Geirsdóttir

Meistaramóti GHG lauk laugardaginn 4 júlí. Að lokum stóðu eftirtaldir uppi sem klúbbsmeistarar eftir skemmtilega keppni:

• Karlaflokkur: Elvar Aron Hauksón

• Kvænnaflokkur: Steinunn Inga Björnsd.

Það sem við erum hvað stoltust af í okkar starfi er hve við höfum öflugan afrekshóp unglinga og hann varð einu árinu eldri í sumar og allir drengirnir héldu áfram og einn bættist í hópinn. Hópurinn er ekki stór en hefur náð mjög góðum árangri. Æfingar voru undir stjórn Ingvars Jónssonar og er hópurinn uppistaðan í liðum GHG í sveitakeppnum GSÍ, karla og unglinga.

Við sendum til Akureyrar í sveitakeppni 18 ára og yngri drengja með einum liðsauka frá Sandgerði. Það var sérstaklega vel heppnuð ferð, góður liðsandi og árangurinn til fyrirmyndar, 9. sæti af 14 liðum. Eftir högggleik raðaðist sveitin í neðri hluta en sigraði alla leiki í þar.

Karlalið GHG tók í fyrsta skipti þátt í 2.



deild sveitakeppni GSÍ. Keppnin fór fram í Vestmannaeyjum og varð það þeirra hlutskipti að falla aftur niður í þriðju deild. Liðsmenn undirbyggja sig vel, bættu sig og öðluðust reynslu sem mun nýstast í framtíðinni.

Kvennaliðið tók þátt í 2. deild sem haldin var á Gufudalsvelli og voru okkur til sóma.

Fannar Ingi Steingrímsson var duglegur að æfa og keppa innanlands og erlendis og náði mjög góðum árangri. Hann tók þátt í landsliðsverkefnum á vegum GSÍ og keppti í mótáröðum GSÍ og í Íslandsmótinu í högggleik og var ávallt í fremstu röð. Fannar Ingi var útnefndur kyflingur ársins hjá GHG 2015.

Ýmsir aðrir viðburðir voru á árinu, m.a. þorrablot, opið kvennamót, bændaglíma o.fl.

Auðunn Guðjónsson.



Norðmenn komu í heimsókn og kepptu við klúbbfélaga í Golfklúbbi Kiðjabergs.

Golfklúbbur Kiðjabergs

Stjórn: Jóhann Friðbjörnsson formaður, Þorhalli Einarsson, meðstjórnandi, Gunnar Þorláksson, meðstjórnandi, Magnús Þ. Haraldsson, meðstjórnandi, Snorri Hjaltason, meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru: Ágúst Friðgeirsson og Börkur Arnviðarson.



Aðsókn að Kiðjabergsvelli var svipuð og árið 2014., þó svo að úrkoma hafi verið minni en árið á undan. Kalt vor er helst um að kenna en aðsókn í maí og júní var mun slakari en 2014., en júlí og ágúst voru betri. Síðan var aðsókn í september verri. Samkvæmt okkar tölum þá voru spilaðir 13.500. hringir sumarið 2015. en um 14.000. sumarið 2014. Félagsmenn spiluðu að meðaltali 16. hringi sumarið 2015.

Eins og kemur fram, hér fyrir ofan þá var verið kalt en samt var völlurinn opnaður á sama tíma og undanfarin ár eða í lok apríl og var hann opinn fram í miðjan október. Maí og júní voru kaldir og úrkoma með minna móti. Júlí og ágúst voru sæmilegir en september blautur.

Þrátt fyrir kalt vor kom völlurinn mjög vel undan vetri og var ástand hans mjög gott allt sumarið. Ekki var þörf á eins miklum slætti og árið á undan þar sem spretta var minni framann af sumri. Flatir voru mjög góðar og jafnframt má segja það sama um teiga. Brautir vor jafnframt í mjög góðu standi. Þeir gestir og félagsmenn sem spiluðu völlinn voru allmennt mjög ánægðir með ástand vallar hjá okkur.

Fjöldi félaga er svipaður á milli ára, er í dag um 380. þ.e. svipaður fjöldi og undafarinn ár. Það er alltaf eitthvað um að fólki hætti en það koma nýir í staðinn. Fjöldi þeirra sem eru með GKB sem aðalklúbb er um 230 manns og síðan eru um 150 manns sem eru jafnframt í öðrum klúbb samhliða félagsaðild hjá okkur.

Rekstur klúbbsins gengur vel og er

aukning á veltu á milli ára eða um 18% sem er svipuð veltuaukning og undafarin 3 ár. Þessa aukningu má helst þakka að styrktaraðilum hefur fjölgað mjög á milli ára, og aðsókn hópa er alltaf að aukast. Klúbburinn skuldar sáralítið og gerir það allan rekstur mun auðveldari þó svo að lausafé sé ekki mikið þá ná endar saman frá því að við hættum að fá tekjur í september og þangað til félagsgjöld fara að koma inn til okkar í janúar. Klúbburinn fjárfestir árlega í einhverjum tækjum og síðan fer alltaf eitthvað í nýframkvæmdir. Er hagnaður af rekstri notaður í það sem framkvæmt er og fjárfest fyrir í tækjum. Hagnaður var um 12.milljónir fyrir afskriftir og fjármagnsliði, en eftir þá liði um 6 milljónir.

Klúbburinn er með nokkrar veislur árlega í samstarfi við veitingaraðila skálans. Má þar helst nefna vorfagnað í maí eftir fyrsta golfmóti í upphafi sumars og síðan að loknu meistaramóti. Og jafnframt í lok sumars eftir bændaglímu eru þetta mjög vel sótt af félagsmönnum, almenn ánægja er hjá félagsmönnum með þetta. Nú hefur verið ákveðið að vera með jólahlaðborð að loknum aðalfundi í desember.

Klúbburinn heldur nokkur innan félagsmót sem eru vel sótt. Við sendum 3 sveitir til keppni í Sveitakeppni GSÍ árlega og var árangur okkar þetta árið mjög góður. Karlasveit okkar varð í öðru sæti og spilar í 1. deild að ári. Kvennasveit eldri kyflinga hélt sæti sínu í 1. deild og karlasveit eldri kyflinga var hársbreitt frá því að færast upp um deild en varð að setta sig við þriðja sæti, í 2. deild.

Á árinu sem er að liða voru framkvæmdir við völlinn og umhverfi hann líklega þær mestu frá því að völlurinn var stækkaður í 18. holur. Byggðir voru tveir nýir teigar á 5. braut rauður teigur, síðan var legu 9. brautar breytt með nýjum gulum teig. Sett voru upp ný teigskilti á öllum gulum teigum. Göngustígar voru lagaðir og verður því verki haldið áfram á komandi ári en þá verður lagt gervigras á ca. 500. metra af þeim Unnið er við að græða upp 4. og 5. braut sem fóru illa af kali veturinn

2013 til 2014. Búið að grafa drensurði til að reyna að koma í veg fyrir að vatn safnist saman á brautunum, verður það síðan klárað á komandi vori.

Það sem er eina mest áriðandi er að stækka núverandi vélageymslu þar sem ekki er möguleiki fyrir okkur að koma inn öllum þeim tækjum og golfbílum sem klúbburinn á. Höfum við þurft að notast við geymslugáma til að geyma stóran hluta af okkar tækjum yfir veturinn, en það fer ekki vel með þau þar sem um óupphitaða rými er að ræða og jafnframt er mikill raki í gámunum, fer það ekki vel með vélar og tæki og nokkuð ljóst að viðhald tækja er margfalt meiri og ending ekki eins góð og ef að þessi tæki væri geymd í upphituðu húsnæði. Eruð við með núna með 2x 40 feta gáma og 4x 20 feta gáma eða alls um 120 m².

Það er von okkar að veturinn verði okkur hagstæður og hægt verði að opna völlinn snemma vorið 2016 í jafngóðu ástandi og undafarinn ár. Nú þegar er farið að bóka á völlinn fyrir sumarið 2016 jafnt innlenda sem erlenda hópa.

Golfklúbbur Selfoss

Stjórn GOS á tímabilinu skipuðu eftirtalin: Ástfríður Sigurðardóttir formaður, Helena Guðmundsdóttir



gjaldkeri, Svanur Bjarnason ritari, Halldór Morthens meðstjórnandi og Axel Óli Ægisson meðstjórnandi.

Félagafjöldi í GOS er 493 þar af eru 102 aukameðlimir. 77 hættu í klúbbnum á tímabilinu og 90 nýir gengu til liðs við okkur. Samningur GOS við Golfklúbb starfsmannafélags Íslandsbanka (GOSÍ) var áfram í gildi á árinu en með honum komu alls 203 kyflingar í GOS, Eins og á síðustu misserum stóð félagafjöldi nokkuð í stað hjá GOS en þó varð hér aukning í ár um 23 félaga



Öflugt kvennastarf er í GOS.

og er það meira en margir klúbbar á landsvísi geta stært sig af. Dreifing fullgildra félaga hjá okkur er þannig að karlar innan 15 ára eru 27, konur yngri en 15 eru 21, karlar eldri en 15 eru 228 og konur 115. Það er afar ánægjulegt að sjá þessa fjölgun kvenna í báðum aldursflokkum.

Innra starf var eins og áður í miklum blóma og ber að þakka kröftugum og áhugasömum nefndarmönnum fyrir þeirra framlag til þessa mikilvæga þáttar í rekstri golfklúbbs. Vonandi er þetta ástand komið til að vera og fer að öllum líkindum bara vaxandi.

Meðal helstu verkefna stjórnar á tímabilinu má nefna að farið var í endurfjármögnun lána strax í upphafi starfsárs og töluvert þurfti að fjárfesta í búnaði og leggja töluvert í viðhald véla. Sem dæmi um kaup á vélabúnaði var fjárfest í holuskera, kantskera, verticut hnífum, áburðardreifara og einnig s.k. flightscope til að nýta í kennslu og við æfingar. Þá voru keyptar vélar í eldhús, frískað uppá snyrtingar og ýmsar vörur keyptar til að auka ásýnd og snyrtimennsku á vellinum. Í því sambandi má einnig nefna höfðinglega gjöf Sigurðar Kolbeinssonar til klúbbsins en hann færði okkur, í minningu föður síns, þvottastanda fyrir járnkylfur sem komið var fyrir á þrem stöðum á vellinum og féll í góðan jarðveg hjá kylfingum. Við þökkum Sigurði kærlega fyrir þetta glæsilega framtak.

Vissar breytingar voru gerðar í fyrirkomulagi veitingasölu í klúbbhúsi en betur verður gerð grein fyrir þeim þætti í efnahagsreikningi. Þrír starfsmenn voru ráðnir í veitingasölu auk þess sem fyrir kom að kalla þurfti inn aðstoðarfólk á miklum álagstímum. Sigurður Lárusson, matreiðslumaður reyndist klúbbnum einstaklega vel með aðkomu að gerð matseðils og þjálfun starfsfólks. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

Á vellinum störfuðu 5 starfsmenn auk Gunnars Marels og Bjarka Þórs sem stýrðu allri vinnu á vellinum. Auk þeirra voru þrír aðilar sem sáu um kennslu og ráðgjöf.

Tíðarfar hér sunnan heiða var með þokkalegasta móti, allavega á landsvísi og ástand vallarins hreint frábært. Vallarstjórar okkar og aðrir starfsmenn unnu frábært starf og eiga miklar þakkir skildar fyrir. Á árinu voru leiknir alls 11.163 hringir á Svarfhólsvelli sem er algjört met og að öllum líkindum fyrsta sinn sem við rjúfum 10.000 hringja múrinn. Félagsmenn áttu 4163 hringi, gestir 5754 og 1246 voru spilaðir í mótum. Hringir alls árið áður voru 9.777 og var um aukningu að ræða í fjölda hringja félagsmanna og gesta á þessu ári og aukning í heildarspili er því 14,1%.

Í ár var gerður afrekssamningur við Alexöndru Eir Grétarsdóttur sem hefur löngu sannað sig sem afar efnilegur kylfingur sem sýnir einstakan aga við æfingar og styrktarþjálfun. Ásamt því að gera slíkan samning hlaut hún einnig styrk úr afrekssjóði GOS og Árborgar. Einnig var barna- og unglingahópur GOS sem hélt í æfingaferð til Spánar á vormánuðum styrktur.

Á tímabilinu var inniaðstaða okkar á Eyrarbakka seld og því hófst enn einu sinni leit að hentugu húsnæði. Nú hefur verið gengið frá leigusamningi til 2ja ára á húsnæði í Gagnheiði 32 og mun Sveitarfélagið Árborg styrkja klúbbinn vegna leigukostnaðar. Þarna verður góð æfingaaðstaða auk þess sem unnt verður að geyma vélakost í húsinu, en stefnt er að því að gera þessa inniaðstöðu að félagsheimili GOS-ara á veturna með flottri inniaðstöðu, púttflött, netum, borðtennis, pílukasti og síðast en ekki síst verður í fyrsta skipti á Selfossi settur upp fullkominn golfhermir. Aðstaðan verður opnuð mánamótin nóvember – desember.

Hvað framtíðaruppbyggingu á svæði golfvallarins varðar þá hafa af ýmsum óviðráðanlegum ástæðum orðið tafir á deiliskipulagsvinnu en eitt og annað kom á daginn þegar hún átti að hefjast og í því ferli sem svona vinna er. Það lítur út fyrir að skipulagsvinnu geti lokið á næstu mánuðum og ætti okkur því að vera heimilt að hefja framkvæmdir eftir því sem við á þegar snjóa leysir næsta vor eða síðla vetrar.

Golfklúbburinn Tuddi

Aðalfundur GOT ársins 2015 var haldin 14. janúar. Dagsskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Er



stjórn GOT skipuð eftirfarandi mönnum; Forseti, Bjarni Magnússon. Varaforseti, Bogi Pétursson. Gjaldkeri, Magnús Már Þórðarson. Ritari, Marteinn Þorkelsson. Meðstjórnandi, Hilmar Hólmgeirsson. Meðstjórnandi, Óli Öder Magnússon. Meðstjórnandi, Júlíus Hallgrímsson.

Herrakvöld GOT var haldið 20. febrúar í Laugardalshöll. Var þetta í sjötta sinn sem klúbburinn heldur slíkt herrakvöld og að venju var uppselt. Framkvæmd kvöldsins tókst með miklum ágætum og var ánægja gesta og félagsmanna sjálfra augljós. Vill stjórnin þakka öllum sem að komu og tóku þátt.

Sumarstarfið var í miklum blóma eins og undanfarin ár. Innanfélagsmót voru haldin, bæði stór og smá og einnig var spiluð bikarkeppni GOT, sem heppnaðist vel. Enn og aftur var Magnús Eggertsson sem fór með sigur úr báttum í þessi einstöku keppni og telst því vera bikarmeistari GOT 2015. Er þetta fjórða árið í röð sem Magnús ber sigur úr bítum, er það einstakt afrek í sögu klúbbsins.

Meistaramót GOT var haldið 4. og 5. september í Vestmannaeyjum. Eins og oft áður þá má segja að Golfklúbburinn Tuddi sé brautryðjandi á hinum ýmsum sviðum golf íþróttarinnar. Því það er okkur til efs að nokkru sinni fyrr hafa íslenskur golfklúbbur haldið sitt meistaramót í Vestmannaeyjum, fyrir utan Vestmannaeyinga. Mótið sem slíkt var haldið með nokkuð hefðbundnu sniði, þó var undirbúningur, setning mótsins ekki eins og oft áður. Messufallið hafði slæm áhrif á rauða liðið. Svarta liðið sigraði örugglega þetta árið, og klúbbmeistari GOT 2015 er Þorsteinn Hallgrímsson. Skemmtinefndin skipulagði skemmtikvöld og aðrar samverustundir. Mikil gleði myndaðist meðal félagsmanna á kvöldvökunni. Stjórnin vill þakka öllum sem tóku þátt í undirbúning og komu að mótinu en þó sérstaklega tveimur af heiðursfélögum klúbbsins, þeim Helga Bragasyni og Hallgrími Júlíussyni.



Grillmeistarar GOT á Kótiletunni að grilla og selja kótiletur til styrktar félagi krabbameinssjúkra barna.



Jólahlaðborð GOT var haldið þann 21. nóvember í veislusal Einvaldsins. Matarnefndin og skemmtinefndin stóð sig frábærlega eins og áður en minna verður talað um afrek skreytinganefndarinnar. Félagsmenn dvöldu svo saman mislengi yfir söng og gleði.

Við erum stoltir að minnast á styrkveitingar klúbbsins til góðra málefna. Við styrktum félag krabbameinssjúkra barna og Samhjálp með vinnu og fjárframlögum. Golfklúbburinn Tuddi er enn og aftur í brautryðjendastarfi íþróttafélaga.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar GOT þakka öllum þeim sem lögðu félaginu lið á síðasta starfsári. Stjórnin vill hvetja félagsmenn til enn ríkara félagsstarfs árið 2016 en reyndin var 2015.

Bjarni Magnússon, forseti



Kylfingar að ljúka leik á 9. flöt á Úthlíðarvelli.

Golfklúbburinn Úthlíð

Það voraði seint árið 2015 og munaði um mánuði á gróðri miðað við árið áður en það ár var sumarið reyndar óvenju snemma á ferðinni. Það rættist samt úr tíðinni og má segja að veðurfar og aðstæður til golfiðkunar hafi verið ágætari í heildina. Vegna þess hversu veturinn hafði verið umhleypingasamur þá var nokkuð kal í vellingum sem vegna vorkulda fór seinna úr en oft áður, en yfirleitt eru einhverjir kalblettir á vorin sem hverfa þegar líður á sumarið. Í sumarlok mátti heita að allt kal væri horfið.

Félögum í klúbbnum fjölgaði nokkuð á árinu og voru félagar um 170 í sumarlok. Þar af voru um 40 GSÍ félagar, þ.e. bara með GSÍ aðild í gegn um GÚ en ekki spilarétt á vellingum. Um 75% af félagsönnum eru hjón en um fjórðungur einstaklingar. Eins og áður þá er uppistaða félaga sumarhúsa eigendur í Úthlíð og í nágrannabyggðum. Fjöldi sumarkorta sem félagasamtök og fyrirtæki keyptu dróst lítillega saman.

Á vinnudegi síðasta vor voru flatir „verticuttaðar“ og sandbornar. Þá voru sandglompur kantskornar og snyrt í kring um húsið. Vonandi eru allir sammála um að í heildina þá er völlurinn alltaf að þróast í rétta átt og batnar vonandi með hverju ári. Eins og áður þá var rástímaskráning á netinu og vallargæsla um helgar niðri á golfvelli yfir mesta annatímann. Þá var boðið upp á sjálfsafgreiðslu í golfskálanum þann tíma sem ekki var gæsla þar.

Mestu breytingar í hirðingu vallarins síðasta sumar var sú að keypt var ný brautarsláttuvél. Um var að ræða uppgerða vél árgerð 2007 en aðeins notaða í um 700 tíma þannig að hún var í raun eins og ný. Fjárfestingin var umtalsverð, eða um 5,6 milljónir. Auk þess var ráðist í að gera upp flatarsláttuvélina sem kostaði um milljón. Stjórn GÚ samþykkti að allt laust fé klúbbsins myndi renna til þessara fjárfestinga í formi

landleigu til Ferðapjónustunnar sem er rekstaraðili vallarins og skýrir það óvenju mikið bókfært tap á reikningum klúbbsins í ár. En nokkur undanfarin ár hafði klúbbnum tekist að safna nokkrum fjármunum þar sem fyrirsjáanlegt var að fyrir eða síðar þyrfti að fara í fjárfestingar af þessu tagi.

Það voru aðallega tveir starfsmenn sem sinntu vallarstörfum í sumar, Hafsteinn Jónsson og Þráinn Hauksson. Þráinn er GÚ félögum að góðu kunnur þar sem hann hefur verið í klúbbnum nánast frá stofnun og var ávinningur af því að fá hann til vallarstarfa. Hirðing vallarins gekk ágætlega og truflanir á slætti vegna vélabilana urðu mun minni en undanfarin sumar. Í lok sumar voru keyptar flatarpökur hjá Grasvinafélaginu sem voru settar á léleg svæði í kring um flatirnar. Þessi svæði eru á nokkrum stöðum farin að láta á sjá, væntanlega vegna mikils álags. Ef vel tekst til er líklegt að við höldum þessum endurbótum áfram. Jafnframt er hægt að stækka flatirnar með þessu móti og einnig með því að slá þær utar.

Mótahald var með nokkuð hefðbundnum hætti. Það byrjaði með SoHo Market vormótinu sem Jóna Lár og Sveinn sáu um með glæsibrag eins og undanfarin ár. Síðan var miðsumarmótið sem var skemmtilegt og glæsilegt. Meistaramótið sigruðu Jóhann Ríkarðsson og Krístrún Runólfssdóttir. Jóhann er sá sem hefur unnið meistaramótið oftast en Krístrún varð kvennameistari í fyrsta skipti. Geirs goða mótið var á sínum stað í ágúst og síðan lauk sumrinu með vel heppnaðri bændaglímu þar sem bóndakonurnar Una María Óskarsdóttir og Guðbjörg Alfreðsdóttir tókust á með sínum liðum og Una María hafði betur eftir spennandi keppni.

Þorgerður Hafsteinsdóttir og Björn Þorbjörnsson sigruðu hjóna og parakeppnina í annað skipti af þeim þremur sumrum sem þessi mótarið hefur verið spiluð.

Kvennasveit GÚ tók þátt í 2. deild í sveitakeppni GSÍ í Hveragerði og náði þeim frábæra árangri að enda í öðru sæti og vinna sig þar með upp í 1. deild á næsta ári. Þetta

eykur tvímælalaust athygli golfsamfélagsins að okkar litla klúbbi og verður gaman að fylgjast með sveitinni okkar spila í 1. deild á næsta ári.

Að venju er öllum félögum klúbbsins og samstarfsaðilum þakkað fyrir gott samstarf á árinu og væntum við þess að við getum áfram haldið áfram að byggja upp golfvöllinn og Golfklúbbinn í Úthlíð.

F.h. stjórnar, Þorsteinn Sverrisson.

Golfklúbbur Þorlákshafnar

Stjórn Golfklúbbs Þorlákshafnar

starfsárið 2015 sem kosin var á aðalfundi 22. janúar 2015 var þannig skipuð. Formaður: Guðmundur Baldursson.

Varaformaður: Magnús

Ingvason. Ritari: Ingvar Jónsson. Gjaldkeri: Marteinn Óli Skarphéðinsson. Meðstjórnandi: Sigríður Ingvarsdóttir. Varamaður: Magnús Joachim Guðmundsson. Varamaður: Óskar Logi Sigurðsson.

Eins og alltaf áður sér Golfklúbbur Þorlákshafnar um rekstur og uppbyggingu golfvallarins (Þorláksvallar) og er starfsemi klúbbsins því talsvert mikil og þá aðallega í kringum rekstur vallarins og golfskálans. Aðsókn að vellingum var heldur minni árið 2015 en árið á undan og er þar helst um að kenna hvað voraði seint og mikils sands sem fauk á völinn á vormánuðum.

Á árinu var áfram unnið við gerð tveggja nýrra brauta, samkvæmt áfanga 1 í áætlun þeirri sem samþykkt var á aðalfundi fyrir árið 2013. Framkvæmdir hófust 15. júní og stóðu yfir fram á haust.

Fengnir voru verktakar til að annast ákveðna þætti framkvæmdanna, en að öðru leiti voru framkvæmdir í höndum vallarstarfsmanna og félaga. Edwin Roald golfvallarhönnuður sá um hönnun, og var





Séð yfir 9. braut á Þorlákssvelli.

klúbbnum til ráðgjafar vegna þessa. Miklar væntingar eru gerðar til þessara breytinga og vonandi fer allur sá sandburður sem á völinn hefur komið að heyrna sögunni til.

Skráðir félagar í Golfklúbbi Þorlákshafnar eru núna 297 og er það fækkun frá árinu áður.

Mótahald á árinu var talsvert minna en oft áður. Munar þar mestu um að veðurfar og sandur á vormánuðum gerði það að verkum að ekki tókst að halda þau opnu mót sem áformuð voru. Nokkur fyrirtækjamót voru haldin á árinu og eins var Landsamband eldri kylfinga (LEK) með eitt mót í sinni mótaroð þar sem voru 107 þátttakendur. Halda átti hér Íslandsmót 35 ára og eldri í júlímánuði, en þegar fór að nálgast mótið kom í ljós að ekki var áhugi hjá kylfingum fyrir þessu móti í Þorlákshöfn, þar sem væntanlegum þátttakendum fannst við vera of nálægt höfuðstaðnum. Ákveðið var að hætta við að halda mótið hér og ákvað GSÍ síðan að mótið yrði haldið í Vestmannaeyjum og fór það fram þar í ágúst. Þetta var svolítið bagalegt fyrir okkur því við vorum bæði búin að leggja talsverða vinnu í undirbúning og eins voru ákveðnar væntingar gerðar til þessa móts.

Innanfélagsmót voru átta talsins hjá okkur og voru þau með svipuðu sniði og árið áður, sæmileg þátttaka var í þessum mótum. Meistaramótið var haldið í júní og var sæmileg þátttaka þar eða 15. þátttakendur. Keppt var í þremur flokkum karla og einum flokki kvenna. Klúbbmeistari í karlaflokki var Ingvar Jónsson og í kvennaflokki Brynja Ingimarsdóttir. Í lok móts var snæddur hér dýrindis kvöldverður þar sem og verðlaunaafhending fór fram. Bændaglíma var okkar síðasta mót og var þátttaka þokkaleg.

Haldnar voru golfæfingar fyrir börn og unglíngla í sumar og sá Ingvar Jónsson PGA golfkennari um þjálfun hópanna. Það má segja að þetta hafi tekist þokkalega og var þátttaka nokkuð góð. Með öflugum unglíngastarfi leggjum við grunninn til framtíðar.

Ekki hefur tekist að efla kvennastarfið eins og við gerðum okkur vonir um. Undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að því að kynna golfþróttina fyrir konum og markmiðið var að reyna fá sem flestar konur til að koma og

vera með. Óhætt er að segja að þetta hefur ekki skilað því sem vænst var eftir. Við verðum að halda áfram þessu starfi og jafnframt líka að leita nýrra leiða sem við teljum geta skilað árangri. Ásta Júlía Jónsdóttir hefur haldið um kvennastarfið og hefur unnið þar gott starf undanfarin ár.

Ingvar Jónsson sá um kennslumál fyrir klúbbin og þar á meðal um að leiðbeina bæði hópum og einstaklingum.

Stjórn GP kaus Ingvar Jónsson sem kylfing ársins 2015. Ingvar er vel að þessum titli kominn, hann er einn öflugasti kylfingur klúbbsins ásamt því að vera virkur í félagsstarfinu. Ingvar er orðinn menntaður PGA kennari og hefur séð um kennslu og unglíngastarfi hjá klúbbum eins og áður hefur komið fram. Ingvar var klúbbmeistari karla á árinu.

F.h. stjórnar,

Guðmundur Baldursson, formaður

Golfklúbburinn Þverá

Stjórn Golfklúbbsins Þverá á Hellishólum 2016: Ragnar Borgþórsson formaður, Víðir Jóhannsson gjaldkeri, Baldur Baldursson meðstjórnandi, Guðmundína Kolbeinsdóttir meðstjórnandi, Ívar Harðarson meðstjórnandi, Ólafur J. Lúðvíksson meðstjórnandi, Rúnar Garðarsson meðstjórnandi.



Golfvöllurinn á Hellishólum.

Síðasti aðalfundur var haldin 11. september 2015. GPÍ hélt nokkur opin mót sumarið 2015 og ber þar helst að nefna Opna ISS mótið, Opna Olís mótið, Landsmót Frímúrara o.fl. Einnig var haldið eitt GSÍ mót og var það sveitakeppni eldri kvenna fyrsta og önnur deild í ágúst. Engar sérstakar nýjungar voru teknar í gagnið á árinu en undirbúningur fyrir öflugra félagsstarf barna og unglíngla á samt kvennastarfi er á döfinni árið 2016.

F.h. stjórnar,

Ragnar Borgþórsson, formaður

Golfklúbbur Öndverðarness

Stjórn: Formaður Aðalsteinn

Steinþórsson, varaformaður

Knútur G. Hauksson,

gjaldkeri Guðlaug

Þorgeirsdóttir, ritari Guðjón

Snæbjörnsson, meðstjórnandi

Hannes Björnsson. Varastjórn Þórhalla


Arnardóttir og Þórir Baldvin Björgvinsson.

Aðalfundur GÖ var haldinn 2. desember 2015.

Fram kom í skýrslu stjórnar að spilaðir voru 37% fleiri hringir á Öndverðarnessvelli en árið áður. 511 félagar eru í GÖ og fjölgaði þeim um 3% milli ára.

Stjórnin boðaði til stefnumótunarfundar með þjóðfundar fyrirkomulagi í mars. Tilgangur fundarins var að safna hugmyndum frá félagsmönnum klúbbsins um það hvernig þróa má m.a. aðstöðu, félagsstarf og rekstur golfklúbbsins á næstu árum. Markmiðið var að eftir þjóðfundinn hefði stjórn golfklúbbsins í höndum efnið sem auðveldaði henni að taka ákvarðanir og setja markmið fyrir rekstur golfklúbbsins í takti við þarfir og væntingar félagsmanna. Fundurinn tókst vel, á hann mættu milli 60-70 manns og þar var jákvætt andrúmsloft og góður starfsandi.

Nýr vallarstjóri, Sveinn Steindórsson, hóf störf um miðjan mars. Hann er menntaður gras- og golfvallafræðingur frá Elmwood College í Cupar í Skotlandi og hefur um árabil starfað í sínu fagi hér á landi og erlendis.





Sigurvegjarar í drengjaflokki á meistaramóti GÖ 2015. Júlíus Már Júlíusson, Hrnannar Ingi Jónsson og Gylfi Már Harðarson.



Geysisfélaginn Guðmundur Björgvinsson var valinn knapi ársins hjá LH.

Hestamannafélagið Háfeti



Æskulýðsstarfið hefur gengið mjög vel. Námskeiðin byrjuðu í lok janúar og voru fram í lok maí. Alls voru 10 börn sem tóku þátt árið 2015. Við höldum flotta sýningu í reiðhöll Guðmundar í mars

þegar Hestadagar voru um allt land. Við vorum með fimm flott atriði, yngstu krakkarnir komu í búningum og sýndu ásetuæfingar á hestum sínum. Tvær flottar stelpur voru Elsnar úr Frozen og sýndu glæsilegt töltþrógram, Grimmhildur Grámann og hvolparnir hennar voru með atriði og að lokum vorum við með glæsilegt fimleikaatriði þar sem tvær systur fóru á kostum. Ákveðið var að fara með atriðin á Hestafjör sem haldið er á Selfossi og má með sannni segja að fimleikaatriðið hafi heldur betur slegið í gegn.

Keppnisnefnd hélt sex mót á árinu með ágætis árangri. Fjögur Hallarmót þar sem stigakeppni er í gangi og sá sem sigrar hana hefur verið tilnefndur sem íþróttamaður Háfeta. 2015 var það Monika Sjöfn Pálsdóttir sem sigraði stigakeppnina með 32 stigum og var valinn Íþróttamaður Háfeta. Einnig er Firmakeppnin haldin árlega með ágætis þátttöku en hún er fjárfest hjá Háfeta og eru mörg fyrirtæki sem styrkja félagið. Síðasta mót ársins var gæðingamót Háfeta þar sem nokkuð margir tóku þátt og gekk það mót prýðilega vel. Við þurfum að fresta nokkrum mótum vegna veðurs en þau gengu öll vel.

Á hverju ári eru Karla- og kvennareiðir. Konurnar stjarna við karlana í karlareiðum og öfugt. Farið er í skemmtireið og að lokum er komið saman í félagsheimili Háfeta þar sem góður matur er snæddur og öl drukkið. Í ár var ákveðið að hafa þema í báðum reiðum og

Áhersla var lögð á það við ráðningu Sveins að auka vinnu við snyrtingar á vellinum, s.s. að kantskera og laga stíga, breyta trjágróðri, ljúka hellulögn við 1. teig og almennt að bæta umhirðu teiga. Vallar- og mannvirkjanefnd ásamt stjórn skipulagði hefðbundinn vinnudag að vori þann 9. maí. Um 60 GÖ félagar mættu og unnu að fjölbreyttum verkefnum við völlinn, umhverfið og golfskálann. Frábært veður var þennan dag og þrekvirkir voru unnin á skemmtilegum degi.

Eftir að golfsumrinu lauk hafa verið miklar framkvæmdir í gangi. Unnið er að breytingum á 1. og 11. braut og lýkur þeim snemma í vor.

Nýtt vallarmat sem unnið var af vallarmatsnefnd GSÍ í haust. Leikförgjöf breytist mismunandi eftir teigum en hún hækkar að jafnaði um 2-3 frá því sem var síðasta sumar.

Rekstur klúbbsins gekk vel á árinu. Velta klúbbsins jókst um 35% milli ára og var liðlega 41 milljón kr. og rúmlega 4 miljóna kr. hagnaður varð af rekstrinum.

Fundurinn samþykkti að hækka árgjöld að jafnaði um 6%. Samþykkt var þó að hækka gjald einstaklinga óverulega og nýtt árgjald ungmenna 21-25 ára var ákveðið 20.000 kr. sem er umtalsverð lækkun eða 1/3 af því sem þessi aldurshópur greiddi áður. Öll ungmenni á aldrinum 16-25 ára greiða því einungis 20.000 í árgjald en gjald fyrir börn 15 ára og yngri er innifalið í hjóna- og fjölskyldugjaldi sem verður 95.000 kr. á næsta ári.

Hestamannafélagið Geysir



Aðalfundur var haldinn 25. febrúar 2015. Formaður: Ólafur Þórisson. Varaformaður: Davíð Jónsson. Gjaldkeri: Sigríður Th. Kristinsdóttir. Meðstjórnendur: Jón Páll Sveinsson og Guðmundur. Varamenn: Guðmundur F. Björgvinsson og Heiðdís Arna Ingvarsdóttir.



Frá hestadögum Háfeta.



völdu konurnar NEON fyrir karlana og var það hann Jón Óli sem vann í ár. Hjá konunum völdu karlarnir ABBA þema og var það hún Hrönn Jónsdóttir sem vann þá keppni. Um kvöldið er svo spilað á gítar og sungið. Við viljum þakka öllum fyrir aðstoðina sem hana veittu. Selvogsreiðin var í júní og var ágætis þátttaka, stemmingin góð að vanda og vonum við að enn fleiri sjái sér fært að mæta að ári.

Sjöfn Sæmunds og Stefán Jóns fóru á landsþingið fyrir hönd félagsins árið 2014 og var ákveðið á því þingi að við myndum koma saman aftur og hafa vinnufund. Sjöfn og Stefán fóru fyrst á vinnufund á Helli þar sem breiður hópur hestamanna á suðurlandi kom saman og þar var margt og mjög mikið rætt en einnig kviknuðu góðar hugmyndir. Landsmót eða landsmótsstaðir eru alltaf heitasta umræðan þegar hestamannafélögin í landinu hittast. Vinnufundur LH var haldin í Reykjavík í október 2015 og gekk sá fundur vel og voru margar góðar hugmyndir sem komu þar fram. Sjöfn fór á formannafund sem var haldin í nóvember í Reykjavík og var einnig haldin vinnufundur, margar góðar hugmyndir eru á lofti og aðal umræðuefni fundarins var hvernig við getum aukið nýliðun og fengið fleiri til þess að ganga í LH.

Hestamannafélagið Ljúfur

Núverandi stjórn Ljúfs: Ægir Guðmundsson formaður, Hafþór Þorvaldsson varaformaður, Aldís Eyjólfsdóttir gjaldkeri, Erla Björk Tryggvadóttir ritari, Guðmundur Sigfússon meðstjórnandi.



Aðalfundur Ljúfs var 2. febrúar 2015 og er búið að senda út boð fyrir aðalfundinn í ár en hann veður 28. janúar 2016.

Starfsemi Ljúfs er skipt í nefndir en þær eru æskulýðs-og fræðslunefnd, mótanefnd, beitar-og mannvirkjanefnd, reiðveganevnd og ferða-og skemmtinevnd. En Ljúfur stendur fyrir flottu reiðvegakerfi um land Ölfus og Hveragerði en nú er verið að leggja veg frá Bæjarþorpsvegi niður að Þurá.

Æskulýðs og fræðslunefnd hafa staðið fyrir reiðnámskeiði fyrir börnin ásamt því að teyma undir krökkum 17 júní. Auk þess er verið að halda járnanganámskeið á dögnum.

Mótanefnd var með nýja mótardöð í fyrri samstarfi við Fákasel og tókst hún vel og verður áframhald á með breytingum sem tóku mið af seinasta ári um það hvað betur mætti fara og það sem var gott.

Beitanefnd hefur svo unnið flott starf í að girða en félagið hefur aðgang að miklu landi fyrir beit.

F.h. Ljúfs
Erla Björk Tryggvadóttir, ritari.



Ljúfsmaðurinn Janus Eiríksson stigahæsti knapi mótaraðar félagsins.

Hestamannafélagið Logi

Aðalfundur var haldin 16. apríl 2015 og hætti Hólmfríður Ingólfssdóttir sem gjaldkeri eftir margra ára farsælt og gott starf. Á aðalfundinum tók Freydis Örlygsdóttir við starfi gjaldkera.



Árið 2015 var stjórn félagsins þannig skipuð: Einar Á.E.Sæmundsen, formaður, Sólón Morthens, varaformaður, Freydis Örlygsdóttir, gjaldkeri, Líney Kristinsdóttir, ritari, Marta Margeirsdóttir, meðstjórnandi.

Starf Hestamannafélagsins Loga var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2015. Haldin voru vetrarmót í samstarfi við Trausta, vel sótt reiðnámskeið og firmakeppni á mótssvæði Logamanna í Hrísholti. Á undanföllum árum hefur samstarf hestamannafélaganna í

uppsveitum aukist mikið og hélt það áfram 2015. Sameiginlegt tölmót Trausta, Loga og Smára var haldið í Reiðhöllinni á Flúðum daginn fyrir skírdag og Uppsveitadeild fullorðinna og æskunnar voru haldin yfir vetrarmánuðina. Allir þessir viðburðir hafa vakið athygli og hleypt miklu lífi hestamennsku í Uppsveitunum.

Reiðhöllin á Flúðum hefur sannað sig á undanföllum árum sem mikilvægur hlekkur í starfi félaga í hestamannafélögunum og vel nýtt yfir vetrarmánuðina.

Ákveðið var að halda sameiginlegt opið gæðingamót með Smára á Flúðum helgina fyrir verslunarmannahelgi og tókst það í alla staði mjög vel. Skráning var góð, umgjörð til fyrirmyndar og allir vellir og aðstaða gríðarlega góð. Þetta var nýjung sem hefur verið nokkuð rædd í félaginu og voru skiptar skoðanir enda mótshald í Hrísholti byggt á gömlum merg. Stjórn Loga mun skoða framhaldið.

Hestamannafélagið Sleipnir

Aðalfundur fyrir árið 2014 var haldinn fimmtudaginn 30. janúar 2015 í Hlíðskjálfi. Á aðalfundinum voru kjörin í stjórn; Magnús Ólason formaður, Karl Áki Sigurðsson varaformaður, Linda Björk Ómarsdóttir gjaldkeri, Sigurvaldi Hafsteinsson ritari, Kjartan Ólafsson meðstjórnandi. Í varastjórn voru kjörnir Oddur Hafsteinsson og Stefán Ólason. Félagar Sleipnis árið 2015 eru 628 og hefur félagafjöldinn aldrei verið jafn fjölmennur og nú. Þrír félagar Sleipnis sóttu ársþing HSK.



Haldinn voru 3 vetrarmót, firmakeppni, páskatötl, 5 daga íþróttamót (World Ranking)



Rósa Kristín Jóhannesdóttir hlaut Feykis-skjöldinn á uppskeruhátíð æskulýðsnefndar Loga.



Frá uppskeruhátíð æskulýðsnefndar Sleipnis.

og gæðingamót. Einnig voru haldnar skeiðkappreiðar af skeiðfélaginu og skeiðkappreiðar fyrir Meistaradeildina þóttu öll þessi mót takast einstaklega vel.

Sumarferð Sleipnis var 3 daga ferð um Rangárfing Fljótshlíð og Þykkvabæ, um 60 félagsmenn tóku þátt og tókst ferðin mjög vel hjá ferðanefndinni. Hafi hún bestu þakkir fyrir sitt framlag. Tekin var í notkun ný reiðleið svokölluð Volaleið sem nær frá Gaulverjabæjarvegi og austur að Villingaholtsvegi alfarið utan akstursleiða sem er vel og leiðin formlega vígð með fjölmennri hópreið í ágúst. Búið að gera mikið átak í reiðvegamálu á félagssvæðinu undanfarinn ár í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp.

Sleipnisfélaginn Eyrún Ýr Pálsdóttir varð Íslands- og Reykjavíkurstestari í fimmgangi meistaraflokks og erum við stolt af að eiga Íslandsmeistara í þessari grein í okkar röðum. Auk hennar voru fjölmargir aðrir keppendur Sleipnis sem stóðu sig með miklum sóma og komu vel fram fyrir hönd félagsins.

Sleipnishöllin fékk enn meiri andlitslyftingu á árinu þar sem bygginganefndin og sjálfboðaliðar luku við klæðingu á höllinni að innan með því að klæða suðurhlíð hússins með hvítu stáli. Einnig hefur aðstaðan bæst mikið og árinu lauk með því að setja nýtt undirlag á reiðgólfið. Með áframhaldandi vinnu og auglýsingatekjum náði félagið þeim merka áfanga greiða upp allar skuldir Sleipnishallarinnar sem er mikið afrek á jafn skömmum tíma og raun ber vitni. Enda ekki verið greitt fyrir eina einustu vinnustund í höllinni eftir að steypir voru sökklaar að byggingunni.

Í haust sem leið var haldinn heilmikil Árhátíð með yfir 200 manns í mat þar sem veittar voru viðurkenningar til afreksfólks félagsins og meðal annarra ný verðlaun sem veitt voru félaga ársins Guðlaugu Báru Sigurjónsdóttir sem staðið hefur vaktina með greiðasölu á mótum félagsins með tekjum fyrir æskulýðsstarf félagsins sem er í miklum blóma og búið að vera síðastliðinn ár. Í fyrirasumar fóru ungmenni félagsins til danskra ungmenna í kringum heimsmeistaramót íslenska hestsins í Herning og tókst sú ferð í alla staði vel.

Hestamannafélagið Sleipnir hefur verið sýnilegt í viðburðum bæjarfélagsins og hlotið

jákvæða ásýnd hjá bæjarbúum bæði þegar farið er fyrir skruðgöngum og eins við að teyma undir börnum. Þakka gott starf sjálfboðaliða á liðnu ári.

**F.h. stjórnar,
Magnús Ólason, formaður.**

Hestamannafélagið Smári

Aðalfundur Smára var haldinn á Hestakránni á Húsatóftum 26. janúar. Breytingar urðu á stjórnarskipan en Lilja Össurardóttir gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Svanhildur Pétursdóttir kjörin í stjórn félagsins í hennar stað.

Í stjórn sitja: Ingvar Hjálmarsson, formaður, Bárá Másdóttir, gjaldkeri, Hulda Hrönn Stefánsdóttir, varaformaður, Aðalheiður Einarsdóttir, ritari, Svanhildur Pétursdóttir, meðstjórnandi.

Starf félagsins er í nokkuð föstum skorðum og er keppnishald stór þáttur. Fyrsta keppni ársins var vetrarmót 14. febrúar og voru þau þrjú talsins að venju. Vetrarmótin voru ekki jafn vel sótt eins og undanfarin ár og er kannski um að kenna eindæma leiðinlegri veðráttu sem setti ansi margt úr skorðum síðasta vetur.

Uppsveitadeildin er orðin fastur liður í félagsstarfi hestamanna á svæðinu og mikil lyftistöng fyrir félagsandann enda eru keppnirnar geysilega vel sóttar. Uppsveitadeild æskunnar var á sínum stað og stóðu æskulýðsnefndir félaganna sig frábærlega eins og áður að gera keppnirnar sem flottastar og þjálfá börnin.

Firmakeppni félagsins var haldinn að venju 1 maí. Bliðskapar veður var og margt um manninn. Að lokinni firmakeppninni var blásið til veislu en félagið varð 70 ára 1. mars. Margir sáu sér fært að koma og gleðjast með okkur og varð úr heljarinnar skemmtun. Krakkarnir voru með tvö atriði sem þau voru búin að leggja mikla vinnu í að semja og æfa. Sýndu þau mikla færni á hestum sínum og vöktu mikla aðdáun afmælisgesta. Einnig kom sönghópurinn frá Getnaði til Grafar og söng nokkur lög.

Sameiginlegt tölmót Smára, Loga og Trausta Var haldið í Reiðhöllinni 19 apríl. Góð þátttaka var og mótið hin besta skemmtun á að horfa. En þetta sameiginlega mót er orðið fastur liður í samstarfi félaganna þriggja í uppsveitunum.

Æskulýðsnefnd stóð sig að vanda frábærlega. En nefndin stóð fyrir námskeiðum fyrir lengra komna og líka þá sem eru að stiga sýn fyrstu skref í hestamennskunni. Samstarf Smára og Loga er orðið ansi mikið og eru æskulýðsnefndirnar virkilega góðar að vinna



Aron Ernir Ragnarsson og Ísador frá Efra Langholti á Gæðingamóti Smára og Loga.

saman og fóru í ferðalög og einnig fór stór hópur úr báðum félögum saman í Hestheima og áttu frábæra daga þar saman. Ýtarlegri upplýsingar um starfið er svo að finna í skýrslu nefndarinnar.

Firmanefnd sá svo um að safna styrktaraðilum fyrir Firmakeppnina og tókst henni ansi til.

Gæðingamót félagsins var haldið á Flúðum 25. og 26. júlí í samstarfi við hestamannafélagið Loga. Mótið var opið að þessu sinni og tókst það með eindæmum vel og skilaði félögunum og Reiðhöllinni góðum tekjum þessa helgi í sumar. Veðrið lék við okkur þessa tvo daga og tókst skipulagning mótsins ákaflega vel og var alveg frábært að vinna á mótinu og að undirbúningi þess. Það er alveg frábært að sjá hversu samheldnin er mikil hjá okkar félagsmönnum og voru allir boðnir og búnir að vinna við undirbúninginn að mótinu. Mótssvæðið fékk heilmikla andlitslyftingu og kom ansi stór hópur fólks á vinnu kvöld. Skiptum við um staura og kaðla á vellinum slógum gras og tókum til.

Margir styrktaraðilar komu að mótinu og er þeim þakkað sérstaklega fyrir þeirra framlag. Töltkeppni mótsins hlaut nafnið Ferguson-tölt og var þetta virkilega sterk keppni. Í tölti barna var efstur Smárafélaga Aron Ernir Ragnarsson en hann lenti í öðru sæti á Ísador frá Efra Langholti með einkunnina 6.44. Sigurvegari í tölti unglunga var Hekla Salóme Magnúsdóttir á hryssunni Tinnu frá Blesastöðum 2A með einkunnina 6.56. Í tölti ungmenna sigraði Hrafnhildur Magnúsdóttir á Eyvör frá Blesastöðum 2A og hlutu þær í einkunn 7.17. Að lokum þá var sigurvegari í tölti fullorðinna Ólafur Ásgeirsson á Védísi frá Jaðri með 7.67 í einkunn.

Þetta var í flest alla staði vel heppnað mót og er það að heyra að flest allir séu verulega ánægðir með þetta fyrirkomulag og gerum við ráð fyrir því að þetta verði haldið aftur í sumar með sama sniði.

Áhugamannamót Íslands var haldið á Gaddstaðaflofum 17-19 júlí. Smári var þátttakandi í þessu móti ásamt hestamannafélögunum Geysi, Sindra og Kóp. Mótið var ákaflega vel heppnað og áttum við



Smárafélagar þó nokkra keppendur sem stóðu sig með mikilli þrýði.

Smárafélagar tóku þátt í fleiri mótin eins og Íslandsmótum yngri og eldri og var árangur okkar félaga ákaflega góður.

Hautfundur haldum við 22. október og var hann ágætlega sóttur. Þessi fundur er ákaflega mikilvægur fyrir stjórn og nefndir til þess að heyra hvað félagsmenn vilja að stefnt sé að í störfum félagsins.

Sýnikennslu haldum við í haust ásamt Loga og Trausta. Fengum við Heklu Katharínu Kristinsdóttir til að sýna okkur hvað hún leggur helst áherslu á við þjálfun og uppbyggingu hrossa. Sýningin var virkilega góð og fræðandi en mæting áhorfenda var mjög döpur.

Þetta er smá upptalning á starfsemi félagsins á árinu 2015.

F.h. stjórnar,

Ingvar Hjálmarsson formaður

Hestamannafélagið Trausti

Haldnir voru fimm stjórnarfundir á starfsárinu.

Gæðingamót Trausta var haldið á Þorkelsvelli laugardaginn 25. júlí. Þátttaka knapa og hrossa var góð og áhorfendur nutu keppninnar í blíðu veðri. Helst skyggði á að nágrannafélög okkar í uppsveitunum færðu sín gæðingamót til og héldu þau sama dag og við Traustamenn höfum hefðarrétt á. Vonandi mun það ekki gerast aftur.

Trausti tók annars þátt í hefðbundnu samstarfi nágrannafélaga með sameiginlegum mótum og framkvæmd uppsveitadeildarinnar.

Vetrarmót Loga og Trausta voru tvö að þessu sinni, eitt sameiginlegt tölmót Trausta, Loga og Smára og þrjú mót fóru fram í uppsveitadeild.

Vallamótið, með tilheyrandi æskulýðs-viku, reiðnámskeiði, reiðtúr og gistingu í Kringlumýri, fór fram vikuna 10.– 15. ágúst.

Árshátið Loga, Trausta og Smára átti að halda í október í Aratungu í yfirumsjón Logamanna sem frestuðu henni fram yfir áramót.

Formaður sat formannafund LH í Reykjavík í nóvember.

Eins og árið áður voru keppendur frá Trausta sigursælir og náðist góður árangur í keppni bæði innanfélags og utan. Hér verða ekki allt upp talið en sérstaklega getið góðs árangurs Halldórs Þorbjörnssonar frá Miðengi í keppni á árinu og svo Bjarna Bjarnasonar á Laugarvatni, Íslandsmeistara í 100 m skeiði á Heru frá Þóróddsstöðum og sigurvegara Uppsveitadeildar 2015 á Hnokka frá Þóróddsstöðum.

Æskulýðsstarfið er sá þáttur félagsstafsins



Vésteinn frá Snorrastöðum 8 vetra, sigurvegari B flokks gæðinga á félagsmóti Trausta. Knapi er Hanna Rún Ingibergsdóttir.

sem mestu skiptir og sannarlega getum við verið stolt yfir frábæru starfi sem þar hefur verið unnið á undanförunum árum undir öruggri stjórn Auðar Gunnarsdóttur og Guðnýjar Tómasdóttur.

F.h. stjórnar,

Guðmundur Birkir Þorkelsson, formaður

Íþróttafélagið Dímon

Aðalfundur félagsins var haldinn 15. febrúar 2015. Þar voru veittar viðurkenningar til íþróttafólks og félagið bauð upp á kaffi og kökur. Stjórn félagsins eftir aðalfund er þannig skipuð.

Formaður: Ásta Laufey Sigurðardóttir. Gjaldkeri: Ólafía Bjarnheiður Ásbjörnsdóttir. Ritari: Anna Kristín Helgadóttir. Meðstjórnendi: Kristín Jóhannsdóttir. Meðstjórnandi: Magnús Ragnarsson. Til vara: Þröstur Freyr Sigfússon. Til vara: Theódóra Jóna Guðnadóttir.

Formenn deilda: Blakdeild: María Rósa Einarisdóttir. Borðtennisdeild: Sigurjón



Sváfnisson. Fimleikadeild: Sigríður Vaka Jónsdóttir. Frjálsíþróttadeild: Eyrún María Guðmundsdóttir. Glimudeild: Ólafur Elí Magnússon. Sunddeild: Tinna Erlingsdóttir.

Starfsemi félagsins hefur verið með líku sniði og síðustu ár. Félagið hefur verið í samstarfi við Rangárþing eystra og Hvolsskóla um samfellu skóla og íþróttæfinga fyrir heimastur skólabíla. Þannig hefur verið hægt að bjóða öllum börnum á grunnskólaaldri í sveitarfélaginu óháð búsetu að taka þátt í starfi félagsins. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel og er almenn ánægja með það í sveitarfélaginu. Á veturna er starfið kraftmikið og iðkaðar fjölmargar íþróttagreinar. Á sumrin eru æfingar í sundi og frjálsum. Á veturna er starfræktur Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum fjögurra til sex ára og á sumrin eru haldin leikjánaðmskeið fyrir börn sex til ellefu ára í samvinnu við Rangárþing eystra. Félagsmenn hafa verið duglegir við að taka þátt í Héraðsmótum Skarphéðins og Íslandsmótum s.s. í blaki, glímu, borðtennis og frjálsíþróttum.

Félagið endurnýjaði samstarfssamning sinn við Rangárþing eystra á árinu. Helstu fjáraflanir félagsins eru auk félagsgjalda, æfingagjöld, dósasöfnun og umsjón 17. júní hátíðarhalda á Hvolsvelli. Þá er ótalið allt það starf sem foreldrar, iðkendur og þjálfarar inna af hendi. Þessi stuðningur gerir okkur kleift að halda uppi þróttmiklu starfi félagsins. Ég vil þakka öllum þeim sem hafa stutt við starfsemi félagsins á einn eða annan hátt. Stjórn félagsins vinnur nú að umsókn til að verða fyrirmyndarfélag.

F.h. stjórnar,

Ásta Laufey Sigurðardóttir, formaður

Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps var haldinn 17. janúar á Laugalandi í Holtum. Stjórn félagsins skipa Sigríður Arndís

Þórðardóttir formaður, Friðgerður Guðnadóttir gjaldkeri og María Carmen Magnúsdóttir ritari. Jóhanna Hlökkversdóttir er varamaður í stjórn og fulltrúi yngri iðkenda Jana Lind Ellertsdóttir. Á fundinum voru gerðar breytingar á lögum félagsins, sem



Öflugt borðtennisstarf er innan Dímonar.



Jana Lind Ellertsdóttir, íþróttamaður Garps 2015 og efnilegasta glímukona landsins.



Arni Alexandersson með Framfarabikarinn 2015 frá Frískum Flóamönnum og sama dag sigraði hann Svarta Péturs mótið 2015.

höfðu staðið óbreytt frá stofnun. Var það gert til að tryggja að lögin uppfylltu þær kröfur sem gerðar eru nú til íþróttfélaga nú til dags.

Starfsemi Garps var með svipuðu sniði og síðastliðin ár. Boðið var upp á æfingar í frjálsum íþróttum, glímu, fótbolta, borðtennis, badminton og blaki yfir veturinn. Þátttaka var mis-góð eftir greinum, en mikil aukning hefur verið meðal yngri iðkenda í knattspyrnu og þátttaka í frjálsum íþróttum með allra besta móti, bæði í hópi eldri og yngri iðkenda. Starf glímudeildar Garps var með líkum hætti og undanfarin ár. Glímuæfingar voru haldnar reglulega að Laugalandi á þriðjudögum auk þess sem þó nokkrar æfingar voru sóttar í Félagslundi með Samhygð. Keppendur frá Garpi tóku þátt í mörgum glímumótum á árinu bæði heima í héraði sem og á landsvísi.

Aðal þjálfarar voru þeir Haraldur Gísli Kristjánsson, sem sá um þjálfun í frjálsum íþróttum, Guðni Sighvatsson, sem sá um þjálfun í fótbolta, María Carmen Magnúsdóttir, sem sá um þjálfun í borðtennis, blaki og badminton á seinni hluta ársins og Kristinn Guðnason, sem sá um glímupþjálfun. Aðstoðarþjálfari í frjálsum íþróttum var Rökkvi Hljómur Kristjánsson. Æfingar voru haldnar á Brúarlundi í frjálsum íþróttum yfir sumarið og þrátt fyrir kulda og kalsaveður var þátttaka með allra besta móti. Árangur iðkendanna á mótum hefur verið þrýðilegur og hafa þeir sumir hverjir skipað sér í fremstu röð á landsvísi.

Á aðventuhátíð kvenfélagsins Einingar á Laugalandi í nóvember voru veitt verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á árinu. Skemmst er frá því að segja að Jana Lind Ellertsdóttir hlaut öll þau verðlaun sem í boði voru; fyrir frábæran árangur í glímu og frjálsum íþróttum og hlaut hún einnig titilinn Íþróttamaður Garps fyrir árið 2015. Jana Lind

svo valin efnilegasta glímukona landsins árið 2015 af Glímusambandi Íslands.

Félagið stóð fyrir pöntun á merktum íþróttagöllum fyrir Garpsfélaga sem félagið niðurgreiddi að hluta, en einnig fékk Garpur rausnarlega styrki til kaupanna frá Hellismönnum, Veiðifélagi Landmannaafreitar, Litlu-Tungu og Ásahreppi og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir. Einnig gaf Garpur öllum grunnskólabörnum í Laugalandsskóla og elsta árgangi leikskólans buff merkt félaginu.

Leikjánaðmskeið var haldið á Laugalandi í júní og var það vel sótt. Kennari var Guðni Sighvatsson. Útkeyrsluþjónusta félagsins á aðfangadag var vel nýtt þetta árið sem endranær og Guðni Guðmundsson á Þverlæk hélt uppteknum hætti við dósasöfnun til styrktar félaginu og eru honum enn á ný færðar innilegar þakkir fyrir framlag sitt. Það er gaman að segja frá því að á Landsmóti UMFÍ 50+, sem haldið var á Blönduósi, keppti Guðni í flokki 80- 84 ára. Hann vann þrjár greinar og setti eitt landsmet. Margrét Þórðardóttir, kona hans, keppti í flokki 75- 79 ára og var í fyrsta sæti í tveimur greinum; 100 m. hlaupi og kringlukasti. Árangur hennar í kringlunni er bæði landsmet og HSK met í flokki 75 -79 ára flokki kvenna. Sannarlega glæsilegur árangur hjá þeim heiðurshjónum á Þverlæk.

Stjórn Garps þakkar öllum félögum, þjálfurum, iðkendum, foreldrum, sjálfbóðaliðum og öðrum velunnurum kærlega fyrir gott samstarf á árinu 2015.

**F.h. stjórnar,
Sigríður Arndís Þórðardóttir,
formaður.**

Íþróttfélagið Gnýr

Formaður: Halldór Hartmannsson. Varaformaður: Eyþór Jóhannsson. Gjaldkeri: Valgeir F. Backmann. Ritari: María K. Jacobsen. Varamaður: Guðrún Rósalind Jóhannsdóttir.



Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttfélagsins Gnýs. Ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir íbúar sem er blandaður hópur fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Það var margt í gangi á árinu eins og; leikfimi, tækjasalur, boccia, sund, gengið, hlaupið, hjólað og dansað. Um 10 manna hópur æfir leikfimi og 25 manna hópur æfir boccia reglulega 1-2 sinnum í viku.

Menningarveisla Sólheima var í allt sumar og fengum við fjölmarga gesti til okkar, Sólheimar 85 ára og 30 ár síðan Reynir Pétur gekk Íslandsgönguna sem breytti viðhorfi margra til fatlaðra einstaklinga. Skátafélag Sólheima átti 30 ára afmæli og litaðist sumarið mikið af þessum afmælshátíðum.

Hestaperapía er að slá í gegn hjá okkur og erum við í samstarfi við Vorsabæ II Skeiðum hjá þeim Bjössa og Stefáníu, en þau reka hestabúgarð með reiðhöll, Meike Witt og Elin Moqvist reiðkennarar leiðbeina.

Námskeiðin hófust 9. febrúar 2015 farið er tvisvar í viku og fjóra tíma á dag í 4-6 vikur vor og haust annir. Fullbókað hefur verið á öll námskeiðin og biðlisti fyrir 2016.

Sundlaug Sólheima var mikið notuð þetta sumar enda einstaklega vel við haldið. Tækjasalur íþróttaleikhússins er mikið notaður.

Sólheimahlaupið fer fram á hverju ári, nú



laugardaginn 26. september og gátu einstaklingar og hópar valið sér vegalengd frá 9 km upp í 24 km.

Skátafélag Sólheima varð 30 ára á árinu og telst til íþróttastarfs á Sólheimum. Haldnar voru kvöldvökur og nokkrar samverustundir á árinu.

Leikfélagsstarfið telst einnig til Íþróttastarfs á Sólheimum og flestir íbúar Sólheima taka þátt. Í ár settum við upp Bliðfinn og fengum til liðs við okkur mörg börn úr sveitafélaginu fullt var út úr dyrum á flestum sýningum, leikstjóri var Þórný Jakobsdóttir.

Leikjanámskeið vinsæla var ekki haldið því við fengum ekki starfsmann til að sjá um það. Þrátt fyrir mikla kynningu og auglýsingar. Virkilega dapurt vegna mikilla vinsælda og að auki vel styrkt af sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshrepp.

Kvennahlaup Sólheima og Sjóvá er ávalt á sínum stað og verður fjölmennara með hverju ári.

Það er stiklað á stóru fyrir árið 2015 og margt ónefnt.

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gnýs á Sólheimum var haldin í Ægisbúð 30. desember 2015.

F.h. stjórnar,

Halldór Hartmannsson, formaður

Íþróttafélagið Hamar

Á aðalfundi Hamars sem haldin var 22. febrúar 2015 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn: Hjalti Helgason, formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, gjaldkeri, Álfhildur Þorsteinsdóttir, ritari, Erla Pálmadóttir, meðstjórnandi, Daði Steinn Arnarsson, meðstjórnandi.



Árið 2015 var að flestu leyti farsælt fyrir Íþróttafélagið Hamar. Mikil gróska var í starfi deildanna og jókst heildarfjöldi iðkenda á árinu. Sunddeild Hamars hefur aðeins átt undir högg að sækja, en það er von okkar að úr rætist enda fara þar fyrir starfi deildarinnar öflugir einstaklingar sem eru tilbúnir til að leggja mikið á sig til að vinna að framgangi sundíþróttarinnar í Hveragerði. Full ástæða er til að hvetja sem flesta til að mæta á æfingar hjá sunddeildinni en þjálfari deildarinnar er hin geðþekki og reynslumikli Magnús Tryggvason.

Talsverð umræða hefur verið að undanförunu um kostnað foreldra við íþróttaiðkun barna. Þessi umræða er að mörgu leyti réttmæt, enda er oft á tíðum um að ræða veruleg fjárútlát af hendi foreldra, ofan á það bætist vinna við fjáraflanir o.fl. Bæjarstjórn Hveragerðis tók á árinu ákvörðun um að innleiða frístundastyrk. Með styrknum skuldbinda bæjaryfirvöld sig til að greiða 12.000 kr. með hverju barni undir



Badmintoniðkendur úr Hamri.

18 ára aldri sem iðkar íþróttar-, lista- og tómstundarstarfsemi. Íþróttafélagið Hamar fagnar þessari ákvörðun og er það vona okkar að þessi aðgerð létti undir með foreldrum. Mjög mikilvægt er að deildir Hamars stilli hækkunum á æfingargjöldum í hóf svo að styrkurinn nýtist sem best.

Það þurfti hvorki meira né minna en tvær helgar undir Jólamót Knattspyrnudeildar Hamars. Áætlaður fjöldi iðkenda á mótinu var 1.600. Jólamót Kjörís er orðin langstærsti einstaki viðburður innan deilda Hamars og er mótið gott dæmi um þau griðarlegu umskipti sem Hamarshöllin hefur haft fyrir Íþróttafélagið, bæði hvað varðar aðstöðu og ekki síður möguleika til tekjuöflunar. Samstillt átak foreldra, stjórnar og styrktaraðila gerði þennan glæsilega viðburð að veruleika.

Rekstur Laugasports gekk vel á árinu. Endurnýjun tækja var framhaldið og er stefnan sú að því verkefni verði lokið árið 2016. Rekstur Laugasports heyrir undir íþróttafélagið Hamar. Kent Lauritsen hefur haft umsjón með rekstrinum f.h. Hamars frá upphafi og hefur staðið sig með miklum sóma.

Hjá Hamri fer fram griðarlegt sjálfbæðaliðastarf, þar sem foreldrar og aðrir aðstandendur leggja mikið á sig til fjáraflana, ferðalaga og annarra starfa sem tilheyra starfi iðkenda. Tæknin hefur í seinni tíð komið sterk inn í allt íþróttastarfið. Foreldrar og þjálfara nýta sér samskiptamiðla í auknum mæli til að skipuleggja starfið. Kostir t.d. Facebook eru ótvíræðir til að koma skilaboðum fljótt og vel áfram. Eins og gefur að skilja geta skoðanir á hinum ýmsu hlutum er tengjast starfinu verið misjafnar. Mjög mikilvægt er að við sýnum hvort öðru kurteisi og virðingu í öllum samskiptum og metum störf hvors annars að verðleikum. Við erum jú þegar á hólminn er komið öll í sama liðinu, það frábæra lið heitir Hamar.

F.h. stjórnar,

Hjalti Helgason, formaður

Íþróttafélagið Mílan



Stjórn IF Mílan skipuðu árið 2015: Birgir Örn Harðarson, formaður, Eyþór Jónsson, gjaldkeri, Leifur Örn Leifsson, ritari, Örn Þrastarson, varaformaður, Atli Kristinsson, meðstjórnandi, Marínó Geir Lillendahl, meðstjórnandi.

Aðalfundur félagsins var haldinn 28 apríl. Aron Valur Leifsson gaf ekki lengur kost á sér til stjórnarsetu og inn voru kosnir í hans stað Leifur Örn Leifsson og Marínó Geir Lillendahl. Stjórnarfundir voru haldnir á árinu þegar tilefni þótti til.

IF Mílan lauk sínu fyrsta tímabili í apríl og endaði tímabilið eins og það hófst, með sigri. Til gamans má geta að í fyrsta leik ársins 2015 voru allir stjórnarmenn félagsins í hóp. Liðið endaði í 7. sæti íslandsmótsins með 10 stig, einu sæti ofar en spád var. Lokahólf félagsins var haldið á Hótel Selfoss 18. apríl. Þar voru liðsmenn verðlaunaðir fyrir góðan árangur innan vallar sem utan en leikmaður ársins var útnefndur Eyvindur Hrnann Gunnarsson. Markahæstur í liðinu var Atli Kristinsson með 127 mörk í 20 leikjum.

Tímamót urðu hjá liðinu þegar ákveðið var að ráða þjálfara og aðstoðarþjálfara fyrir keppnistímabilið 2015-2016. Þær breytingar juku gæði æfinganna til muna. Þær nýjungar urðu einnig á árinu að liðið tók þátt í Bikarkeppni HSÍ þar sem það mætti fyrstu deildar liði Fjölnis í fyrstu umferð og datt úr leik. Félagið skráði einnig lið til leiks í Utandeildinni í handbolta til þess að gefa sem flestum iðkendum tækifæri á því að spila. Samstarf félagsins við Handknattleiksdeild Umf. Selfoss jókst mjög á árinu og sendu félögin sameiginlegt lið Selfoss/ Mílan í Íslandsmótið í 2. flokki. Íslandsmótið í 1. deild fór af stað í september og voru tvær umferðir af þremur leiknar fyrir áramót. Nokkrar breytingar urðu á leikmannahópi liðsins fyrir tímabilið en félagið missti þrjá af



Basti stýrir leikmönnum Míllunnar í stríðsdansi fyrir lokaleik handboltaferils síns á móti Selfossi 18. desember 2015.

sínum sterkustu leikmönnum yfir til Umf. Selfoss en fékk aðra góða í staðin. Tímabilið hófst með þremur sigrum í röð en eftir það missti liðið flugið og í lok árs var liðið í 5. sæti deildarinnar með 10 stig. Það verður gaman að sjá hverju fram vindur í síðustu umferð mótsins. Líkt og á síðasta ári var þátttakan í Íslandsmótinu fjármögnuð með æfingagjöldum iðkenda en lítið var um almennar fjáraflanir. Vel gekk að safna styrkjum auk þess sem félagið heldur úti sjoppu á heimaleikjum félagsins. Allt hjálpar þetta til við fjármögnun liðsins sem mun vonandi halda áfram að blómstra á komandi árum.

Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur félagsins var haldin 31. mars 2015. Sitjandi stjórn gaf kost á sér aftur og klöppuðu fundarmenn fyrir henni. Þórdís Bjarnadóttir, formaður, Harpa Dis Harðardóttir, gjaldkeri, Katrín Ýr Friðgeirsdóttir, ritari, María Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi, Sigrún Elfa Reynisdóttir, meðstjórnandi.

Verðlaun veitt fyrir framúrskarandi árangur. Hulda Sigurjónsdóttir var kjörin íþróttakona Suðra 2014 og Guðmundur Ásbjörnsson var kjörinn íþróttamaður Suðra 2014. En þetta var fyrsta árið sem Suðri veitti bikar fyrir íþróttamann og íþróttakonu félagsins. Ingólfur Guðnason var kjörinn starfsíþróttamaður HSK ársins 2014.

Þjálfari í sundi var Sigurlín Garðarsdóttir. Einn fór á Íslandsmót í sundi og tveir fóru frá félaginu á Nýárssundmót fatlaðra. Æfingar voru 2x í viku á mánudögum í útilaug og

miðvikudögum í innlaug.

Boccia er enn sem fyrr langvinsælasta íþróttagrein félagsins. Farið var á öll stærstu mót ársins, t.d. Íslandsmótið í sveitakeppni Hængsmótið á Akureyri og Íslandsmót í einstaklingskeppni sem var haldið í Reykjavík þetta árið. Þjálfarar í boccia; Ófeigur Ágúst Leifsson, Þórdís Bjarnadóttir og Erna Ríkarðsdóttir. Sömu leiðis vorum við með nema af íþróttabraut FSU okkur til aðstoðar.

Því miður tókst ekki að finna þjálfara sumarið 2015. Það er okkar von að við munum finna þjálfara næsta sumar og geta sent þá okkar fólk á öll þau flottu mót sem í boði eru.

Katrín Ýr var með blandaðar íþróttir í Iðu á vorönn einu sinni í viku. Þar voru boltaleikir, jafnvægisæfingar og styrktaræfingar.

Knattspyrna var æfð í sumar og fram á haust. Tveir frá Suðra fóru og tóku þátt á móti voríð 2015 og fengu að keppa með öðru liði.

Áttunda árið í röð var haldið golfnámskeið á Svarfhólsvelli í samstarfi við Gylfa

Sigurjónsson hjá Golfklúbbi Selfoss. Nokkrir félagar tóku þátt í því og bættu sig í íþróttinni.

Æfingar í lyftingum héldu áfram þetta árið sem Ástmundur Sigmarsson í Kraftbrenzlunni á heiðurinn að þjálfari á vorönn. Þau kepptu svo á Íslandsmóti í haust og náði Sigurjón Ægir Íslandsmeistaratitli á því móti.

Á haustönn æfðu þau hjá Ólafi í Sporthúsinu og fjölgaði í hópnum. Við eigum fullt af flottu kraftafólki sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni.

Sumarið 2015 fóru 3 kappar frá Suðra á Special Olympics leikana í LA. Það voru þau Ólafur Aron Einarsson og Guðmundur Ásbjörnsson sem kepptu í lyftingum og Almar Þór Þorsteinsson sem keppti í fótbolta. Þau stóðu sig öll með eindæmum vel og kom Ólafur Aron heim með 3 brons.

Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir vann sér keppnisrétt á lokamóti IPC-athletics og keppti á Ólympíuleikvanginum í London þar sem hún varð í fimmta sæti.

Við endurtókum kókusölu til fjáröflunar fyrir Hængsmótið á Akureyri. Jólakortasalan gekk vel eins og síðustu ár.

Í desember hélt Landstólpi ehf. upp á 15 ára afmæli sitt og voru með uppboð á hinum ýmsum vörum o.fl. Þar safnaðist um 300.000 krónur sem runnu beint til okkar í Suðra. Við erum afskaplega þakklát.

Við höfum haldið samstarfi við FSU, Sverri Ingibjartsson íþróttakennara, þar sem við höfum fengið þjálfara og aðstoðarmenn í boccia gegn því að þeir fái einingu í skólanum.

Við erum alltaf í góðu sambandi við önnur félög og njótum góðs af því. T.d. erum við með tvær boccia-rennur að láni (kannski eilífu láni), önnur er frá Snerpu og hin frá ÍFR.

Við þökkum öllum þeim fjölmörgu sem hafa stutt félagið á einn eða annan hátt fyrir ómetanlegan stuðning.

Við vonumst til þess að samstarf okkar við UMFS og deildir innan félagsins muni aukast á komandi misserum. Það er mikilvægt til að halda uppi öflugum íþróttastarfi og að samvinna sé á milli félaga og deilda. En í sumar



Guðrún Hulda við Ólympíuleikvanginn í London.



sendum við einn iðkenda frá okkur á æfingar hjá frjálsíþróttadeildinni sem heppnaðist vel.

Breytingar urðu á starfsemi stjórnar þetta árið. Nokkrir foreldrar hafa tekið að sér hin ýmsu verk til að létta undir með þeim fjölmörgu verkefnum sem fylgir félagi sem þessu. Það sýnir sig að slíkt samstarf er nauðsynlegt til að halda félaginu gangandi.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess að efla hreyfifærni sína hafa margir okkar félaga aukið sjálfstraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja. Fjölmargar reynslusögur styðja það mál.

F.h. stjórnar,
Þórdís Bjarnadóttir, formaður

Knattspyrnufélag Árborgar

Engar breytingar urðu á stjórn Árborgar á milli ára. Eftirtaldir skipa stjórn Knattspyrnufélags Árborgar: Hafþór Theodórsson, forseti, Guðjón Bjarni Hálfðánarson, varaforseti, Gísli Rúnarsson, gjaldkeri, Elías Jóhann Jónsson, markaðsstjóri, Jakob Björgvin Jakobsson, lögmaður stjórnar.



Stjórn Árborgar ætlar að leggja áherslu á að halda áfram uppbyggingu í kringum unga leikmenn á Suðurlandi. Einnig verður haldið áfram þaðan sem frá var horfið varðandi umgjörð og aðstöðu félagsins. Einn af þessum hlutum var að ráða fagteymi í kringum liðið. Þetta teymi skipa eftirtaldir: Ragnar Örn Traustason sem verður aðstoðarþjálfari, Hugrún Vignisdóttir sálfræðingur,

Daníel Berg Grétarsson styrktarþjálfari og áfram verður Stefán Magni Árnason sjúkrahjálfi liðsins.

Stjórn Árborgar býður þau hjartanlega velkomin í fjölskylduna og væntum við mikils af þeim.

Árborg tók þátt í öllum þeim mótum sem boðið var upp á vegum KSÍ á árinu. Fyrsta mót ársins var Lengjubikarinn þar sem Árborg lék í C-deild. Félagið lenti í 3. sæti í sínum riðli og komst ekki áfram. Árborg komst í 2. umferð Borgunarbikarsins en féll ósanngjarn úr leik á móti KFG í Garðabæ. Árborg fór mjög vel af stað í Íslandsmótinu þar sem við náðum í sjö sigra og eitt jafntefli í fyrstu átta leikjunum. Það fór svo að við lentum í öðru sæti og komust þar af leiðandi í úrslitakeppni. Í úrslitakeppninni lentum við á móti Vængjum Júpiters og féllum þar út eftir hetjulega baráttu. Vængirnir fóru svo alla leið og unnu 4. deildina.

Stærsta fjáröflun félagsins á árinu var að venju umsjón með hátíðinni Sumar á Selfossi. Hátíðin vex stöðugt í sniðum og er nú orðin eitt af stóru númerunum í menningarlífinu á



Meistaraflokksslið Árborgar 2015.

Selfossi. Einnig hafði félagið umsjón með íþróttavellinum á Eyrarbakka líkt og fyrri ár.

Á lokahófi félagsins var varnarmaðurinn öflugur, Brynjar Þór Elvarsson kosinn leikmaður ársins. Markakóngur ársins var Tómas Hassing. Bjartasta vonin var Steinar Sigurjónsson. Félagi ársins var Eiríkur Sigmarsson en hann var okkur ómetanlegur á fráfarandi tímabili og skildi eftir sig marga gullmola í formi myndbanda af leikjum liðsins sem og á bak við tjöldin. Þjálfarateymið var einnig heiðrað fyrir góð störf og mun Guðjón Bjarni Hálfðánarson þjálfala liðið áfram árið 2016.

Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 3. mars og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum. Í stjórn félagsins sitja nú: Formaður: Auður



Erla Logadóttir. Gjaldkeri: Sigríður Viðarsdóttir. Ritari: Rósa Hlín Óskarsdóttir. Meðstjórnandi: Jón Þorberg Steindórsson. Meðstjórnandi: Friðrik Sölvi Þórarinnsson. Varastjórn: Tinna Erlingsdóttir. Varastjórn: Ásgeir Jónsson.

Þjálfarar hjá félaginu 2015 voru þeir: Lárus Viðar Stefánsson, Ólafur Örn Oddsson, Guðni Sighvatsson, Sigurður Skúli Benediktsson, Przemysław Bielawski, Hrafnhildur Hauksdóttir og Kolbrún Bergmann. Þjálfarar meistaraflokks voru Guðmundur Garðar Sigfússon og Sveinbjörn Jón Ásgrímsson. Framkvæmdastjórastaða félagsins var lögð niður í byrjun árs vegna fjárskorts.

Samstarf okkar við ÍBV hefur gengið vel og hafa allir okkar iðkendir fengið tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Keppt var í öllum yngri flokkunum 7.-3. flokki. undir merkjum ÍBV. Keppt var á Íslandsmóti, Faxaflóamóti, Hnátumóti, Shellmóti í Vestmannaeyjum, Þæjumóti TM í Vestmannaeyjum, Síamóti Breiðabliks í Kópavogi, N1 móti á Akureyri, Norðurálmóti á Akranesi, Olísmóti á



7. flokkur KFR á Floridanamótinu í Þorlákshöfn í sumar.



Selfossi, Rey-Cup í Reykjavík, VÍS móti í Reykjavík og á fleiri minni mótum.

Uppskeruhátíð yngri flokkanna fór fram í íþróttahúsinu á Hellu, 15. september sl. og var þar rífað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislur og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum iðkendum í 7. og 6. flokki viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu framfarir og ástundun í eldri flokkum og valdir bestu leikmennirnir í 3. flokki kk. og kvk. Á hátíðina mættu rúmlega 160 manns.

Mig langar í lokin að þakka okkar helstu stuðningsaðilum; Rangárþingi Eystra, Rangárþingi Ytra, Ásahrepp, Sláturfélagi Suðurlands, Hestheimum, Landsbankanum og Búaðföngum. Öllum þeim sem komu að sjálfbóðaliðastarfi félagsins færi ég hinar bestu þakkir.

F.h. stjórnar,

Auður Erla Logadóttir, formaður.

Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn sunnudaginn 25. október 2015. Í stjórn félagsins eru: Formaður: Guðbjartur Örn Einarsson.



Varaformaður: Sveinn

Jónsson. Gjaldkeri: Dagbjört Hannesdóttir. Ritari: Júlíus Steinn Kristjánsson. Meðstjórnandi: Þór Emilsson. Yfirþjálfari: Garðar Geirfinnsson (fráfarandi), Rúnar Birgisson (núverandi).

Eftir hefðbundið jólafrí hófst starfið aftur í janúar 2015 og var með svipuðu sniði og fyrir áramót. Aukin kraftur var settur í samstarfsmál sem voru með sama fyrirkomulagi og á haustönn. 5. flokkur tók þátt í Faxaflóamóti líkt og eldri flokkar, en þeir yngri tóku þátt í smærri mótum. Félagið hélt Floridana-mótið fimmtudaginn 14. maí. Mótið heppnaðist vel en fastur kjarni liða mætir á mótið þó mörg önnur mót séu í boði á sama tíma. Boðið var upp á keppni fyrir 6. og 7. flokk karla og kvenna. Gestir mótsins voru ánægðir með framkvæmdina og hefur mótið alla möguleika á að vaxa og dafna.

Sumarið er aðalkeppnistímabil fótboldans og var þetta sumar engin undantekning. Iðkendur frá félaginu fóru vítt og breytt um landið í keppnisferðum. Sumardagskrá hófst í byrjun júní. 6. og 7. flokkur æfðu í fótboldaskóla sem starfræktur var mánudaga til fimmtudaga frá 10:00–12:00. Aðrir flokkar æfðu á hefðbundinn hátt. Auk knattspyrnuæfinga bauð félagið uppá leikjanámskeið og smíðavöll sem nutu mikilla vinsælda sem fyrr. Alfreð Elías þjálfari meistarafllokks sá bæði um leikjanámskeið og smíðavöllinn.

Krakkarnir í eldra ári 8. flokks tóku þátt í



Iðkendur í 8. flokki á lokahófi Ægis.

VÍS-móti Þróttar í lok maí. Allur flokkurinn tók síðan þátt í Intersport-mótinu í Mosfellsbæ og voru margir að stíga þar sín fyrstu skref á fótboldavellinum. Það er ósvikin skemmtun að horfa á þessa snillinga spila fótbolta.

7. flokkur karla hélt á Norðurálmótið á Akranesi. Þar tefldu þeir fram fjórum liðum í samstarfi við Hamar. Strákarnir voru flottir innan vallar sem utan enda voru þeir valdir þrúdasta lið mótsins. Flokkurinn endaði svo sumarið á Intersport-mótinu.

Stelpurnar í 7. flokki voru svo sannarlega flottar í sumar. Þær mættu með tvö lið á Síamótið og náði A-liðið í silfur þar. Svo spiluðu þær á Intersport-mótinu og stóðu sig vel.

6. flokkur karla tók í fyrsta skipti þátt í Orkumótinu í Eyjum. Þangað mættum við með tvö lið sem stóðu sig vel á þessu skemmtilega móti. Þeir tóku einnig þátt í Pollamóti KSÍ og Intersport-mótinu.

6. flokkur kvenna tók þátt í Síamótinu og komu stelpurnar heim með gull en það er annað árið í röð sem þessar flottu stelpur ná þeim árangri. Þær komust einnig í úrslit Hnátumóts KSÍ og urðu þar í fjórða sæti.

5. flokkur karla spilaði í samstarfi við Hamar og tefldi flokkurinn fram tveimur liðum á Íslandsmótinu. Að venju var haldið á N1-mótið á Akureyri en þangað fórum við með tvö lið. Annað árið í röð komst A-liðið í úrslit og kom heim með silfur að þessu sinni. Strákarnir fóru einnig á Olís-mót Selfoss en af því móti komu þeir heim með gull. Flott sumar hjá strákunum.

4. flokkur karla tefldi fram tveimur liðum á Íslandsmótinu í samstarfi við Selfoss og Hamar. Auk Íslandsmótsins tóku strákarnir þátt í ReyCup sem er alþjóðlegt knattspyrnumót haldið í Laugardalnum.

3. flokkur kvenna lék í samstarfi við Selfoss og tefldi flokkurinn fram einu liði á Íslandsmóti. Hápunktur sumarsins var síðan ferð liðsins á Barcelona Cup. Þangað fóru flottur hópur leikmanna ásamt þjálfara og liðsstjórum. Mót sem þetta er mikil upplifun og eitthvað sem stelpurnar eiga eftir að muna lengi.

Að lokum skal nefna 3. flokk karla en þar tefldum við fram tveimur liðum á

Íslandsmótinu í samstarfi við Selfoss og Hamar.

Meistaraflokkur Ægis hóf sitt þriðja ár í röð í 2. deild og markmiðið að gera betur en áður. Alfreð Elías Jóhannsson sá um þjálfun líkt og undanfarin ár. Eins venja er í þessari deild var mikið um ferðalög víða um land. Árangur liðsins var kannski ekki eins og væntingar stóðu til, en tókst þrátt fyrir erfitt gengi að tryggja veru sína áfram í deildinni og ná sömu stöðu og á árinu á undan, þ.e. 9. sæti með 24 stig.

Við lok sumars voru haldin lokahófi meistaraflökks karla og allra yngri flokka þar sem farið var yfir tímabilið og veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur. Nýtt tímabil hófst svo um miðjan september 2015. Boðið var upp á æfingar fyrir alla flokka eins og áður og áfram í samstarfi við Selfoss og Hamar. Fyrir júl sóttu 7. og 6. flokkur mót í Hamarshöll sem gekk vel. Breytingar voru á þjálfurum félagsins en Alfreð Jóhannsson hætti sem þjálfari meistaraflökks og Garðar Geirfinnsson hætti einnig sem þjálfari og yfirþjálfari. Anna Júlíusdóttir sem hefur undanfarin ár sinnt þjálfun 8. flokks lét líka af störfum. Ráðin var nýr yfirþjálfari, Rúnar Birgisson sem er einnig þjálfari eldri flokka. Svo var ráðinn nýr þjálfari fyrir meistaraflokk, Einar Ottó Antonsson og honum til aðstoðar Guðmundur Garðar Sigfússon.

Körfuknattleiksfélag FSu

Árið 2015 var viðburðaríkt í sögu FSu. Aðalfundur var haldinn 20. júní og eftirtaldir kjörnir í stjórn: Formaður: Gylfi Þorkelsson. Gjaldkeri: Gísli Jósep Hreggviðsson. Ritari: Gréta Sverrisdóttir. Meðstjórnendur: Auður Rafnsdóttir og Ingibjörg Blaka Hreggviðsdóttir. Varastjórn: Anna Björg Þorlákssdóttir og Ragnar Gylfason.

Mikil gróska er aftur komin í barna- og unglingastarf félagsins eftir nokkur mögur ár og iðkendum hefur fjölgað verulega. Má



Leikmenn FSu fagna eftir að hafa tryggt sér úrvallsdeildarsæti vorið 2015 með sigri á Hamri í hreinum úrslitaleik.

Þakka þetta góðu undirbúningsstarfi stjórnar og vel heppnaðri ráðningu yfirþjálfara yngriflokka hjá félaginu. Karl Ágúst Hannibalsson hefur undanfarin ár þjálfað og stýrt stefnumótun yngriflokkanna. Fjöldi iðkenda er mestur í yngstu árgöngunum og mun taka næstu 2–3 ár að fylla upp í alla aldursflokka, upp í 10. flokk. Minniboltaárgöngum hefur verið skipt í tvo æfingahópa, annars vegar æfa saman krakkar úr 1.–3. bekk og hins vegar krakkar úr 4.–6. bekk. Þessir hópar hafa sótt mörg mót, sem haldin eru á vegum aðildarfélaga KKÍ, þar sem mest áhersla er lögð á þátttöku og skemmtun. Foreldrastarfið er einnig öflugt í kringum yngstu iðkendurnar og allar aðstæður og umgjörð gefa tilefni til hjartsnýni um hag félagsins í framtíðinni.

Unglingar í 7.–10. flokki æfa saman í einum hópi, bæði strákar og stelpur. Þessi aldrushópur var nánast horfinn úr félaginu en nú í haust hefur nokkuð glaðnað til og iðkendur fjölgað úr 2–3 í 14–15. Flestir eru byrjendur en þarna á meðal eru mjög áhugasamir einstaklingar sem gætu náð langt með eljusemi.

Körfuboltaakademían sem félagið rekur í samstarfi við Fjölbautaskólann er hjartað í starfsemi félagsins. Þar hefur aðsóknin verið með ágætum af öllu Suðurlandi, og víðar að. Nokkur hópur útskrifaðist í lok árs 2015 og næstu ár verða nokkuð viðkvæmur tími fyrir akademíuna vegna þess að fáir iðkendur munu skila sér upp úr yngriflokkastarfi félagsins.

Síðustu ár hefur félagið reynt ýmislegt til að leggja grunn að kvennakörfubolta. Það hefur því miður ekki gengið nógu vel. Á síðasta ári var efnt til samstarfs við Ungmennafélag Hrunamanna um rekstur meistaraflokks kvenna og sameinað lið tók þátt í Íslandsmóti 2014–2015. Einungis örfáar stúlkur úr liðinu höfðu áhuga á að leggja þá vinnu í æfingar sem félaginu þótti ásættanlegt

og því var ákveðið að ekki yrði áframhald á þessu starfi tímabilið 2015–2016. Tvær stúlkur úr liðinu taka fullan þátt í körfuboltaakademíunni við FSu en færðu sig yfir í Hamar til að finna metnaði sínum farveg. Nögu stór hópur stúlkna er nú meðal iðkenda í minnibolta til að mögulegt sé að bjóða þeim upp á sérstakar æfingar fyrir sig. Vonandi er það fyrsti visir að því að takist að koma kvennastarfinu á skrið með tíð og tíma.

FSu hefur undanfarin ár átt góðu gengi að fagna bæði í drengja- og unglingaflokki og teft fram sterkum liðum sem unnið hafa titla. Vorið 2015 lék unglingaflokkur félagsins til úrslita bæði í Bikarkeppni KKÍ og á Íslandsmótinu. Þessi unglingalið hafa gjarnan líka myndað kjarnann í meistaraflokki félagsins, studdir af nokkrum lítið eldri leikmönnum.

Meistaraflokkur karla hefur leikið í 1. deild Íslandsmótsins frá 2010. Haustið 2012 hófst sú uppbygging sem enn stendur yfir með ráðningu Eriks Olson sem þjálfara liðsins og kennara við akademíuna. Stöðug stígandi hefur verið í liðinu, sem byggt er upp í kringum unga heimamenn alda upp í akademíunni. Vorið 2015 náði liðið svo því markmiði sem unnið hafði verið að, að komast upp í úrvallsdeild. Liðið sigraði Val í þriggja leikja rimmu í undanúrslitum og síðan Hamar í ævintýrlega skemmtilegum viðureignum um úrvallsdeildarsætið. Liðin unnu hvort sinn heimaleikinn áður en kom að hreinum úrslitaleik í Hveragerði, þar sem FSu hafði betur á síðustu mínútunum. Þessir leikir voru jákvæðir fyrir körfuknattleik hér á svæðinu, því aðsóknin og stemmningin var með allra besta móti, troðfullir áhorfendabekkir.

Undirbúningur undir úrvallsdeildarþátttökuna sumarið og haustið 2015 gekk vel. Liðið komst í undanúrslit Lengjubikarsins og vann m.a. stórsigra á gömlum stórveldum körfuboltans á leið sinni þangað. Við upphaf

Íslandsmótsins var allt í járnum í fyrstu leikjunum en liðið hikstaði þegar mest á reyndi og tapaði hnífjöfnum leikjum. Sjálfstraustið sem geislaði af leikmönnum nokkrum mánuðum fyrr rauk út í veður og vind. Eftir að ákveðið var að skipta um erlendan leikmann fór liðið aftur að rísa. Fyrsti sigurinn vannst á útivelli gegn Hetti, þegar enginn erlendur leikmaður lék með liðinu, síðan vannst sigur í Keflavík og liðið hóf árið 2016 á þriðja útisigrinum, suður í Grindavík. Allt getur því enn gerst og leikmenn hafa sýnt að þeir eiga fullt erindi í efstu deild.

Lyftingafélagið Hengill

Núverandi stjórn félagsins var kosin á aðalfundi félagsins þann 18. mars 2015: Einar Alexander K. Haraldsson, formaður, Kristján Óðinn Unnarsson, ritari, Elin Jóhannsdóttir, gjaldkeri, Árni Rúnar Baldursson, meðstjórnandi, Heiðar Ingi Heiðarsson, varamaður, María Rún Þorsteinsdóttir, varamaður.



Mikil gróska var hjá félaginu á síðastliðnu ári. Æfingar á vegum félagsins eru haldnar á sunnudagsmorgnum og um 20 manns sækja þær æfingar. Iðkendur kepptu undir merkjum félagsins á Reykjavík International Games 2015, Sumarmóti LSÍ, Haustmóti LSÍ og Jólámóti LSÍ. Fyrirgreint Haustmót LSÍ var haldið af Lyftingafélaginu Hengli í Íþróttahúsinu í Hveragerði og mættu þar til leiks 41 lyftingamenn og konur. Á jólámótinu tók þátt yngsti keppandi sem hefur keppt undir merkjum Lyftingafélagsins Hengils, Matthías Abel Einarsson, en hann var aðeins 15 ára gamall. Hann stóð sig afar vel og setti 11 Íslandsmet.

F.h stjórnar,
Kristján Óðinn Unnarsson, ritari



Keppendur á vormóti Lyftingafélagsins Hengils.



Frá innanfélagsmóti Skotíþróttafélags Suðurlands vorið 2015.

Skotíþróttafélag Suðurlands

Aðalfundur Skotíþróttafélags Suðurlands var haldinn 16. apríl 2015. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins en hana skipa: Ólafur Árni Músson, formaður, Bjarni Ingvar Halldórsson, varaformaður, Margrét Ósk Jónasdóttir, gjaldkeri, Hákon Þór Svavarsson, ritari, Guðmundur Gestur Þórisson, meðstjórnandi.



Starf félagsins var með hefðbundnum hætti. Sumaropnun byrjaði í lok apríl og var þá opið 4 daga vikunnar. Þessi sumaropnun stóð fram í miðjan september.

STÍ mót var haldið hjá okkur í maí þar sem að keppendur komu frá öllum landhlutum. Ýmiskonar skotmót voru haldin í hverjum mánuði allt sumarið þar sem keppt var bæði í haglabyssu- og riffilskotfimi. Veiðipróf vegna hreindýraveiða voru í gangi allt sumarið hjá okkur.

Steypt var gólfplata vegna stækkunar á riffilhúsi en á næsta ári verður sjálft húsið svo byggt. Mun þá öll aðstaða batna til muna. Í september kom til landsins mikil haglabyssuskytta, Nikos Mavromatis, frá Grikklandi og hélt námskeið og nýttu sér 13 manns það.

F.h. stjórnar,
Ólafur Árni Músson, formaður

Skotíþróttafélagið Skyttur

Aðalfundur félagsins var haldinn 11. mars. Í stjórn félagsins voru kosnir eftirfarandi: Magnús Ragnarsson, formaður,



Frá Skeet-létt mótinu 2015.

Kristín Þórhallsdóttir, ritari, Bjarki Eiríksson, gjaldkeri, Jón Þorsteinsson, varaformaður, Haraldur Gunnar Helgason, meðstjórnandi, Kristinn Valur Harðarson, varamaður, Guðmar Jón Tómasson, varamaður.

Félagið stóð í framkvæmdum á árinu, unnið var við það að koma vatni á svæðið til að hægt væri að bjóða upp á salernisaðstöðu og er sú vinna vel á veg kominn. Smíðuð voru

þrjú steinsteypt skotborð á riffilbraut. Æfingar voru stundaðar af kappi í sumar, bæði á leirdúfubraut og riffilbraut. Félagið sá einnig um að taka skotpróf fyrir hreindýraskyttur og þreyttu um 60 skyttur prófið hjá félaginu.

Eitt innanfélagsmót var haldið 6. september sem heitir Skeet-létt og er orðið árvisst mót hjá félaginu.

F.h. stjórnar,
Magnús Ragnarsson, formaður

Torfæruklúbbur Suðurlands

Formaður: Helga Katrín Stefánsdóttir.
Varaformaður: Stefán Hansen Daðason.
Gjaldkeri: Sigfús Þór Sigurðsson. Ritari: Elva Björg Stefánsdóttir.
Meðstjórnandi: Þorsteinn Jónsson.
Varamaður: Eyþór Pétur Aðalsteinsson.



Aðalfundur TKS vegna stafsársins 2014 var haldinn 21. febrúar. Þar sem engin félagsmaður bauð sig fram til stjórnar situr sama stjórn áfram. Mikill áhugi hefur verið á torfæru og skráðir félagsmenn eru 84 og hefur þeim farið sífjöldandi með virku og bættu félagsstarfi. Samkomur hafa verið haldnar mánaðarlega og keppnum hefur einnig fjölgað.

Klúbburinn hélt 2 keppnir á árinu og einnig glæsilega afmælisýningu í tilefni 50 ára afmælis torfærunnar. Árið var tilþrífamikilið og fjölgaði áhorfendum mikið sem komu að fylgjast með þessu sporti. Í ár fóru 12 keppendur á Norður-Evrópumeistarumótinu sem var haldið í Skien í Noregi, þar af voru 8 keppendur sem kepptu fyrir hönd Torfæruklúbbsins. Á pall komst okkar maður 3 árið í röð, hann Snorri Þór Árnason.

Viljum við þakka félagsmönnum og öðrum áhugamönnum um akstursíþróttir kærlega fyrir samstarfið á árinu.

F.h. stjórnar,
Helga Katrín Stefánsdóttir, formaður



Geir Evert Grímsson á Sleggjuni á NEZ Cup í Skien í Noregi.



UBH

Aðalfundur félagsins var haldinn í Njálsgarði 14 á Hvolsvelli 28. desember 2015. Í stjórn voru kosnir: Formaður: Guðmann Óskar Magnússon. Gjaldkeri: María Rósa Einarsdóttir. Ritari: Ólafur Elí Magnússon. Varamaður: Helgi Jens Hliðdal. Varamaður: Jón Gísli Harðarson.



Félagið hefur ekki nein sérstök verkefni síðan að Íþróttafélagið Dímon tók yfir íþróttastarfsemi á svæðinu, en er stuðningsaðili Dímonar.

**F.h. stjórnar,
Guðmann Óskar Magnússon**



Minningarhlíð í Einbúa um Guðmund Sigurðsson bónda í Austurkoti í Hraungerðishreppi, vígt 17. júní 2009, gefið af systursonum Guðmundar. Guðmundur gaf Umf. Baldri Einbúa að gjöf árið 1932.

Umf. Baldur

Í stjórn árið 2015 sitja: Baldur Gauti Tryggvason, formaður, Guðmundur Bjarnason, varaformaður, Birgitta Kristín Bjarnadóttir, ritari, Svanhvít Hermannsdóttir, gjaldkeri, Gunnhildur Gísladóttir, meðstjórnandi, Anton Þór Ólafsson og Sunna Skeggjadóttir til vara.



Árið 2015 var að venju nokkuð hefðbundið. Starfsárið hefur lengi hafist með þrettándaskemmtun í Þingborg, sú skemmtun var að þessu sinni haldin 4. janúar. Brugðið var örlítið útaf vananum þetta árið og brennurni sleppt enda var það svo að kvöldið sem þrettándinn var haldinn reynist veðrið ekki vera mjög hagstætt til íkveikju en nokkrir flugeldar voru samt settir á loft ásamt því sem spilað var bingó með glæsilegum vinningum. Aðalfundur var síðan haldinn sunnudaginn 11. janúar. Óverulegar breytingar urðu á stjórn fundinum en úr stjórn gekk Jón Gautason en inn kom í hans stað Sunna Skeggjadóttir. Umtalsverðar umræður voru á fundinum, sér í lagi þó um framtíð félagsins og sameiningarþreifingar milli Baldurs, Samhygðar og Vöku í framhaldi málþings sem félögin héldu haustið 2014. Fór svo að samþykkt var tillaga þess að ráðast í það verk að stofna undirbúningsnefnd ásamt hinum félögum. Sú nefnd tók síðan til starfa stuttu eftir fund og í henni sátu fyrir hönd Umf. Baldurs, Ágúst Hjálmarsson ásamt Baldri Gauta formanni. Einnig var á aðalfundinum rætt mikið um framtíðarhlutverk Einbúans en fundurinn samþykkti samhljóða tillögu þess efnis að skora á stjórn félagsins að kanna kostnað við að leggja heitt vatn og rafmagn að svæðinu. Það mál fór í skoðun stjórnar og ræktunarnefndar félagsins en það er ennþá í vinnslu enda stórt og viðamikil verkefni.

Þorablótið var að sjálfsögðu haldið og var vel sótt að venju, rétt undir 200 manns í mat. Þetta árið var það hljómsveitin Vírus sem spilaði fyrir dansi í Þingborg þann 6. febrúar.

Krakkarnir í félaginu útbjuggu mat og skemmtiatriði, allt samkvæmt hefðum og venjum. Páskaeggjábíngó var haldið þann 30. mars og voru það nokkuð margir sem freistuðu þess að vinna páskaegg. Félagið tók samkvæmt venju þátt í dagskrá Fjörs í Flóa, að þessu sinni með því að lita eftir hoppuköstulur og bjóða uppá andlitsmálningu.

Norðlenska sjónvarpsstöðin N4 heimsótti félagið heim á fyrsta leikjavöldið sem haldið var í Einbúa þann 9. júní. Það voru þau Margrét Blöndal og Sighvatur Jónsson sem komu og gerðu innslag sem síðan var sýnt í þættinum Að sunnan að kvöldi 17. júní. Leikjavöldin voru síðan vikulega allt sumarið. Í lok sumars á einni af síðustu leikjavöldunum voru síðan grillaðar pylsur með tilheyrandi í mannskapinn og allir höfðu gaman. Umf. Baldur tók þátt í hvers konar mótum á vegum HSK undir merkjum

Þjótanda. Þá voru þessi hefðbundnu mót, Þingborgarmót og Flóamót haldin. Áveitan var gefin út mánaðarlega í samstarfi við Samhygð, Vöku og Flóahrepp.

Í haust hófst síðan undirbúningur að komandi þorablóti en yfirleitt hefst undirbúningur í kringum mánaðarmótin september-október, alls ekki síðar en í lok október. Þorablótið verður haldið þann 7. febrúar í Þingborg að þessu sinni.

Eins og má sjá á þessu var starfið að venju nokkuð hefðbundið en mestur tími starfsársins fór þó í þá vinnu sem undirbúningsnefndin um stofnun nýs ungmennafélags innti af hendi. Nefndin hittist alls 7 á fundum þar sem stofnun þessa nýja félags var undirbúin vel og vandlega. Þetta ferli fannst undirrituðum mjög fróðlegt og fræðandi, gaf manni svolítið nýja yfirsýn inn í starf ungmennafélaganna. Ferlið endaði síðan þann 16. nóvember þegar nýtt ungmennafélag var stofnað í Flóahreppi, það félag fékk nafnið Þjótandi. Því er ætlað að taka við kefli gömlu félaganna 3 í Flóahreppi en fyrir aðalfundi Umf. Baldurs, liggur tillaga þess efnis að leggja félagið niður og setja eignir þess inn í hið nýstofnaða ungmennafélag.

**F.h. stjórnar,
Baldur Gauti Tryggvason, formaður**

Umf. Biskupstungna

Aðalfundur Ungmennafélags Biskupstungna var haldinn á Cafe Mika þann 12. mars 2015. Eins og undanfarin tvö ár funduðu allar deildir félagsins sama kvöld. Byrjað var á fundi aðaldeildar, þá leikdeildar og loks íþróttadeildar. Engar



Frá leikjanámskeiði Umf. Biskupstungna í sumar.



breytingar urðu á stjórn aðaldeildar en stjórn félagsins skipa: Smári Þorsteinsson, formaður, Elfa Björk Kristjánsdóttir, gjaldkeri, Oddur Bjarni Bjarnason, ritari, Dagný Rut Grétarsdóttir, varastjórn, Þórey Helgadóttir, varastjórn. Formaður leikdeildar: Íris Blandon. Formaður íþróttadeildar: Agla Þyrí Kristjánsdóttir.

Leikdeild félagsins setur upp leiksýningar í Aratungu annað hvert ár. Hópurinn frumsýndi síðast árið 2014. Það var því hlé á starfseminni fyrir hluta árs, en í nóvember kom hópur saman til að hefja æfingar á leikriti sem frumsýnt verður í febrúar 2016. Leikhópurinn valdi að setja upp verkið Brúðkaup eftir Guðmund Ólafsson, en hann skrifaði einnig Bárið í brestina sem leikdeildin sýndi árið 2014. Ég hvet því alla til að fylgjast með þegar sýningar verða auglýstar og mæta á góða skemmtun í Aratungu.

Sveitahátíðin Tvær úr Tungunum var haldin í og við Aratungu 15. ágúst og tók félagið virkan þátt í henni. Eysteinn Bridde var með opna fótvoltaæfingu sem var vel sótt, loftboltar voru á svæðinu í boði félagsins og um kvöldið stóð Umf. Biskupstungna svo fyrir skemmtun og dansleik í Aratungu þar sem Hundur í óskilum og Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar komu fram.

Vinnukvöld var auglýst á íþróttavellinum í ágústmánuði. Aðeins fjórir félagar mættu í ausandi rigningu, en þrátt fyrir fámennið náðist að skila góðu verki.

Ritnefnd félagsins gaf út tvö tölublöð af málgagni félagsins „Litla-Bergþóri“. Þetta var 36. árgangur og er innihald blaðsins fjölbreytt og í senn fræðandi um félagið og mannlífið í Tungunum.

Nýr og betri líkamsræktarsalur var opnaður í íþróttamiðstöðinni í Reykholti í janúar og hefur aðstaðan meira en tvöfaldast af stærð við þessar breytingar. Ungmennafélag Biskupstungna gaf fimm tæki í nýja salinn.

Íþróttadeildin hélt úti öflugu íþróttastarfi að vanda. Fjölbreyttar æfingar eru í boði og finna allir eitthvað við sitt hæfi. Sundnámskeið var haldið fyrir yngstu kynslóðina og var það Guðbjörg Bjarnadóttir sem sá um það eins og undanfarin ár. Einnig var haldið leikjanámskeið í sumar og var það María Carmen Magnúsdóttir sem sá um kennsluna.

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim aðilum sem komu að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir samstarfið.

F.h. stjórnar,
Smári Þorsteinsson, formaður.



Leikjakvöld Dagsbrúnar.

Umf. Dagsbrún

Stjórn félagsins skipa:
Formaður: Konráð Helgi Haraldsson, Búðarhól.
Ritari: Hildur Sigrún Ragnarsdóttir, Stóru-Hildisey. Gjaldkeri: Hlín Albertsdóttir, Skiðbakka 1.



Aðalfundur haldinn í Gunnarshólma þann 29. apríl 2015. Helstu viðburðir: Þorablót - Jólabbal og Skótuveisla. Nýjung 2. árið í röð sem hefur gefist vel bæði fyrir börn og fullorðna hér í sveit, leikjakvöld, hittumst 1 sinni í viku og förum í leiki og spilum fótbolta.

Umf. Eyfellingur

Starfsemin svipuð og undanfarin ár, 9. janúar 2015 var haldin þrettándagleði við Skógafoss með brennu og flugeldasýningu, flugeldasýninguna sá björgunar-sveitin á Hvolsvelli um og var hún hin glæsilegasta. Aðalfundur félagsins var haldinn 29. apríl og gengu 4 nýir félagar í félagið.



Seljavallarlaug var hreinsuð 14. júní og kom saman vaskur hópur félaga að hreinsa.

Ríkissjóður styrkti Seljavallalaug um 5 milljónir og voru þær nýttar í að laga múrskemmdir á klefum og laug, var múrrameistari fenginn í verkið sem sprautaði þéttiefni í allar sprungur og málaði yfir. Er þá það helsta upp talið sem gert var á árinu.

F.h. stjórnar,
Ármann Fannar Magnússon, formaður



Seljavallarlaug hreinsuð.



Umf. Eyrarbakka

Aðalfundur UMFE var haldinn á Stað Eyrarbakka 19. janúar 2015. Almenn fundarstörf og kosið í stjórn. Stjórnin er svohljóðandi: Helga Kristín Böðvarsdóttir, formaður, Elín Birna Bjarnfinnsdóttir, gjaldkeri, Karen Hafþórsdóttir, ritari, Jessica Lindgren, meðstjórnandi, Halla Emilsdóttir, meðstjórnandi.



Ákveðið var að halda spilavist og var hún auglýst í Dagskránni. Mætti fólk frá Selfossi og Eyrarbakka. Fótboltinn hélt sínu og striki og tókum við þá ákvörðun að hafa æfingar einu sinni í viku fyrir 5. til 7. bekk. Samþykkt var að leita aftur til Steins Skúlasonar með þjálfun. Samþykkt var samhljóða að halda áfram með Hópslaupið sem gengið hefur vel og að sjá um skemmtun þegar kveikt var á þorpsjólátrénu fyrsta í aðventu. Til gamans má geta að um 100 manns mættu og höfðu gaman af.

Umf. Framtíðin

Stjórn Ungmennafélagsins Framtíðarinnar 2015: Formaður: Brynja Rúnarsdóttir. Ritari: Lilja Guðnadóttir. Gjaldkeri: Birna Guðjónsdóttir. Meðstjórnendur: Hrefna Huld Helgadóttir og Gyða Árný Helgadóttir.



Aðalfundur Ungmennafélagsins Framtíðarinnar var haldinn 3. febrúar 2015 og að auki voru haldnir tveir fundir á árinu til skrafs og ráðagerðar. Eins og fram kom í fyrri ársskýrslu þá hefur ungmennafélagið haldið úti öflugri starfssemi þrátt fyrir fámenni. Segja má að smæð ungmennafélagsins okkar sé „akkilesarhæll“ er varðar árangur í keppnisíþróttum og þá sérstaklega hópíþróttum en að sama skapi erum við félagslega sterk, því börnin okkar leika sér saman og styðja hvort annað þrátt fyrir aldursmun þeirra, getu og þroska. Það er ánægjulegt að upplýsa að á árinu hefur bæst í iðkendahópin.

Allt árið er hist vikulega og margt brallað á leikjakvöldum. Á leikjakvöldum er markmiðið að stunda hreyfingu saman í leik sem hentar öllum aldri. Farið í þrautir, fótbolta, hlaup og margt fleira. Umsjónarmenn leikjakvöldanna í vor voru Björk Grétarsdóttir og Bjarnveig Björk Birkisdóttir og í haust voru Helgi Ármannsson og Karen Eva Sigurðardóttir. Að auki hafa okkar börn æft með Umf. Heklu og KFR í þeim íþróttum sem þeim hentar. Haldið var Zumba námskeið sem var vel sótt. Bæði börn og fullorðnir tóku þátt og liðkuðu sig saman í dansi.



Hópslaup Ungmennafélags Eyrarbakka.



Þátttakendur á boltakvöldi Umf. Framtíðarinnar ásamt leiðbeinendum.

Í mars var farið í leikhúsferð og sáum við Línu Langsökk í Borgarleikhúsinu. Ferðin vakti mikla lukku. Hreyfivika UMFÍ var haldinn vikuna 21.–27. september. Við fögnuðum þessum atburði og tókum að sjálfsögðu virkan þátt.

Á hverju ári hefur ungmennafélagið staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum ásamt kvenfélaginu Sigurvon. Að venju byrjaði dagurinn á Kvennahlaupi ÍSÍ og var mætingin mjög góð að þessu sinni. Á eftir voru grillaðar pylsur og fjölgaði þá í hópnum. Allir mættu svo í betri fótunum í íþróttahúsið þar sem hátíðarhöldin fóru fram. Mikið fjölmenni sem kom víða að tók þátt í afar skemmtilegri hátíðardagskrá. Tekin var fram lest sem krakkarnir þreyttust seint á að ferðast í. Leigður var hoppukastali og loftboltar sem vöktu mikla lukku. Dagurinn verður í minnum hafður enda vel heppnaður. Í ágúst var farið í fjölmenna bátsferð á Kálfalæk í Þykkvabæ. Í lok bátsferðar var snætt nesti og

farið í leiki á eftir. Þetta var mjög skemmtileg ævintýraferð.

Aðal fjáröflun okkar er bingó á sumardaginn fyrsta, einnig fáum við að hirða umbúðir af gosdrykkjum sem falla til í íþróttahúsinu. Fyrir konudaginn voru seld blóm til fjáröflunar. Sveitafélagið hefur ekki styrkt rekstur ungmennafélagsins undanfarin ár.

Það er mikilvægt að við séum sýnileg bæði þegar iðkendur eru í keppni og einnig fyrir börnin sjálf, að það sjáist að við erum öll í sama liði og séum stolt af því. Í janúar voru afhentir bolir sem voru styrktir af fyrirtækjum á svæðinu og á 17. júní gaf ungmennafélagið öllum ungum iðkendum stuttbuxur sem og íslenska fánann.

Eins og áður hefur komið fram þá erum við ekki mörg í Umf. Framtíðinni og því getum við ekki sett saman lið í hópíþrótt. Þá er mikilvægt að styrkja og hvetja einstaklingana í hópnum okkar sem er mjög fjölhæfur og



Gnúpverjar á héraðsleikum HSK.

nýta fjölmenni annarra íþrótta- og ungmennafélaga í grennd við okkur til að þeir einstaklingar sem vilja stunda hópíþróttir geti það með góðu móti. Það er draumur okkar að börnin geti stundað íþróttir eftir skóla og þeim ekið í Þykkvabæinn að þeim loknum. Varðandi fjáraflarir þá er lífsnauðsynlegt að fá styrki til starfsins frá sveitafélaginu og gerum við okkur vonir um að svo verði á komandi ári.

Umf. Gnúpverja

Aðalfundur félagsins var haldinn 22. mars 2015. Engin breyting varð á stjórn félagsins: Einar Gestsson, formaður, Ingvar Práanderson, gjaldkeri, Helga Kolbeinsdóttir, ritari.



Breyting varð á formennsku í leikdeild ungmennafélagsins, Eyþór Brynjólfsson lét af störfum sem formaður og í hans stað var kjörin Sigprúður Jónsdóttir, Eystra-Geldingaholti. Leikdeildin setti upp leikritið Heilsugæslan eftir Lýð Árnason í Félagsheimilinu Árnesi.

Marínó Fannar Garðarsson var útnefndur íþróttamaður ársins 2014. Hann er fæddur 1979 og er frá Minni-Mástungu. Keppir alltaf undir nafni Ungmennafélags Gnúpverja stoltur! Marínó er mikill hlaupari og frábær fyrirmynd. Marínó nýtir frítíma sinn í maraþonhlaup í hvert skipti sem hann er ekki á sjó og tók hann þátt í flestum hlaupum sem hann komst í árið 2014. Hann var fyrirliði UMFG á héraðsmóti (2014) og smalaði saman góðum hópi sem urðu svo héraðsmeistarar karla í frjálsum íþróttum. Marínó keppti í öllum greinum sem í boði

voru, dró alla Gnúpverja sem tiltækir voru til að taka þátt á móti og fékk alla liðsmenn til að keppa í greinum. Hann er góður leiðtogi með ungmennafélagsandann að leiðarljósi.

Starf félagsins á árinu hefur verið með ágætum. Félagið hefur boðið upp á skákkvöld, körfuboltaæfingar, frjálsíþróttaæfingar, fótboltaæfingar og íþróttaskóla fyrir börn á árinu. Æfingar fyrir 1.- 4. bekk voru einu sinni í viku yfir vetrartímann. Þjálfarar voru þau Einar Gestsson, Bryndís Eva Óskarsdóttir og Elin Moquist. Bryndís Eva var með æfingar í frjálsum yfir sumartímann, þátttaka var góð og fór hún með þó nokkuð mörg börn á héraðsleika og aldursflokkað HSK í Þorlákshöfn í sumar. Þorsteinn Hauksson sá um knattspyrnuæfingar. Þess má geta að börn í UMFG eru dugleg að stunda

æfingar hjá öðrum íþróttafélögum í sveitarfélögunum í kring um okkur s.s. með Hrunamönnum og Umf. Selfoss. Gnúpverjar keppa í 3. deild karla í körfubolta og einnig í bikaþróttum KKÍ.

Félagið réðst í gerð körfuboltavallar á skólalóðinni í Árnesi með stuðningi frá sveitarfélaginu og tókst sú framkvæmd vel og eru börnin ánægð með völlinn. Einnig var keyptur geymslugámur á íþróttavöllinn.

Gnúpverjar urðu HSK meistarar skák 2015 en sveitina skipuðu Ingvar Práanderson, Úlfhéðinn Sigurmundsson, Stefán Sævaldsson og Vilhjálmur Þór Pálsson.

Ungmennafélagið er aðili að Brokk og skokk deginum hér í hreppnum ásamt Hestamannfélaginu Smára, Umf. Skeiðamanna og Umf. Hrunamanna. Fór keppnin fram þann 23. júní og var þátttaka mjög góð. Það má sjá allt um Brokk og skokk á Facebook-síðunni Brokk og skokk. Jólasveinar á vegum ungmennafélagsins sáu um að færa börnum gjafir fyrir jóln.

F.h. stjórnar,

Helga Kolbeinsdóttir, ritari

Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn 2. maí 2015 í Grunnskólanum á Hellu. Á fundinn mættu innan við 10 manns. Fundarstjóri var



Guðmundur Jónasson. Miklar umræður voru á fundinum um starfið innan félagsins. Fjárhagsleg staða félagsins er góð. Ásgeir Jónsson gekk úr stjórninni og inn kom Ölöf Árnadóttir og er stjórn Umf. Heklu skipuð eftirfarandi aðilum: Formaður: Guðmundur Jónasson. Varaformaður: Guðríður Tómasdóttir. Gjaldkeri: Hulda Karlsdóttir. Ritari: Guðbjörg Arnadóttir. Meðstjórnandi:



Keppendur og þjálfarar á fyrsta fimleikamóti sem Hekla tók þátt í undir merkjum félagsins.



Frá vígslu íþróttahússins á Flúðum 29. desember 2015.

Ólöf Árnadóttir. Varamaður: Erna Sigurðardóttir. Varamaður: Kristinn Scheving. Guðbjörg Arnadóttir gekk úr stjórn um haustið og var enginn tekinn inni stjórnina í hennar stað, og tók Ólöf við ritarastöðunni.

Um 30 krakkar á grunnskólaaldri iðka körfubolta yfir veturinn tvisvar sinnum í viku í íþróttamiðstöðinni á Hellu, og eru þjálfarar krakkanna Þorsteinn Darri Sigurgeirsson og Erla Brá Sigfúsdóttir. Farið var með 2 lið á póstmót Breiðabliks í janúar. Meistaraflokkur karla þátt í annarri deild KKÍ um vorið en hóf ekki keppni um haustið.

Leikjánaðmskeið var haldið í júní í samvinnu við sveitarfélagið. Að venju stóð það yfir í 3 vikur í júní og síðan var bætt við 2 vikum í ágúst. Þátttakendur voru rúmlega 50 talsins þegar mest var í júní, en þátttakan var dræmari í ágúst. Almenn ánægja var með námskeiðið meðal barna og foreldra. Námskeiðið var styrkt af sveitarfélaginu sem gerði það að verkum að hægt var að lækka þátttökugjöldin verulega. Umsjónarmenn voru Þórunn Inga Guðnadóttir og Rúnar Hjálmarsson.

Frjálsíþróttamót. Krakkar frá Heklu tóku þátt í Héraðsleikum HSK innanhúss 10 ára og yngri í byrjun mars sem haldið var á Hvolsvelli. Nokkrir krakkar tóku þátt í Aldursflokkamóti HSK 11–14 ára í Kaplakriahöllinni í janúar þar sem vannst til nokkurra verðlauna. Einnig tóku nokkrir krakkar þátt í héraðsmóti utanhúss þar sem einnig vannst til nokkurra verðlauna. Haldið var frjálsíþróttamót í samvinnu við Dímon og Garp fyrir 16 ára og yngri á Hvolsvelli í apríl. Haldið var úti frjálsíþróttæfingum á íþróttavellinum í sumar þar sem mætning var oftast þokkaleg og á köflum góð. Frjálsíþróttþjálfari er Rúnar Hjálmarsson. Meistaraflokkslið kvenna í blaki undir merkjum Heklu og Dímon var starfandi á árinu og tóku þær þátt í fjölda móta og gekk bærilega að vanda. Einnig voru skipulagðar blakæfingar á fimmtudögum fyrir krakka 11–16 ára, þjálfari bæði hjá konunum og krökkunum er Ingibjörg Heiðardóttir og henni

til aðstoðar með krökkunum er Erla Brá Sigfúsdóttir.

Hekla stóð fyrir Héraðsmóti HSK í skák 16 ára og yngri í febrúar þar sem vannst til fjölda verðlauna og vann félagið stigabikar og varð héraðsmeistari. Haldið var vetrarmót í grunnskólanum. Sveit fór á Íslandsmeistaramót barna í skák. Skákæfingar voru 1 sinni í viku í haust og þjálfarar voru Björn Sigurðsson og Ómar Helgason. Sveit frá félaginu tók þátt í Héraðsmóti HSK í Bridds.

Borðtennisæfingar í samvinnu við Dímon voru á Hvolsvelli og mættu þar reglulega nokkrir krakkar. Fjöldi krakka mætti á Héraðsmót HSK sem haldið var á Hvolsvelli í nóvember þar sem við eignuðumst tvo héraðsmeistara, þá Stefán Orra Gíslason og Þorgils Gunnarsson, urðum við í öðru sæti stigakeppninnar. 4 keppendur tóku þátt í Íslandsmóti í apríl og áttum við þar 1 einstakling á verðlaunapalli í einstaklingskeppni og þar í tvíliðakeppni. Einnig kepptu krakkar á borðtennismóti sem Dímon og Hekla stóðu fyrir á Hellu í október sem og nokkrum mótum á vegum BTÍ sem haldin voru á Hvolsvelli og annars staðar á landinu. 1 keppandi mætti á Aldursflokkamót HSK í sundi í júní og vann hann til verðlauna.

Umf. Hekla kom að skipulagningu á samfelli skólustarfs og íþróttar fyrir nemendur í 5.–10. bekk, á mánudögum og miðvikudögum kl. 15–17. Í samfellunni var félagið með körfubolta, frjálsar íþróttir, hreysti, fimleika og zumba. Þátttakendur eru tæplega 60 talsins. Taekwondo-æfingar í samvinnu við taekwondoedeild Umf. Selfoss voru í gangi á árinu. Æft var tvisvar í viku og er hópnun skipt í tvennt; 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Um 25 krakkar og fullorðnir hafa verið að mæta að jafnaði og hefur þetta gengið mjög vel. Fullt af krökkum fór í beltapróf á árinu. Mikil aukning hefur orðið á árinu í fimleikaiðkun þar sem rúmlega 50 krakkar taka reglulega þátt. Farið var með stóran hóp krakka í Hveragerði á fyrsta fimleikamót sem félagið hefur tekið þátt í. Þjálfarar eru Erla Sigríður Sigurðardóttir og

Aníta Tryggvadóttir. Félagið sá um framkvæmd á Kvennahlaupi ÍSÍ á Hellu og var þátttaka góð, tæplega 100 konur. Félagið sá um framkvæmd á námskeiðinu „Verndum þau“ í samstarfi við UMFÍ. Námskeið í Ólympískum lyftingum fór fram í maí og voru þar 12 þátttakendur.

Helstu fjáraflanir félagsins eru lottótekjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði, einnig eru leigð út bingóspjöld. Keyptar voru nýjar dýnur og áhöld til fimleikaiðkunar í íþróttahúsið, keyptir voru körfuboltar og frjálsíþróttahöld. Félagið fékk styrki á árinu frá Íþróttasjóði Ríkisins og Verkefnasjóði UMFÍ. Nýir félagsbúningar í samstarfi við Dímon voru seldir árinu og var mikil sala í þeim.

Félagsmenn í Umf. Heklu eru um 530 talsins. Félagsgjald er 1500 kr. fyrir 18 ára og eldri.

3 aðilar mættu á Héraðsþing HSK í Aratungu um miðjan mars. Guðmundur Jónasson, Brynja Garðarsdóttir og Jón Guðmundsson. Á þinginu var Björgvin Guðmundsson útnefndur skákmaður ársins.

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Akureyri í sumar og kepptu þar 7 krakkar frá félaginu og varð Heiðar Óli Guðmundsson landsmótsmeistari í borðtennis 14 ára og yngri.

Umf. Hrunamanna

Boðað var til aðalfundar félagsins þann 22. apríl, á honum var kjörinn nýr formaður, Ingibjörg Elsa Ingjaldsdóttir, að öðru leyti var stjórnin endurkjörin og er hún því eftirfarandi:

Formaður: Ingibjörg Elsa Ingjaldsdóttir. Gjaldkeri: Valdís Magnúsdóttir. Ritari: Halldóra Hjörleifsdóttir. Meðstjórnandi: Samúel U. Eyjólfsson. Meðstjórnandi: Óskar Rafn Emilsson.

Á fundinum var íþróttamaður ársins 2014





krýndur en það var Ragnheiður Björk Einarsdóttir. Á árinu var stækkun á íþróttahúsinu kláruð og byrjuðu æfingar í stóru endurbættu íþróttahúsi í september. Með stækkuninni hefur aðstaða til íþróttaiðkunar batnað til mikilla muna hjá félaginu. Starfið innan deilda félagsins gekk vel og verður hér stiklað á stóru yfir það helsta.

Starf blakdeildar Umf. Hrunamanna var með hefðbundnum hætti árið 2015. Kvinnaliðið halda áfram sínu öfluga starfi, æfa tvisvar í viku og mæta reglulega á mót. Tvö af kvinnaliðunum tóku þátt í Íslandsmótinu einnig, 2. og 4. deild, gekk þeim misjafnaleg vel en héldu bæði sætum sínum. Öll fjögur fóru svo á öldungamótið. Karlaliðið tók þátt í Íslandsmóti 1. deildar, HSK mótinu í blaki, Hraðmóti HSK, Öldungamóti BLÍ og einhverjum hraðmótum. Liðið varð Íslandsmeistari 3. árið í röð en gengi þess í Öldungamótinu var ekki eins gott er þar féll það niður um deild. Eins missti það HSK titilinn sem það hafði unnið 15 ár í röð.

Bríddsdeildin stendur fyrir góðu starfi. Sami kjarni manna og kvenna á besta aldri hittist einu sinni í viku yfir vetrartímann og spila af kappi. Mót eru haldin á vegum deildarinnar auk þess sem félagar taka þátt í öðrum mótum.

Starf fimleikadeildar byrjaði aftur á haustönn eftir nokkurt hlé og eru tímar í boði fyrir alla grunnskólakrakka á svæðinu. Um 30 börn stunda fimleikaæfingar.

Starf frjálsíþróttadeildar er nú öflugt sem aldrei fyrr. Iðkendur eru um 70 talsins og æfa hóparnir 2 sinnum í viku. Farið var á mörg mót og gekk frjálsíþróttafólki vel á árinu. Nokkrir Íslandsmeistaratitlar féllu í skaut Hrunamanna og félagið setti lit á þær keppnir sem deildin tók þátt í. Frjálsíþróttadeildin stóð fyrir jólamóti Hrunamanna í desember. Mótið var opið öllum iðkendum sem stunda æfingar hjá frjálsíþróttadeildinni. Árangur var stórgóður og persónuleg met féllu.

Starfið hjá knattspyrnudeildinni var í minna lagi þetta árið, æfingar voru einu sinni í viku.

Körfuknattleiksdeildin hélt áfram með sitt öflugan starf. Fjöldamörg lið tóku þátt í Íslandsmótum ásamt fleiri mótum sem haldin eru af hinum og þessum félögum.

Umf. Hvöt

Aðalfundurinn var haldinn 18. nóvember 2015. Guðgeir Gunnarsson gaf ekki kost á sér áfram í stjórn og kom Huguína Sigurðardóttir inn í hans stað. Við þökkum Guðgeiri fyrir vel unnin störf.

Í stjórn eru: Antonía Helga Guðmundsdóttir, formaður, Hörður Óli Guðmundsson, gjaldkeri, Huguína Sigurðardóttir, ritari.



Krakkarnir sem tóku þátt í leikjanámskeiði Umf. Hvatar ásamt Ólafi Guðmundssyni kennara.

Eins og vant er byrjaði árið með þorablóti sem haldið var 30. janúar. Körfuboltaæfingar voru tvisvar í viku yfir veturinn og var íþróttahúsið opið á laugardögum fyrir börn og foreldra.

27. janúar var stofnað leikfélag undir nafni Hvatar sem fékk nafnið Leikfélagið Borg og voru 22 stofnfélagar sem mættu á fundinn. 8.-10. júní var leikfélagið með leiklistaræfingu sem ungmennafélagið styrkti.

23. júní – 3. júlí var haldið leikjanámskeið sem að Ólafur Guðmundsson sá um og var þátttaka góð og skemmtu sér allir vel. 6. -17. júlí var svo haldið sundnámskeið fyrir börn fædd 2009-2012 og var góð þátttaka þar líka en Magnús Tryggvason sá um að kenna börnunum réttu sundtökin. Félagið styrkti jólaball sem haldið var á vegum Foreldrafélags Kerhólsskóla.

Umf. Ingólfur

Aðalfundur varð enginn á árinu og því er stjórn óbreytt: Formaður: Þröstur Guðnason. Gjaldkeri: Kristinn Guðnason. Ritari: Þórhalla Guðrún Gísladóttir. Varastjórn: Daníel Magnússon, Jóna Sveinsdóttir, Ágúst Ómar Eyvindsson.



Formaðurinn mætti á héraðsþing, sótt var tré í skógræktarreit félagsins af leikskólabörnum og starfsfólki í fylgd Olgeirs í Nefsholti og þar með eru afrek ársins upptalin í nafni félagsins.

F.h. stjórnar,
Þröstur Guðnason, formaður



Leikskólabörn að leik í skógræktarreit Umf. Ingólfs.



Sigurbjörn Árni Arngrímsson setti fjölda öldungameta á árinu.

Umf. Laugdæla

Starfsemi UMFL var í föstum skorðum með félags- og íþróttastarf fyrir alla aldurshópa samfélagsins. Aðalfundur félagsins var haldinn 19. mars 2015 þar sem 9 félagsmenn voru mættir. Margrét Harðardóttir heldur áfram sem formaður og Eva Hálfánardóttir heldur áfram sem gjaldkeri, Helga Kristín Sæbjörnsdóttir óskaði eftir því að hætta sem ritari og tók Hallbera Gunnarsdóttir við af henni. Í varastjórn voru endurkjörnir til eins árs þeir Pétur Ingi Haraldsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir og var Kjartan Lárusson endurkjörin en Krístrún Sigurfinnsdóttir hættir og var Eyrún M. Stefánsdóttir kosin í staðin fyrir hana. Formaður blak-, körfuknattleiks- og frjálsíþróttanefndar voru endurkjörnir og gegna þeim hlutverkum áfram Gunnhildur Hinriksdóttir, Emilía Jónsdóttir og Lára Hreinsdóttir. Í skemmtinefnd hætti Pálmi Hilmarsson störfum en Erla Þorsteinsdóttir og Bryndís Á. Bøðvarsdóttir voru endurkjörnar. Sverrir



Steinn Sverrisson var endurkjörin sem formaður knattspyrnunefndar. Gunnhildur Hinriksdóttir og Bryndís Ásta Bøðvarsdóttir sáu um útgáfu ársskýrslunnar sem jafnframt er tölublað af Laugdælingi og Bryndís hefur einnig haldið utan um Facebook-síðu félagsins.

Íþróttastarf á vegum félagsins var með hefðbundnu sniði og var ágætlega sótt. Á haustönn var boðið upp á íþróttaskóla fyrir krakka frá 4 ára til 9 ára og hefur hann verið vel sóttur. Einnig var komið af stað krakkablaki fyrir nemendur í 5.–10. bekk. Árangur var að venju nokkuð góður. Laugdælir áttu einn landsliðsmann í frjálsíþróttum, Agnesi Erlingsdóttur.

Æfingar voru í blaki karla og kvenna og tóku báðir hópar þátt í Íslandsmóti BLÍ. Körfuknattleikur var iðkaður og í boði voru æfingar fyrir minnibolta. Að hausti héldu minniboltaæfingar fyrir yngstu aldurshópana áfram og starfsemi mfl. karla byrjaði aftur. Knattspyrna er stunduð hjá félaginu meðal barna á grunnskólaaldri og frjálsíþróttir í öllum aldursflokkum. Í sínum aldursflokkum urðu Íslandsmeistarar Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson (viðavangshlaupum), Sigurbjörn Árni Arngrímsson (1500 m hlaupi) og Agnes keppti svo á smáþjóðaleikunum í 400 m grindahlaupi.

Íþróttamaður UMFL 2014 var Sveinbjörn Jóhannesson, körfuknattleiks- og frjálsíþróttamaður fékk hann þá viðurkenningu afhenta við 17. júní hátíðarhöld félagsins. Þar voru einnig viðurkenningar veittar ungum og efnilegum í hverri íþróttgrein sem stunduð er fyrir starfsárið 2014-2015. Eldhugi starfsársins var Pétur Ingi Haraldsson fyrir drifkraft við gerð strandblaksvallar að Laugarvatni.

Félagstarfið skipar einnig ríkan þátt í starfi UMFL. Félagið hélt sitt árlega þorablót fyrir tæplega 300 manns um miðjan febrúar og sá um 17. júní hátíðarhöldin í Laugardal að venju. Einnig fjölmenntu Laugdælir á Unglingalandsmót UMFI og má segja að það sé orðin sumarútilega fjölskyldunnar. Félagið lánaði HSK einnig samkomutjald sitt á unglingalandsmótið.

Sveitarfélagið Bláskógabyggð var eins og áður helsti styrktaraðili félagsins þetta árið og ber að þakka þann stuðning sem sveitarfélagið sýnir félaginu. Önnur fyrirtæki hafa líka stutt við bakið á félaginu og eins og alltaf er sjálfbodastarfið talsvert, sérstaklega í kringum þorablótið og mótahald félagsins. Fjáraflanir félagsins hafa skilað sér vel auk þess sem farið er sparlega með allt.

Félagið tekur virkan þátt í starfi HSK, UMFI og ÍSÍ auk fjölda sersambanda þess síðastnefnda. Ungmennafélagsandinn er í okkur öllum, það sýnir starf félagsins.

F.h. stjórnar,

Margrét Harðardóttir, formaður

Umf. Merkiðvöll

Félagið stóð fyrir 17. júní hátíðarhöldum, vel sótt að venju. Félagið sá um að skipuleggja og halda jólatrés-skemmtun. Aðalfundur var haldinn á vordögum. Þar var helsta umræðuefnið hvort félagið ætti að taka félagsheimilið Brúarlund á leigu. Nú standa yfir viðræður um það við Rangárþing ytra.

Á fundinum var stjórn endurkosin, hana skipa: Formaður: Kjartan G. Magnússon. Gjaldkeri: Ólafía Sveinsdóttir. Ritari: Anna B. Stefánsdóttir.

F.h. stjórnar,

Kjartan G. Magnússon, formaður



Umf. Samhygð

Stjórn kosin á aðalfundi 2015: Stefán Geirsson, formaður, Hugrún Geirsdóttir, gjaldkeri, Margrét Valdimarsdóttir, ritari, Jón Gunnþór Þorsteinsson, meðstjórnandi, Anný Ingimarsdóttir, meðstjórnandi.



Aðalfundur félagsins var haldinn 18. janúar í Félagslundi. Þar var farið yfir starf liðins árs og reikningar félagsins lagði fram til samþykktar. Fjárhagur félagsins reyndist traustur og eignastaða góð. Stjórn félagsins var endurkosin með einni breytingu en Jón Gunnþór Þorsteinsson kom inn sem meðstjórnandi. Lög Samhygðar voru tekin til gagn Gerrar endurskoðunar á aðalfundum eftir undirbúning Jón M. Ívarssonar en þau höfðu að stofni til verið óbreytt frá 1966. Margrét Jónína Stefánsdóttir hlaut félagsmálabikar Samhygðar fyrir góð störf í þágu félagsins í áráraðir.

Starf Samhygðar árið 2015 markaðist að miklu leyti af áframhaldandi vinnu við stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi á grunni eldri félaga. Formaður starfaði fyrir hönd félagsins ásamt Rannveigu Árnadóttur í sex manna undirbúningsnefnd sem vann markvisst fram að stofnfundi Umf. Þjótanda í nóvember.

Skemmtanir voru með hefðbundnu sniði, skírdagsþingó var haldið í Félagslundi að kvöldi skírdags við góða aðsókn, 17. júní var haldinn hátíðlegur í samvinnu við ungmenna- og kvenfélög í Flóahreppi í Þingborg annað árið í röð, Haustballið árvissa var á sínum stað byrjun október og Samhygð aðstoðaði jólasveina við að deila út gjöfum til barna í hreppnum á aðfangadag og er sú venja orðin næsta órjúfanleg jólundum.

Samvinna ungmennafélaganna þriggja í Flóahreppi Samhygðar, Baldurs og Vöku hélt áfram á ýmsum sviðum. Fréttaritíð Áveitan



Stefán Geirsson, formaður Samhygðar, hampaði Skarphéðinsskildinum í 11. skipti.

kom út mánaðarlega, íþróttæfingar á sviði glímu, frjálsa íþróttar og skákar voru í boði á vettvangi félagsins fyrir börn og unglinga.

Íþróttalíf félagsins hélt sínu striki árið 2015. Kristinn Þór Kristinsson landsliðsmaður í millivegalengdarhlaupum gerði það gott á árinu en hann gekk síðan í raðir Umf. Selfoss í lok árs. Marín Laufey Davíðsdóttir glímukona gat hvorki varið Freyjumenið né Bergþóruskjöldinn en gerði það engu síður gott á glímuvellinum á árinu. Stefán Geirsson glímumaður hampaði Skarphéðinsskildinum í 11. skipti á árinu sem er nýtt met. Flóahlaup Samhygðar var haldið 11. apríl en þátttaka var heldur dræm vegna veðurs.

Árið 2015 var síðasta heila starfsár Umf. Samhygðar sem stofnað var árið 1908 en árið 2016 færir starf Samhygðar inn í Umf. Þjótanda og félagið verður lagt niður. Félögum, vinum og samstarfsfólki Samhygðar eru færðar þakkir fyrir samstarfið í gegnum tíðina.

F.h. stjórnar.

Stefán Geirsson, formaður

Umf. Selfoss

Guðmundur Kr. Jónsson var endurkjörinn formaður félagsins á aðalfundi félagsins þann 16. apríl. Auk hans sitja í framkvæmdastjórn Sverrir Einarsson, gjaldkeri, Viktor S. Pálsson, ritari, Hjalti Þorvarðarson og Jóhann Helgi Konráðsson, meðstjórnendur. Sveinn Jónsson, Hallur Halldórsson og Hródný Hanna Hauksdóttir gengu úr stjórn. Ásamt framkvæmdastjórn skipa þau Þóra Þórarinsdóttir, formaður fimleikadeildar, Helgi S. Haraldsson, formaður frjálsíþróttadeildar, Lúðvík Ólason, formaður handknattleiksdeildar, Þórdís Rakel



Deildar- bikar- og Íslandsmeistarar Selfoss í hópímleikum 2015.

Hansen, formaður júdódeildar, Óskar Sigurðsson, formaður knattspyrnuakademíu, Axel Sigurðsson, formaður mótókrossdeildar, Sigríður Runólfssdóttir, formaður sunddeildar og Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður taekwondodeildar, þrettán manna aðalstjórn félagsins. Í lok árs tók Adólf Ingvi Bragason við formennsku í knattspyrnuakademíu.

Hjá aðalstjórn félagsins starfar Gissur Jónsson framkvæmdastjóri í fullu stöðugildi auk Aðalbjargar Skúladóttur sem tók á árinu við af Hansínu Kristjánsdóttur sem bókari félagsins í hálfu stöðugildi. Þá starfa hjá fimleikadeild Olga Bjarnadóttir sem er framkvæmdastjóri fimleikadeildar í hálfu stöðugildi ásamt Tönju Birgisdóttur, Sally Ann Vokes og Steinunni Húbertínu Eggertsdóttur sem eru í hlutastarfi sem yfirþjálfarar deildarinnar. Sveinbjörn Músson er framkvæmdastjóri knattspyrnuakademíu og vallasstjóri á Selfossvelli. Starfsmenn á Selfossvelli í lok árs 2015 voru Þórdís Rakel Hansen og Guðmunda Brynja Óladóttir. Þá er Gunnar Rafn Borgþórsson í fullu stöðugildi sem þjálfari meistaraflökks karla og yfirþjálfari knattspyrnuakademíu ásamt því að sinna sérverkefnum. Flestar deildir félagsins eru með starfandi yfirþjálfara í mismunandi stöðuhlutfalli.

Eins og undanfarin ár eru starfandi átta deildir innan Umf. Selfoss: fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnuakademíu, mótókrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiksdeildar og knattspyrnuakademíu starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfa fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Handknattleiksdeild, fimleikadeild og frjálsíþróttadeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands og eru þær sjálfstæðar

rekstrareiningar. Knattspyrnuakademíu á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins sérstök vallasstjórn, jólasveinanefnd og minjaverndarnefnd ásamt afmælisnefnd þegar ástæða er til.

Í lok árs 2015 rann út þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss sem og samningur um rekstur íþróttavallarsvæðisins og er unnið að uppfærslu hans. Eins og undanfarin ár sér knattspyrnuakademíu um rekstur íþróttavallasvæðisins en það er íþróttavallarnefnd sem hefur yfirumsjón með rekstri vallarsvæðisins. Mótókrossdeild sá áfram um rekstur og uppbyggingu mótókrossbrautar. Júdódeild sá um rekstur íþróttahúss Sandvíkurskóla. Sunddeildin er með sína starfsemi í nýrri og endurbættri aðstöðu í Sundhöll Selfoss, Taekwondodeild er með starfsemi sína í æfingasal á annarri hæð í Baulu, íþróttahúsi Sunnulaekjarskóla en þar er fimleikadeildin einnig með alla sína starfsemi á jarðhæðinni. Handknattleiksdeildin er með alla sína aðstöðu í íþróttahúsi Vallaskóla. Þá rekur félagið skrifstofu, sem opin er allt árið, og félagsheimilið Tíbrá við Engjaveg 50. Unnið er að breytingum á félagsheimilinu sem miða að því að það verði þjónustumiðstöð fyrir félagið með fyrsta flokks skrifstofuaðstöðu fyrir starfsmenn félagsins.

Á hverju ári standa deildir félagsins fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu. Fimleikadeild hélt Nettómótið og Minningarmót Magnúsar Arnars auk árlegrar jólasýningar í desember. Frjálsíþróttadeild hélt 46. Grýlupottahlaupið á vordögum og Brúarhlaupið í byrjun ágúst. Handknattleiksdeild hélt tvö Landsbankamót á vordögum og Ragnarsmótið, í fyrsta sinn fyrir bæði kyn, á haustdögum. Júdódeild,



sunddeild og taekwondo héldu HSK-mót. Knattspyrnudeild hélt Guðjónsmótið í febrúar, Set-mótið í júní og Olísmótið í ágúst. Mótokrossdeild hélt bikarmót í júní á vegum MSÍ. Taekwondodeild hélt bikarkeppni TKÍ í október.

Getraunastarf skipar fastan sess í starfi félagsins þar sem hópur fólks hittist vikulega í félagsheimilinu Tíbrá og tippar yfir kaffibolla og góðu meðlæti frá Guðnabakarí, einnig eru stuðningsmannaklúbbar starfræktir í handknattleiks- og knattspyrnudeild.

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss var haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 16. apríl 2015. Í ársskýrslu félagsins kom m.a. fram að heildartekjur þess árið 2014 voru réttar 250 milljónir og varð nokkur hagnaður af rekstri félagsins. Íþróttafólk Umf. Selfoss 2014 fékk afhentar viðurkenningar, en það voru taekwondamaðurinn Daníel Jens Pétursson og knattspyrnukonan Guðmunda Brynja Óladóttir. Þá var fékk knattspyrnudeildin UMFÍ bikarinn sem deild ársins fyrir frábæran árangur meistaraflokks kvenna og Sveini Jónssyni, sem setið hafði í aðalstjórn félagsins í fjölda ára, var veittur Björns Blöndals bikarinn sem veittur er þeim einstaklingi sem unnið hefur félaginu vel.

Selfossþorablótið 2015 var í umsjón Umf. Selfoss og tókst vel þó mæting hafi verið minni en lagt var upp með. Líkt og undanfarin ár sá félagið um rekstur Íþrótt- og útivistarklúbbsins sem er fyrir börn á aldrinum 5–10 ára og er liður í þjónustusamningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg. Vegna vaxandi eftirspurnar voru að þessu sinni haldin fimm tveggja vikna námskeið frá 10. júní til 14. ágúst. Einstakar deildir stóðu fyrir sumarnámskeiðum. Knattspyrnudeild starfrækti Fótballaskólann, fimleikadeildin var með sumaræfingar og handknattleiksdeildin var með námskeið í upphafi sumars. Íþróttaskóli barnanna var starfræktur á vegum fimleikadeildarinnar í tíu vikur tvisvar á árinu fyrir yngstu börnin. Þá er ónefnt ungbarnasund, Guggusund, á vegum sunddeilda en boðið var upp á fjölda námskeiða fyrir ungabörn og upp að skólaaldri.

Íþróttastarf félagsins er umfangsmikið og hefur eflst jafnt og þétt undanfarin ár. Fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttagreinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum. Í fimleikum vann blandað lið Selfoss prefaldan sigur þegar það tryggði sér Íslands-, bikar- og deildarmeistaratitil í meistaraflokki í hóp fimleikum, þá varð liðið í sjöunda sæti á Norðurlandamótinu þar sem það keppti fyrir hönd Íslands. Auk þess hampaði fimleikafólk Íslandsmeistaratitli í 4. flokki kvenna og karla. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu náði sínum besta árangri frá upphafi í Pepsi-deildinni auk þess að komast annað árið í röð alla leið í úrslitaleik Borgunarbikarkeppinnar á Laugardalsvelli



Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir var útnefnd íþróttakona Árborgar 2015.

þann 29. ágúst. Á meðan barðist meistaraflokkur karla fyrir lífi sínu í neðri hluta 1. deildar. Meistaraflokkur kvenna í handknattleik bætti árangur sinni í Olís-deildinni og leiðin liggur áfram upp á við haustið 2015. Meistaraflokkur karla lék áfram í 1. deild og vantaði herslumuninn að komast upp í Olís-deildina. Hjá yngri flokkunum í handbolta vannst Íslandsmeistaratitill í 6. flokki karla og 3. flokkur kvenna komst í úrslit í bikarkeppni. Í einstaklingsíþróttum vannst fjöldi Íslands- og bikarmeistaratitla, 19 frjálsíþróttamenn stígu á pall sem Íslandsmeistarar og í samstarfi HSK/Selfoss sigraði liðið í öllum flokkum nema einum á MÍ 11–14 ára sem fram fór á Selfossi. Júdómenn unnu sjö Íslandsmeistaratitla auk eins titils á Norðurlandamóti og sama má segja um taekwondofólk sem fagnaði sjö Íslandsmeisturum og einum Norðurlandameistara. Þá urðu tveir mótokrosskappar Íslandsmeistarar.

Eins og fyrri ár var fjöldi einstaklinga innan deilda Umf. Selfoss kallaðir til ýmissa landsliðs-verkefna bæði hjá yngri og eldri iðkendum á vegum samsambanda ÍSÍ. 34 einstaklingar kepptu með landsliðum Íslands, yngri og eldri, á Norðurlandamótum og í undankeppnum EM og HM. Auk þess voru margir einstaklinga valdir á landsliðsæfingar og í úrvalshópa.

Metfjöldi ungmenna úr Umf. Selfoss tók þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Akureyri um verslunarmannahelgina.

Á héraðsþingi HSK var Bergi Pálssyni í júdódeild Umf. Selfoss veitt starfsmerki UMFÍ.

Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var 29. desember 2015 voru taekwondamaðurinn Daníel Jens Pétursson og handknattleikskonan Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir útnefnd íþróttakarlar og

íþróttakona Árborgar 2015. Á héraðsþingi HSK í mars 2015 var jafnframt tilkynnt að knattspyrnukonan Dagný Brynjarsdóttir hefði verið valin íþróttamaður HSK 2015.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 13 fundi á árinu og aðalstjórn fundaði 9 sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Framkvæmdastjóri situr í forvarnarhópi Sveitarfélagsins Árborgar sem fundar mánaðarlega og sat í starfshópi um framtíðarskipulag frístundaheimila í Árborg. Auk þess sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, ÍSÍ, UMFÍ, HSK, sersambanda og fleiri aðilum. Auk þess er gríðarmikið sjálfbóðaliðastarf unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða.

F.h. stjórnar,

Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri

Umf. Skeiðamanna

Í stjórn eru: Formaður: Lára Bergljót Jónsdóttir. Gjaldkeri: Ágúst Guðmundsson. Ritari: Sigríður Ósk Jónsdóttir.



Aðalfundur var haldinn þann 24. febrúar. Í janúar og febrúar voru haldin 3 spilakvöld í Brautarholti, spiluð var félagsvist þar sem heildarstigum var safnað fyrir öll kvöldin. Veitt voru verðlaun fyrir hvert kvöld og síðan fyrir heildarstig. Góð mæting. Hjónaball var haldið 28. mars og var vel sótt.

Sumardaginn fyrsta var víðavangshlaup. Þá var boðið upp á hressingu eftir hlaup og sund. Leikjanámskeið var haldið 8.–19. júní.



Þátttakendur á leikjanámskeiði HSK hjá Umf. Skeiðamanna.

María Carmen sá um námskeiðið og þátttakan var mjög góð. Þann 21. júní tókum við þátt í að halda keppnina „Brokk og skokk“. Þessi keppni er samstarfsverkefni Ungmennafélaga Skeiðamanna, Gnúpverja og Hrunamanna og Hestamannafélagsins Smára. Þetta er í 3. sinn sem keppnin er haldin.

Í jan-maí og sept-des stóð ungmenntafélagið í samstarfi við Umf. Gnúpverja fyrir íþróttaæfingum í samfellu við skólastarfið. Það var í boði fyrir 6–9 ára börn og var vel sótt. Jafnframt hefur félagið staðið fyrir íþróttaæfingum fyrir elsta árgang leikskólans þessi tímabil.

F.h. stjórnar,
Lára B. Jónsdóttir, formaður

Umf. Stokkseyrar

Stjórn: Gísli G Friðriksson, formaður, Hulda Gísladóttir, gjaldkeri, Valdimar Gylfason, ritari. Meðstjórnendur: Guðmundur Valur Pétursson, Hanna Sif Harðardóttir, Örvar Hugason.



Starf félagsins var í nokkuð föstum skorðum þetta árið. Á undanförunum árum höfum við verið að auka svölitið við okkur í framboði til heilsuefingar og íþróttastarfs og teljum okkur vera komin með ágætan grunn þótt það væri kannski gaman að bæta við svo sem einni íþróttagrein, enn það verður að biða betri tíma og rýmis.



Frá fimleikasýningu Umf. Stokkseyrar.

Við höldum okkar föstu liðum eins og undanfarin ár. Aðeins sýnist okkur hafa orðið aukning iðkenda í fimleikum og gaman að sjá að strákarnir eru aðeins að koma inn. Einnig hefur aukist að fólk nýti sér lyftingaraðstöðuna sér til heilsuefingar. Síðast en ekki síst er fótboltinn á sínum stað og þar hefur hópurinn verið að byggja upp aðstöðu sína hægt og rólega.

F.h. stjórnar,
Gísli G. Friðriksson, formaður

Umf. Vaka

Í stjórn Umf. Vöku árið 2015 sátu: Guðmunda Ólafsdóttir, formaður, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri, Erla Björg Aðalsteinsdóttir, ritari.



Aðalfundur félagsins var haldinn 4. janúar og allir stjórnar- og nefndarformenn gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa. Stjórnarfundir voru haldnir í lok hvers mánaðar og auk stjórnar voru allir nefndarformenn boðaðir á fundina sem voru haldnir til skiptis á heimilum stjórnamanna.

Störf formanns á árinu einkenndust af því að horfa til framtíðar. Á aðalfundi Umf. Vöku í byrjun árs var samþykkt tillaga um að vinna að stofnun nýs ungmenntafélags í Flóahreppi á grunni gömlu félaganna Umf. Baldurs, Samhygðar og Vöku. Í kjölfarið tók formaður félagsins sæti í sex manna undirbúningsnefnd sem vann að stofnun nýs félags sem fékk nafnið Umf. Þjótandi og var stofnað 16. nóvember 2015. Nýja félaginu er ætlað að taka við hlutverkum gömlu félaganna, eignum þeirra og félögum. Með nýja félaginu mun skapast betri vettvangur fyrir íþrótta- og félagsstarf barna og ungmenna í sveitarfélaginu.

Samstarf félaganna þriggja var að venju mikið á árinu og þá helst á vettvangi íþróttanna auk þess sem félögin stóðu saman að útgáfu Áveitunnar. Sameiginlegum íþróttaæfingum var fram haldið í Þingborg, fyrri hluta árs undir stjórn Árna Geirs Hilmarssonar og síðari hluta árs undir stjórn Örvars Rafns Hlíðdal. Ágúst Valgarð Ólafsson var með skákæfingar á vorönn og Stefán Geirsson sá um glímuæfingar. Hluti æfinganna fór fram í samfellu við skóla og það hefur gengið mjög vel. Farið var með keppendur á héraðsmót í frjálsum íþróttum, skák og glímu og keppt undir nafni sameiginlega keppnisliðsins Þjótanda. Þjótandi átti svo í fyrsta sinn lið á Hraðmóti HSK í blaki kvenna. Leikjanámskeið fór einnig fram sameiginlega í Þjórsárverri í júní undir stjórn Örvars Rafns og var mjög vel sótt.



Stúlur í 1.-4. bekk taka við viðurkenningu á Flóamótinu.

Stærstu viðburðir félagsins voru með hefðbundnu sniði á árinu. Þrettándagleðin var vel sótt og 39 einstaklingar hlupu viðavangshlaup á sumardaginn fyrsta. Þáttur Umf. Vöku á hátíðinni Fjör í Flóa var ljósmyndamaðarþon sem var haldið í annað sinn. Umf. Vaka tók einnig þátt í undirbúningi og framkvæmd 17. júní hátíðarhalds í Þingborg á Þjóðhátíðardaginn. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin sameiginlega fyrir allan Flóahrepp og standa ungmennafélögin að honum ásamt kvenfélögunum. Hátíðin gekk mjög vel og er að festa sig í sessi. Félagið hélt svo sína árlegu skötuveislu í Þjórsárverri á Þorláksmessu. Um 130 manns borðuðu saman að þessu sinni og áttu góða stund mitt í amstri jólaundirbúningsins. Tvö íþróttamót voru haldin á íþróttavellinum við Þjórsárver á árinu, Samhygðar- og Vökumótið þar sem Vaka hafði sigur í stigakeppninni og svo Flóamótið sem er grunnskólamót fyrir nemendur Flóaskóla og haldið sameiginlega af ungmennafélögunum þremur. Fleiri smærri viðburðir voru einnig haldnir á árinu s.s. hjólarall og reiðtúr.

Nú á aðalfundi Umf. Vöku 18. janúar 2016 var borin upp tillaga um að leggja félagið niður og láta eignir þess renna til Umf. Þjótanda. Tillagan var samþykkt samhljóða og Ungmennafélagið Vaka í Villingaholtshreppi þar með lagt niður eftir farsælt 80 ára starf.

F.h. stjórnar,
Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

Umf. Þjótandi

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir. Ritari: Magnús St. Magnússon. Gjaldkeri: Lilja Ómarsdóttir.

Ungmennafélagið Þjótandi var stofnað mánudaginn 16. nóvember í Félagslundi í Flóahreppi. Stofnfélagar voru 38 og það má með sanni segja að atburðurinn hafi verið stór stund í sögu hreppsins. Félagið fékk bráðabirgðaaðild að HSK 30. nóvember. Hinu



Stofnfélagar Þjótanda á stofnfundinum.

nýja ungmennafélagi er ætlað að taka við verkefnum Umf. Baldurs, Umf. Samhygðar og Umf. Vöku svo ungmenni Flóahrepps hafi sameiginlegan vettvang til þess að sinna íþrótt- og félagsmálum.

Stofnun félagsins átti sér nokkurn aðdraganda en frá árinu 2005 þegar Flóaskóli var stofnaður hafa félögin þrjú í Flóanum verið í miklu samstarfi. Haldnar hafa verið sameiginlegar íþróttæfingar og félögin hafa sent sameiginlegt keppnislið á héraðsmót HSK. Ákveðið var að taka skrefið til fulls og tillaga um að vinna að stofnun nýs félags var samþykkt á aðalfundum félaganna þriggja árið 2015. Allt árið 2015 starfaði svo sex manna undirbúningsnefnd sem undirbjó stofnun nýs félags.

Stjórn félagsins fundaði einu sinni á árinu og er spennit fyrir komandi verkefnum. Það er von okkar allra að Umf. Þjótandi verði jafn öflugt félag og fyrirrennarar sínir.

Umf. Þór

Árið 2015 var viðburðaríkt og skemmtilegt hjá deildum Ungmennafélagsins Þórs og mikil gróska innan félagsins almennt. Ef stiklað er á stóru yfir starf hverrar deildar fyrir sig ber þetta hæst:



Innan fimleikadeildar Þórs hefur starfið verið blómlegt. Helstu mót ársins voru HSK mót en þar kepptu þrír hópar frá Þór og urðu HSK meistarar í sínum flokkum. T1 lenti í 3. sæti í meistaraflokki b-liða í fyrirtækjamóti á Akureyri. Þá hélt deildin byrjendamót í febrúar þar sem 115 keppendur tóku þátt í mótinu.



Iðkendur Badmintondeildar Þórs 2015 í nýju æfingabólunum.

Sumarnámskeið var haldið innan deildarinnar og var ágætis þátttaka á því en einnig var sú nýjung tekin upp að halda fimleikanámskeið fyrir fullorðna sem mæltist vel fyrir og voru iðkendur margir. Í lok árs var Ásdís Birta Auðunsdóttir valin fimleikamaður ársins 2015.

Á starfsárinu 2015 innan vélhjóladeildar Þórs ber einna hæst að félagshúsinu var komið fyrir á sínum stað og ásókn í brautina var mikil. Gyða Dögg Heiðarsdóttir (16 ára) hlaut viðurkenningu frá ÍSÍ og var þar kosin mótorhjól- og snjósléðakona ársins 2015 ásamt því að vera kosin íþróttamaður Ólfuss 2015. Hún stóð sig mjög vel síðastliðið sumar og var með góða og örugga forystu í nánast öllum keppnum.

Starf Badmintondeildar Þórs gekk mjög vel fyrir sig. Þrír iðkendur voru valdir í úrtökuhóp fyrir unglingalandslið þau Jakob Unnar Sigurðarson U-15, Berglind Dan Róbertsdóttir U-17 og Axel Örn Sæmundsson í U-19. Hið árlega Þórsmót var haldið í febrúar. Þá var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn í maí þar sem bæði var keppt í unglinga- og fullorðinsflokkum. Í nóvember var svo haldið 36. Unglingamót HSK í Þorlákshöfn og voru heimamenn sigursælir á öllum þessum mótum. Einnig tóku krakkarnir þátt í hinum ýmsu mótum um land allt og stóðu sig með mikilli þrýði. Í lok árs var Berglind Dan Róbertsdóttir valin badmintonmaður ársins 2015.

Árið 2015 var farsælt í starfi hjá Frjálsíþróttadeild Þórs. Á mótum ársins náðist

ágætis árangur. Einkum hafa iðkendur Þórs átt góðu gengi að fagna á HSK mótum þar sem þeir eru ævinlega í fremstu röð. Þórskrakkarnir bættu nokkur HSK met á árinu og voru máttarstólpar í frjálsíþróttaliði HSK á meistaramótum ársins. Styrmir Dan Steinunnarson náði þeim glæsilega árangri að vera valinn í íslenska landsliðið í frjálsum íþróttum sem keppti á Smáþjóðaleikunum í Reykjavík í júní. Hann varð í 7. sæti í hástökki og náði lágmarki fyrir Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar. Þá hélt deildin tvö innanfélagsmót á árinu auk aðkomu að þeim HSK mótum sem haldin voru hér í Þorlákshöfn, á Selfossi, í Laugardalshöll og Kaplakrika. Í lok árs var Styrmir Dan Steinunnarson svo valinn frjálsíþróttamaður ársins 2015.

Starf körfuknattleiksdeildar Þórs hefur gengið vel á árinu og hefur meistaraflokkur Þórs verið í toppbaráttu í úrvalsdeild Íslandsmóts KKÍ ásamt því að vera komið í undanúrslit í bikarkeppni. Samstarf við önnur lið er mikið og má þar nefna unglingaflokk sem er í samstarfi við Reyni Sandgerði, 7. flokk í samstarfi við Hrunamenn og drengjaflokkur, sem varð Íslandsmeistari á síðustu leiktíð, í samstarfi við lið Grindavíkur. Þá eiga Þórsarar 3 stelpur sem leika með Njarðvík þar sem ekki næst í lið í kvennaflokkunum. Voru þær allar boðaðar á unglingalandsliðsæfingar nú fyrir júl. Margir leikmenn Þórs hafa keppt með yngri landsliðum KKÍ og síðastliðið sumar kepptu Halldór Garðar Hermannsson með U-18 ára

liði Íslands og Sigrún Elva Ágústsdóttir lék með U-15 ára liðinu. Einnig átti Þór A-landsliðsmanninn, Ragnar Ágúst Nathanaelsson, en hann lék með A-landsliði karla á Evrópumóti í Berlin í lok sumars.

Umf. Þórsmörk

Stjórnina skipa: Formaður: Árni Sigurpálsson. Ritari: Ólafur Rúnarsson. Gjaldkeri: Sigurður Steinarsson. Meðstjórn: Páll Eggertsson, Ólöf G. Eggertsdóttir.



Hinn árlega þrettándagleði var haldin að Goðalandi 10. janúar. Þótti takast vel til og skemmti fólk sér þrýðilega í bland við álfa og huldufólk. Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli hélt utan um flugeldasýningu.

Haldið var þriggja kvöldra spilakvöld, þar sem spiluð var félagsvist og var það auglýst um allt hérað. Vinningar voru veglegir en þátttakan hefur oft verið betri.

Félagið sá að venju um hátíðarhöld vegna 17. júní ásamt kvenfélagi Fljótshlíðar að Goðlandi. Hluti af fjáröflun félagsins hefur verið sláttur á Hlíðarendakirkjugarði eins og undanfarin ár. Á aðfangadag brugðu svo nokkrir félagar sér að venju í jólasveinabúning og heimsóttu börnin í sveitinni, með gjafir og gleði í farteskunni.



Frá árlegri þrettándagleði félagsins.

Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu voru Íþróttafélagið Mímir, Karatefélag Suðurlands, Umf. Ásahrepps, Umf. Njáll og Umf. Trausti.

Myndir úr starfinu



Knattspyrnukonan Dagný Brynjarsdóttir var valin íþróttamaður HSK árið 2014. Hún var fjarverandi við verðlaunaafhendinguna á Héraðþinginu á Flúðum en tók verðlauninum fagnandi þegar hún kom heim frá Þýskalandi.



Knattspyrnu-, frjálsíþrótt- og taekwondodeildir UMF. Selfoss fengu endurnýjaða viðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ árið 2015.



Metþátttaka var í frjálsíþróttaskóla UMFÍ á Selfossi.



Fyrsta stjórn Ungmennafélagsins Bjótanda í Flóahreppi.



Sigurlið Hamars á unglíngamóti HSK í badminton.

Myndir úr starfinu



Norræna skólahlaupið 2015 var sett í Sunnulekjarskóla á Selfossi.



Bikarlið HSK í Bikarkeppni FRI 15 ára og yngri.



Hörkubaráttu á endasprennum í 400 metra hlaupi 10 ára pilt á Héraðsleikum í Þorlákshöfn.



Starfsmenn 93. héraðsþings HSK sem haldið var á Flúðum.



Nokkrir verðlaunahafar á HSK-mólinu í taekwondo.

Framtíðin er full af möguleikum

Öllum þykir gaman að veita fyrir sér hvað framtíðin muni færa þeim af spennandi viðfangsefnum og áskorunum.

Okkar hlutverk er að auðvelda þér að leggja grunn að farsælli framtíð með traustri fjármálaráðgjöf.

Kynntu þér það sem við höfum að bjóða á arionbanki.is eða pantaðu viðtal hjá ráðgjafa til að ræða þína framtíð.

